



BAKK FÆR FIMM
STJÖRNUR ▶64



BÖRNIN ERU
BERSKJÖLDUÐ
Í NEPAL ▶36

Plús vikunnar

Costa Brava 18.-22. maí.

Flug, gisting og hálf tæði

Verð frá 45.260 kr.

plús
FERDIR
www.plusferdir.is

FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARBLAÐ

9. maí 2015

108. tölublað 15. árgangur

Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*



NÖRNIR Á ÍSLANDI

Sex íslenskar nornir segja frá
lífsspeki sinni og göldrum. ▶ 22



ÚR PÓLÍTÍK Í MALBIKIÐ

Jón Þór Ólafsson píratí ætlar að
víkja af þingi í haust og frelsa
hugann í líkamlegri vinnu. ▶ 28



ÖRLAGAGALDUR
KALLA TOMM

▶ 30

MALAR
KAFFI Í
PAKÍBÚÐ

Sonja Björk
Ragnarsdóttir
segir frá
eftirlætis-
staðnum.

▶ 32



FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



OPIÐ

um helgina

KOLAPORTIÐ



Kópavogur
60 ára

Þér er boðið
í afmæli!

Sjá bls. 77

SMÁRALIND



Kringlan


NÝJAR VÖRUR
Á AFSLÆTTI

KRINGLUKAST

OPIÐ LAUGARDAG 10-18
OPIÐ SUNNUDAG 13-18

20%
TIL
50%

VEÐUR



Fremur hæg norðaustlæg eða breytileg átt í dag. Skýjað með köflum og stöku él, en bjartviðri vestanlands. Hiti yfirleitt 0 til 8 stig, mildast á Suðvesturlandi.

SJÁ SÍÐU 54

GLEÐIFRÉTTIN

Vill selja skeiðina

Á mánudag var kokkur á Strikinu á Akureyri gripinn glöðvolgur í beinni útsendingu við að smakka á sósu með sömu skeið og hann notaði til að skenkja á diska viðskiptavina staðarins.

Maturinn var þó aldrei borinn fram. Eigandi staðarins lagði til að skeiðin, sem vakti mikið umtal, yrði boðin upp og upphæðin gefin til góðgerðarmála.



- kbg

FIMM Í FRÉTTUM: KVÓTASETNING OG KÖKUÁT



Oddný Harðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, telur frumvarp sjávarútvegsráðherra um kvótasetningu makrílveiða veita útgerðum aðgang að auðlindinni á silfurfati.



Charlotta Oddsdóttir, talsmaður Dýralæknafélags Íslands, sagði dýralækna ekki vera í verkfalli til að vera andstyggilega við bændur heldur sýna hvað þeir geri í þágu ríkisins.



Gunnar Bjarni Ragnarson, yfirlæknir lyflækninga krabbameina á Landspítala, benti á að staðan vegna verkfalls á spítalanum væri hrikaleg. Raunveruleg hættu væri á skaða og jafnvel dauðsföllum.



Patrycja Wittstock Einarsdóttir, sem flutti til Íslands frá Póllandi þegar hún var fimm ára, skipti um eftirnafn til að eiga auðveldara með að komast í atvinnuviðtöl.



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra fór úr þingsal til að fá sér köku á meðan verið var að ræða fyrirspurn Svandísar Svavarsdóttur, þingmanns Vinstri grænna, til hans.



ÁRBÆJARLÓNID Ekki er ráðlegt að fara út í nýttæmt lónsstæðið. FRÉTTABLAÐID/VALLI

Árleg tæming Orkuveitunnar á Árbæjarstíflu í gær:

Vona að urriðinn fari að sýna sig

UMHVERFISMÁL Starfsmenn Orkuveitu Reykjavíkur hleyptu í gær úr miðlunarlóninu við Árbæjarstíflu eins og venja er á þessum tíma árs. Viðsjárvert getur verið fyrir fólk að ganga út í lónið þar sem botninn er víða gegnsósa og gljúpur.

Veidimenn hafa frá því í byrjun maí kastað flugu fyrir urriða í efri hluta Elliðaáanna. Fáir fiskar hafa komið á land og er kuldatíðinni fyrst og fremst kennt um. Tæming lónsins vekur þeim hins vegar þá von að nú leiti urriðarnir úr lónsstæðinu og upp í veiðisvæðið ofar í ánni. - gar

Aflabrögð með ágætum: Kolmunnaskip í stöðugri brælu

SJÁVARÚTVEGUR Stöðugar brælu, má kalla, hafa verið á kolmunnamiðunum í færeysku lögsögunni allt frá því að íslensku skipin hófu veiðar.

Skip HB Granda, Faxi RE og Ingunn AK, leituðu til hafnar í Færeyjum vegna mikillar brælu og vöndrar veðurspár fyrr í vikunni, að sögn Hjalta Einarssonar, skipstjóra á Faxa, á vef fyrirtækisins.

Aflabrögð eru hins vegar ágæt, en kolmunninn hefur oft verið stærri á fyrri vertíðum.

Allt að 12 íslensk skip mega vera að veiðum í færeysku lögsögunni samtímis og hefur það fyrirkomulag ekki hamlað veiðum. - shá

Tveir búa saman á 20 fm:

Brýn þörf er á úrlausnum

HORNAFJÖRÐUR Í nýrri skýrslu sem greinir stöðu hjúkrunarheimila á Suðurlandi kemur fram að á Suðurlandi eru 260 hjúkrunarrými og 16 prósent þeirra eru tvíbýli. Það gera 42 hjúkrunarrými í tvíbýli.

Á Hornafirði eru 24 hjúkrunarrými í 13 herbergjum, tvíbýlin þar eru einungis 20 fm og sameiginlegt salerni frammi á gangi en viðmið velferðarráðuneytis segir til um að einkarými skuli vera 28 fermetrar.

Bæjarráð Sveitarfélagsins Hornafjarðar bókaði á fundi sínum á þriðjudag að brýn þörf væri á úrlausnum.

- kbg

Sjaldgæfir sniglar og sveppir í kirkjugarði

Í Hólavallagarði við Suðurgötu í Reykjavík er að finna gróður og dýr sem hvergi annars staðar þrífst á landinu og jafnvel í Evrópu allri. Fýluböllur, náfætla og loðbobbar eru þar á meðal. Þá er í garðinum mosi sem er á valista Evrópuráðs.

NÁTTÚRA Í Hólavallagarði halda til sniglar sem þekkjast hvergi annars staðar á Íslandi. Sniglarnir, svokallaðir loðbobbar (*trochulus hispidus*), eru á afmörkuðu svæði í kirkjugarðinum, suðausturhluta hans nálægt Hringbraut, og hætta sér ekki út fyrir þann reit.

Árni Einarsson líffræðingur segir þá lengi hafa haldið til á einu leiði í garðinum. „Þeir hafa haldið til í garðinum áratugum saman, leiðið umrædda var skreytt hörpuðiskum og bobbarir fundust undir þeim. Þeir eru enn í þeim hluta garðsins þar sem leiðið er.“

Gróður og dýralíf í garðinum er fjölbreyttara en víðast hvar annars staðar í miðborginni.

Heimir Janusarson, umsjónarmaður garðsins, segir hann einstakan að mörgu leyti en gróður og dýralíf veki furðu margra gesta garðsins. „Enginn vissi hvort tré myndu þrífast á Íslandi eða hvað þau yrðu stór þegar þau voru gróðursett í garðinum. Gróðurfar í garðinum er mjög fjölbreytt og talið er að í honum séu hundruð tegunda af jurtum og trjám. Þar vaxa meðal annars falleg hlyntré sem breskir gestir í garðinum falla í stafi yfir, greni, björk og reynir og sveppir sem finnast hvergi annars staðar á Íslandi og mosi sem er á valista Evrópuráðs.“

Eiginkona Heimis, Sólveig Ólafsdóttir, sagnfræðingur og áhugakona um garðyrkju, segir tilraunastarfseminu sem geri garðinn svo fjölskrúðugan því miður að dala. „Hér hafa verið gerðar skemmti-



GRÓÐURVIN Í BORG Sólveig Ólafsdóttir og Heimir Janusarson í Hólavallagarði sem þau telja fríðsælt afdrep í borginni. FRÉTTABLAÐID/STEFÁN

legar tilraunir til ræktunar og þær tiskubylgur sem hafa verið síðustu áratugi má allar greina í garðinum. En nú er þetta því miður svolítið að víkja fyrir öðrum hefðum.“

Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir sveppafræðingur staðfestir að í garðinum sé að finna sveppagróður sem finnst hvergi annars staðar á landinu. Frægastur fágætra sveppa sé svokallaður fýluböllur sem ber víst nafn með rentu. „Nafnið er alveg í stíl við alindið sem hann ber. Hann er rosalega fúll og notar lykt til að draga að sér fiskiflugur til að dreifa af sér gróum,“ segir hún.

Guðríður Gyða segir garðinn í miklu dálæti hjá sér, hann sé sérstök gróðurvin þar sem nýtt og fágætt líf kvikni. „Í



LOÐBOBBI Sniglarnir halda sig til á litlum reit í Hólavallagarði og hvergi annars staðar á landinu. MYND/WIKIPEDIA

garðinum eru gömul tré sem hafa ef til vill verið flutt að utan á sínum tíma. Þetta er gróðurvin í borgarlandinu með fjölbreyttum trjágróðri. Ég fann til dæmis nýja margfætlu í garðinum, náfætlu.“ kristjanabjorg@frettabladid.is

Sólarvika í Calpe

5. – 12. júní

Verð frá 74.900 kr.
eða 25.900 kr. á mánuði vaxtalaust í 12 mánuði*
m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
*Innifalið 3,5% lántökugjald – enginn aukakostnaður!

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is
VITA | Skógarhlíð 12 | Sími 570 4444

VITA er lífið

Sögulegur dómur felldur í Noregi yfir mönnum sem börðust með ISIS:

Þrír í fangelsi fyrir hryðjuverk

NOREGUR Þrír norskir ríkisborgarar voru í gær dæmdir í fangelsi fyrir að hafa gengið til liðs við samtökin „Íslamskt ríki“ í Sýrlandi. Mennirnir eru dæmdir eftir nýlegu ákvæði í norsku refsilöggjöfni, grein 147d.

Þetta er í fyrsta sinn sem reynir á þessa lagagrein og var niðurstöðu dómstólsins því beðið með nokkurri eftirvæntingu. Svein Holden, lögmaður eins manna, segir að dómnum verði áfrýjað.

Þyngsta dóminn, fjögurra ára og níu mánaða fangelsi, hlaut maður að nafni Valon Avdyli, en hann er upphaflega frá Albaníu. Bróðir hans, Visar Avdyli, hlaut vægasta dóminn eða sjö mánaða fangelsi. Þriðji maðurinn heitir Djibril Bashir, ættaður frá Sómalíu, og hlaut fjögurra ára og þriggja mánaða fangelsisdóm.



SVEIN HOLDEN Lögmaður Valons Avdyli komst í heimsfréttirnar þegar hann var verjandi norska hryðjuverkamannsins Anders Behring Breivik. FRÉTTABLAÐID/EPA

Holden segir Valon Avdyli ósáttan við dóminn: „Hann hefur alla tíð haldið því fram að hann hafi ekki verið félagi í „Íslamska rík-

inu“ og það er niúdrépanði fyrir hann að því hafi ekki verið trúað,“ er haft eftir Holden á vefsíðu dagblaðsins VG. - gb

7.-11. MAÍ
FIMMTUDAG TIL MÁNUDAGS

KRINGLU KAST

20%
— TIL —
50%

NÝJAR VÖRUR
Á AFSLÆTTI

EUROVISION
TÓNLEIKAR KL. 14

María Ólafs og hópurinn hennar
kemur fram ásamt Friðriki Dór.
Komdu og sjáðu flutning á „Unbroken“,
sjáðu kjólinn og fáðu eiginhandararitun.

Kringlan

OPIÐ LAUGARDAG 10-18
OPIÐ SUNNUDAG 13-18

4.5.2015 → 10.5.2015


10

MANN

smituðust af HIV
árið 2014 hér á
landi.200 SJÚKLINGUM
með lifrabólgu C

stendur einungis til boða lyf sem þykja úrelt.

3. SÆTIÐ ER ÍSLANDS

yfir hvar
best er að
vera móðir í
heiminum.

32%

ER FYLGI PÍRATA

samkvæmt nýjstu könnun MMR.

100 krabbameinssjúklingar
fengu ekki undanþágu
til að undirgangast rannsóknir á Landspítalanum

326 FLÓTTAMÖNNUM

þjargaði skip Gæslunnar,
Týr, af tveimur litlum
bátum norður af Líbú.673 FRAMHALDSSKÓLANEMAR
hættu námi á haustönn 2014

30.500 MANN

skrifuðu í vikunni undir áskorun til forseta
Íslands um að vísa makrílfurvarpi sjávar-
útvegsráðherra í þjóðaratkvæðagreiðslu.SANDRA BRÁ Skyldur sveitarstjóra við
meirihluta eru gagnrýndar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVANýr sveitarstjóri á Klaustri:
Sérstakir fundir
með meirihluta

SVEITARSTJÓRNIR „Teljum við að með þessu ákvæði sé verið að útiloka lýðræðislega og opna umræðu um verkefni sveitarfélagsins,“ segja fulltrúar minnihlutans í hreppsnefnd Skaftárhrepps vegna ákvæðis í ráðningarsamningi nýs sveitarstjóra um að hann haldi „reglulega fundi með meirihluta sveitarstjórnar þar sem farið er yfir stöðu helstu mála“. Minnihlutamenn sátu af þessum sökum hjá þegar sveitarstjórnin staðfesti ráðningarsamning við Söndru Brá Jóhannsdóttur.

-gar

Nýr ríkissáttasemjari í júní:
Átta sækjast
eftir starfanum

STJÓRNSÝSLA Átta sóttu um embætti ríkissáttasemjara en frestur til að sækja um stöðuna rann út í vikunni. Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, hefur skipað þrjú manna nefnd til að skipa í embættið frá og með 1. júní 2015 til næstu fimm ára. Fjórar konur og fjórir karlar sóttu um embættið, þau Bryndís Hlökkversdóttir, Dagný Rut Haraldsdóttir, Erna Einarisdóttir, Kolbrún Ásta Bjarnadóttir, Guðjón Helgi Egilsson, Guðmundur Halldórsson, Þorsteinn Þorsteinsson og Þórólfr Geir Matthíasson.

-kbj

Öryggi sjúklinga ekki tryggt

Forstjóri Landspítalans fer hörðum orðum um Félag geislafræðinga. Mikilvægt sé að leysa þá hnökra sem hafi orðið á afgreiðslu undanþágubeiðna. Öryggi sjúklinga sé stefnt í hættu. Læknisfræðilegt mat verði að ráða för.

VINNUMARKAÐUR Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans, óttast um öryggi sjúklinga spítalans í verkfallsaðgerðum BHM. Verkfall félagsmanna fjögurra aðildarfélaga BHM sem starfa á spítalanum hefur nú staðið í þrjátíu og þrjú daga og ekki sér fyrir endann á deilunni.

Páll gagnrýnir Félag geislafræðinga harðlega og segir undanþágunefnd félagsins ekki láta læknisfræðilegt mat ráða för þegar undanþágubeiðni eru metnar hjá félaginu. „Á Landspítala má búast við sveiflum í starfsemi og því ríður á að læknisfræðilegt mat sé forsenda undanþága frá verkföllum. Þetta hefur að mestu gengið eftir hér, þó með þeirri undantekningu að Landspítali hefur gert alvarlegar athugasemdir við afgreiðslu undanþágubeiðna Félags geislafræðinga. Mikilvægt er að þeir hnökra sem orðið hafa þar leysist strax, það má ekki dragast,“ segir Páll.

Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra segir ekki koma til greina að setja lög á verkföll eins og staðan er í dag en gagnrýnir einnig undanþágunefnd geislafræðinga. „Læknar óska ekki eftir undanþágum nema í algjörum undantekningartilvikum því þeir virða rétt stétta til að fara í verkföll. Það er skilningur hjá okkur fyrir því að reyna að gera verkfallið sem léttbærast fyrir okkar allra veikustu einstaklinga,“ segir Kristján Þór.

„Verkfall af þessu tagi hefur veruleg áhrif á starfsemi spítalans,“ segir Páll. „Ljóst þykir að áhrifin eru umtalsvert meiri og alvarlegri en af nýyfyrirstöðnu læknaverkfalli. Yfirstandandi verkfall, sérstaklega geislafræðinga sem eru í ótímabundnu verkfalli, hefur valdið verulegum áhrifum á meðferð sjúklinga,“ segir Páll. Fresta hefur þurft fjölda skurðaðgerða, þúsundum rannsókna og hundruð koma sjúklinga á dag- og göngudeildir hafa fallið niður vegna verkfalls BHM.



LANDSPÍTALINN Undanþágubeiðnum sem lagðar hafa verið fyrir Félag geislafræðinga hefur flestum verið hafnað. Forstjórnin er óánægð með stöðuna og segir öryggi sjúklinga ótryggt á spítalanum.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Ekkert miðar áfram í kjara-deilunni. Deilan skapar mikil og alvarleg vandræði á sjúkrahúsum landsins og er staðan orðin hrikaleg að mati Gunnars Bjarna Ragnarssonar, yfirlæknis á krabbameinsdeild Landspítalans. Páll Halldórsson, formaður BHM, segist vonast til að sjá einhver spil á næsta fundi BHM með samninganefnd ríkisins.

„Næsti fundur er settur á mánudaginn. Síðasta fundi var slitið með þeim orðum að ekki yrði boðað til nýs fundar fyrr en ríkið hefði eitt-hvað fram að færa á fundinum. Hins vegar veit ég ekkert hvaða spil það eru sem ríkið mun leggja á borðið

og það verður bara að koma í ljós,“ sagði Páll.

Páll Matthíasson segir vinnuá- stæður á Landspítalanum grafalvarlegar og mikið liggja við. Líklegt er að sjúklingar bíði skaða af verkfallsaðgerðum BHM. „Hvað meðferð krabbameinssjúkra varðar þá er staðfest að tafir hafa orðið í lyfjameðferðum, biðlistar fyrir geislameðferðir hafa lengst fram úr hófi og rof hefur orðið í meðferð sjúklinga. Niðurstaða okkar helstu sérfræðinga er að mikil hættu sé á því að krabbameinssjúklingar í rannsóknum, meðferð eða eftirliti á Landspítala geti orðið fyrir skaða.“

sveinn@frettabladid.is



Yfir-
standandi
verkfall,
sérstaklega
geislafræðinga
sem eru í
ótímabundnu
verkfalli, hefur valdið
verulegum áhrifum á
meðferð sjúklinga.

Páll Matthíasson,
forstjóri Landspítalans

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri harðorður um frumvarp forsætisráðherra:
Vernd byggðar ekki til ráðherra

BORGARMÁL Skipulagsstofnun efast um að eðlilegt geti talist að forsætisráðherra sé falið það hlutverk að meta verndargildi byggðar, eins og frumvarp Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra um verndarsvæði í byggð gerir ráð fyrir.

SIGMUNDUR
DAVÍÐ GUNN-
LAUGSSON

arstjórn og/eða Minjastofnun eins og áður. „Vandséð er einnig við hvaða aðstæður það getur átt við að ráðherra taki ákvörðun um verndun byggðar án ráðgjafar eða gegn ráðgjöf Minjastofnunar þar um.“

Að mati Skipulagsstofnunar getur þetta fyrirkomulag haft í för með sér að tekin sé ákvörðun um verndarsvæði sem byggist ekki á hlutlægum og faglegum grundvelli,“ segir í umsögn stofnunarinnar um frumvarpið.

Á þetta benti Dagur B. Eggertsson borgarstjóri í gær.

Dagur skrifar: „Verði frumvarpið að lögum hefur lögbodnu samráði, kærufurli og bótaákvæði skipulagslaga verið kippt úr sambandi og stjórnsýsla verndunarmála ferðast 50 ár aftur í tímann.“

-shá



Verði frumvarpið að lögum hefur lögbodnu samráði, kærufurli og bótaákvæði skipulagslaga verið kippt úr sambandi og stjórnsýsla verndunarmála ferðast 50 ár aftur í tímann.

Dagur B. Eggertsson,
borgarstjóri Reykjavíkur

Par sem ferðalagið byrjar

Korputorg
112 Reykjavík
Sími 551 5600
utilegumadurinn.is


Útilegu
maðurinn
SEGLAGERÐIN ÆGIR

Opið mán-fös kl. 10-18 - lau-sun kl. 12-16


Rannsóknir staðfesta góðan árangur í umhverfismálum

Vöktun umhverfis í Hvalfirði er líklega sú umfangsmesta á Íslandi. Óháðir aðilar – m.a. Háskóli Íslands, Náttúrufræðistofnun, Nýsköpunarmiðstöð og Landbúnaðarháskólinn – fylgjast með 80 mælipáttum á landi, í sjó og í andrúmsloftinu.

Losun flúors
(kg / mt Al)



Losun SO₂
(kg / mt Al)



Niðurstöður allra mælinga sýna að umhverfisáhrif álframleiðslu Norðuráls eru langt innan þeirra ströngu marka sem fyrirtækinu eru sett í starfsleyfi. Við fögnum þeim góða árangri sem náðst hefur.

Það er okkur metnaðarmál að standast ekki aðeins opinberar kröfur, heldur ganga mun lengra í takmörkun umhverfisáhrifa. Þannig hefur okkur til dæmis tekist að draga verulega úr losun flúors og SO₂ á meðan framleiðslan hefur aukist.

SVONA ERUM VIÐ



12.000 veiðikort voru gefin út af Umhverfisstofnun árið 2014.

Heimild: Umhverfisstofnun

Forstjórar Heklu og Samgöngustofu fóru fyrsta hringinn í nýjum veltibíl Brautarinnar og Ökuskóla 3:

Gamli veltibíllinn tók dýfu í Sundahöfn

SAMGÖNGUR Gamli veltibíllinn endaði í Sundahöfn á sama tíma og Hekla afhenti Brautinni, bindindisfélagi ökumanna, og Ökuskóla 3 nýjan veltibíl.

Þórolfur Árnason, forstjóri Samgöngustofu, og Friðbert Friðbertsson, forstjóri Heklu, fóru fyrsta hringinn á nýja veltibílum.

„Veltibíllinn hefur gegnt mikilvægu hlutverki í forvarnarstarfi hér á landi og er stór þáttur í áttinu til að hvetja alla til að nota bílbelti. Þeir sem prófa veltibíllinn

finna hversu gríðarlega mikilvægt það er að spenna beltið áður en haldið er af stað,“ sagði Þórolfur.

Gamli bíllinn var kvaddur með dýfu í höfnina til að minna fólk á að högg á vatni getur reynst ökuþögnu hættulegt.

„Það skiptir máli að fólk átti sig á hvað það er sem gerist þegar bíll fer í sjóinn. Jafnvel þótt hraðinn sé lítil er höggið á þá sem inni í bílnum eru talsvert og getur rotað þá,“ sagði Einar Guðmundsson, formaður Brautarinnar.



HÖGG Á VATNI Bílbeltanotkun er nauðsynleg ef bíll fer í sjóinn. MYND/BRAUTIN



Aðalfundur 2015

Aðalfundur Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga verður haldinn þann

18. maí kl. 13:00-16:30
á Grand Hótel Reykjavík

Skráning og dagskrá á www.hjukrun.is.

Hjúkrunarfræðingar eru hvattir til að fjölmenna á fundinn.



CAMERON HRÓSAR SIGRI Hann sagðist meðal annars ætla að standa við loforð um þjóðaratkvæðagreiðslu, þar sem Bretum stæði til boða að ganga úr Evrópusambandinu. NORDICPHOTOS/AFF

Cameron vann sigur

Ed Miliband, Nick Clegg og Nigel Farage sögðu allir af sér í gærmorgun þegar úrslit þingskosninganna í Bretlandi voru orðin ljós. Íhaldsflokkur Camerons náði hreinum meirihluta þrátt fyrir að hafa ekki bætt við sig nema 0,8 prósentum.

BRETLAND David Cameron, leiðtogi breska Íhaldsflokksins, gekk í gærmorgun á fund Elísabetar drottningar til að upplýsa hana um sigur sinn í þingskosningunum á fimmtudag. Flokkurinn náði hreinum meirihluta og þarf ekki á samstarfsflokki að halda næsta kjörtímabilið.

Í sigurávarpi sínu sagðist hann meðal annars ætla að standa við boða að þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild Bretlands að Evrópusambandinu.

Stjórnarandstaðan beið hins vegar afhroð. Leiðtogar Verkamannaflokksins, Frjálslyndra demókrata og Breska sjálfstæðisflokksins, þeir Ed Miliband, Nick Clegg og Nigel Farage, sögðu af sér hver á fætur öðrum.

„Ég tek fulla og alla ábyrgð á niðurstöðunni og ósigri okkar í þessum kosningum,“ sagði Miliband þegar ljóst var að Verkamannaflokkurinn myndi tapa tugum þingmanna.

Hann sagðist vilja segja af sér án tafar vegna þess að flokkurinn þurfi að hefja opnar og hreinskilnar umræður um framhaldið, og skýrði jafnframt frá því að Harriet Harman varaleiðtogi tæki við af honum til bráðabirgða, þangað til nýr leiðtogi yrði kjörinn. „Baráttan heldur áfram,“ sagði Miliband í ávarpi sínu til flokksmanna og fullyrti að Bretland þyrfti nauðsynlega á sterkum Verkamannaflokki að halda.

Nick Clegg sagði sömuleiðis af sér strax í gærmorgun og sagðist bera fulla ábyrgð á tapi Frjálslyndra flokksins, sem hrundi bókstaflega í fylgi eftir að hafa verið eitt kjörtímabil í ríkisstjórn með Cameron.

Flokkurinn fékk ekki nema átta þingsæti á 650 manna þjóðþingi Bretlands, og hefur aldrei haft jafn fáa þingmenn frá stofnun flokksins fyrir tæpum þremur áratugum. Lægst fóru Frjálslyndir í 20 þingmenn árið 1992 og var flokkurinn þá með 18 prósent fylgi, en náði ekki nema 7,8 prósent fylgi nú.

Úrslit þingskosninganna

	2015 Þingsæti	Breyting frá 2010		
		Hlutfall	Þingsæti	Hlutfall
Íhaldsflokkurinn	331	36,9	+24	+0,8
Verkamannaflokkurinn	232	30,4	-26	+1,5
Skoski þjóðarflokkurinn (Skotlandi)	56	4,7	+50	+3,1
Frjálslyndir demókratar	8	7,9	-49	-15,2
Breski sjálfstæðisflokkurinn	1	12,6	+1	+9,5
Græningjar	1	3,8	0	+2,8
Sambandsmenn (N-Írlandi)	8	0,6	0	0
Sinn Fein (N-Írlandi)	4	0,6	-1	0
Sósíaldemókrataflokkurinn (N-Írlandi)	3	0,3	0	0
Plaid Cymru (Wales)	3	0,6	0	0

Óútreiknanlegt kosningakerfi

Breska kosningakerfið er dálítið óútreiknanlegt, eins og sjá má af því að Íhaldsflokkurinn og Verkamannaflokkurinn bættu báðir við sig órlitlu fylgi frá kosningunum 2010: Íhaldsflokkurinn 0,8 prósentum en Verkamannaflokkurinn 1,5 prósentum.

Þetta skilaði Íhaldsflokknum hins vegar 23 þingmönnum en Verkamannaflokkurinn tapaði 26 þingmönnum.

Einu umtalsverðu fylgishreyfingarnar í þessum kosningum voru stórtap Frjálslyndra demókrata, ásamt yfirburðasigrí Skoska þjóðarflokksins í Skotlandi og mikilli fylgisaukningu Breska sjálfstæðisflokksins.

Skoski þjóðarflokkurinn fékk svo 56 þingmenn út á 4,7 prósent fylgi, en Breski sjálfstæðisflokkurinn aðeins einn þingmann út á 12,6 prósent fylgi.

Þetta skýrist allt af því að kosid er í einmenningskjördæmum, þannig að flokkur getur til dæmis fengið þokkalegt fylgi á landsvísu án þess að ná meirihluta í mörgum kjördæmum, og þar með fáa þingmenn.

Clegg reyndi þó að bera sig mannalega og sagði engan vafa leika á því að stjórnaþátttakan hafi orðið til þess að Bretland sé nú „miklu sterkara, sanngjarnara, grænna og frjálslyndara en það var fyrir fimm árum“.

Nigel Farage, hinn skrautlegi leiðtogi Breska sjálfstæðisflokksins (UKIP), beið heldur ekki boðanna og sagði af sér þegar ljóst var að hann sjálfur kæmist ekki á þing í kjördæmi sínu.

„Ég er maður orða minna,“ sagði hann og vísaði til loforðs um að hann myndi segja af sér næði hann ekki kjöri. Flokkur hans vann samt töluverðan sigur með því að ná 12,6 prósent fylgi, en sá sigur skilaði

flokknum ekki nema einum þingmanni.

Það er samt meiri árangur en áður því þetta er í fyrsta sinn sem flokkurinn nær manni inn á þingið í Bretlandi. Farage situr hins vegar á Evrópuþinginu og heldur vafalaust ótrauður áfram baráttu sinni gegn Evrópusambandinu.

Stórsigur Skoska þjóðarflokksins, sem bætti við sig 50 þingmönnum og rústaði Verkamannaflokknum í Skotlandi, dugar ekki til að koma flokknum í þá lykilstöðu sem skoðanakannanir höfðu bent til, þar sem Íhaldsflokkurinn situr nú einn að völdum á breska þinginu með hreinum meirihluta.

gudsteinn@frettabladid.is

Útsala
30-70% afsláttur

Útsala á erlendum bókum og völdum kaupfélagsvörum til 15. maí í Bóksölu stúdenta á Háskólatorgi.

KAUFFÉLAG stúdenta

bóksala stúdenta

Háskólatorgi www.boksala.is s. 5 700 777
www.facebook.com/boksala

STÓRI BARNAVÖRUMARKAÐURINN
9. - 10. maí
Kl. 12 - 17

SALASKÓLA
VERSÖLUM 5, KÓPAVOGI

Tilboð
Bækur
Stefsmekkir
Jafnvægishjól
Húfur og vettlingar
Barnaföt og leikföng
Margnota tíðarvörur
Medgöngusokkabuxur
Kerrur og barnavagnar
Blómabað og handklæði
Taubleyjur og fylgihlutir
Grænt og umhverfisvænt
Bílstólar og bílstólapokar
Húðvörur og ilmkjarnaoljur
Brjósttagjafapúðar og lekahlífar
Íslensk hönnun og fagleg ráðgjöf

VERIÐ VELKOMIN Í Markaðurinn er opin allra helgina frá kl 12-17

ATH! Ekki eru allar verslanir með þessa

FRÍHAFNARDAGAR



**TAX
FREE**

**SNYRTIVÖRU
DAGAR**

DAGANA 7.-11. MAÍ
AFNEMUM VIÐ VIRÐISAUKASKATT*
AF ÖLLUM SNYRTIVÖRUM

*Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,35% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



Verkalýðsfélagið Hlíf

Verkfallsboðun á almennum vinnumarkaði Póstatkvæðagreiðsla er hafin

Hjá Verkalýðsfélaginu Hlíf er hafin allsherjar póstatkvæðagreiðsla sem nær til allra félagsmanna sem vinna samkvæmt aðalkjarasamningi Vlf. Hlífvar við Samtök atvinnulífsins fyrir störf á almennum vinnumarkaði.

Atkvæðisrétt eiga allir félagsmenn sem vinna eftir þessum samningum Verkalýðsfélaginu Hlíf í mars/apríl 2015.

Kjörgögn og kynningarefni hefur verið sent út samkvæmt kjörskrá.

Fái einhver sem telur sig eiga atkvæðisrétt ekki send kjörgögn, getur viðkomandi snúið sér til skrifstofu Vlf. Hlífvar að Reykjavíkurvegi 64, 220 Hafnarfirði og fengið sig færðan á kjörskrá og greitt atkvæði, enda leggi viðkomandi fram launaseðil/gögn sem metin eru fullnægjandi, sem sanni að hann eigi atkvæðisrétt.

Tekið er við kjörskrárkærum samkvæmt framansögðu til kl. 12.00 miðvikudaginn 20. maí en þá lýkur atkvæðagreiðslu um verkfallsboðun.

Athugið. Til þess að tryggja sé að atkvæðið berist kjörstjórn fyrir lok tímabrests þá er nauðsynlegt að **póstleggja svarumslagið í síðasta lagi mánudaginn 18. maí.**

Peir sem það vilja geta skilað svarumslaginu á skrifstofu Vlf. Hlífvar til kl. 12.00 miðvikudaginn 20. maí.

Hafnarfirði, 7. maí 2015.
Kjörstjórn
Verkalýðsfélagsins Hlífvar

Á götunni í tæpa fjóra mánuði vegna veikinda

Erika E. Inderyanti segist ráðalaus eftir að hafa misst íbúð sína sem hún leigði hjá Félagsbústöðum. Erika segist hafa komist í vanskil vegna veikinda og í kjölfarið gert að flytja. Síðan hefur hún verið upp á vini komin með gistingu fyrir sig og son sinn.

SAMFÉLAGSMÁL Erika E. Inderyanti hefur verið á götunni í tæpa fjóra mánuði eftir að hún missti íbúð sem hún leigði hjá Félagsbústöðum. Röð atvika varð til þess að Erika hætti að geta borgað af íbúð sinni og safnaði upp skuld sem fljótlega varð henni ofviða að borga.

„Ef ég ætti við fíkniefna- eða drykkjuvandamál að stríða þá myndi ég fá stað til að búa á en veikindi mín duga ekki,“ segir Erika sem er orðin úrkula vonar um að fá þak yfir höfuðið.

Fjallað var um stöðu Eriku í fréttum Stöðvar 2 í apríl en hún hefur búið hér á landi í 22 ár.

Undanfarin fimmán ár hefur hún glímt við ýmis veikindi sem hafa orsakað það að í dag er hún 75 prósent öryrki. Hún á tvo syni, annar er fluttur utan í nám en hinn er að klára Verzlunarskólann.

„Ég hef alltaf unnið þegar ég hef getað það. Ég hef alltaf verið dugleg og lagt áherslu á að synir mínir geti menntað sig og með aukavinnunni tókst mér að borga leiguna. Þegar ég veiktist þá gat ég ekki unnið og hætti að geta borgað. Systir mín sem býr úti veiktist líka og ég varð að hjálpa henni að komast í bráðaaðgerð, það kostaði mikla peninga og ég er líka enn að borga af því,“ segir hún en sonur hennar hefur líka unnið með skólanum til þess að borga skólagjöld sín.

Skuldin hlóðst upp og þegar hún var komin upp í um 700 þúsund krónur fékk hún tilkynningu um að hún yrði borin út úr íbúðinni. „Ég þorði þá ekki annað en að flytja út en svo er mér sagt eftir á að það hafi verið mestu mistökinn því þannig virðist ég hafa stimplað mig út



RÁÐALAUS Erika segist vera ráðalaus þar sem hún hafi ekki efni á leigja á almenna markaðnum og fái ekki íbúð hjá Félagsbústöðum. FRÉTTABLAÐID/ANDRI

„Ég hef alltaf unnið þegar ég hef getað það. Ég hef alltaf verið dugleg og lagt áherslu á að synir mínir geti menntað sig og með aukavinnunni tókst mér að borga leiguna.“

Erika. E. Inderyanti

úr kerfinu,“ segir Erika sem segist hafa reynt árangurslaust að fá hjálp hjá félagsmálayfirvöldum við að koma undir sig fótunum á ný.

Erika og sonur hennar hafa fengið að gista hjá vinafólki á meðan en hún segist vera orðin úrkula vonar um að mál hennar leysist. Hún getur ekki leigt á almennum leigu-

markaði og sér ekki fram á að fá íbúð hjá Félagsbústöðum. Hún geti ekki reitt fram peninga fyrir tryggingu og leigan sé of há.

Samkvæmt upplýsingum frá Elfu Björk Ellertsdóttur, upplýsingafulltrúa hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar, getur borgin ekki tjáð sig um einstaka mál.

Hins vegar sé það mjög fágætt að fólk missi íbúðir sínar hjá Félagsbústöðum. Alltaf sé reynt að finna lausnir fyrir fólk og er það hvatt til þess að leita sér einstaklingsráðgjafar hjá þjónustumiðstöðvum borgarinnar en það hefur Erika gert en að hennar sögn ekki fengið úrlausn sinna mála. Elva bendir einnig á að úrræði eins og Konukot sé opið fyrir aðra en þá sem eigi við fíknivanda að stríða.

viktoria@frettabladid.is

Til hvers að flækja hlutina?

365

SJÁLFKRAFA Í BESTA PREP!

365.is | Sími 1817



Ársfundur 2015

Ársfundur Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga verður haldinn þriðjudaginn 26. maí kl. 16.30 í húsaýnum BSRB að Grettisgötu 89, Reykjavík.

Dagskrá

1. Venjuleg ársfundarstörf samkvæmt samþykktum sjóðsins
2. Önnur mál löglega upp borin

Allir sjóðsfélagar sem og launagreiðendur og viðkomandi stéttarfélag eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti og eru þeir hvattir til að mæta. Fundargögn verða afhent á fundarstað fyrir setningu fundarins.

Reykjavík, 5. maí 2015
Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga

Í stjórn LSS eru: Kristbjörg Stephensen, formaður, Garðar Hilmarsson, varaformaður, Benedikt Valsson, Elín Björg Jónsdóttir, Salóme A. Þórisdóttir og Sigurbergur Ármannsson.
Frankvæmdastjóri er: Gerður Guðjónsdóttir.



Lífeyrissjóður
starfsmanna sveitarfélaga

Yfirlit yfir afkomu ársins 2014

Efnahagsreikningur	A-deild	V-deild	B-deild	S-deild	Samtals 2014	Samtals 2013
Húseignir og lóðir	94.271	17.899	0		112.170	116.200
Verðbréf með breytilegum tekjum	25.773.101	4.893.599	1.076.729	527.449	32.270.878	27.701.922
Verðbréf með föstum tekjum	41.909.967	7.957.543	3.027.615	602.838	53.497.962	48.977.390
Veðskuldabréf	5.534.651	1.050.877		233.915	6.819.443	6.464.354
Bankainnistæður	1.961.510	372.436	290.474	263.373	2.887.794	1.310.815
Aðrar fjárfestingar	87.741	16.659	0		104.400	339.369
Kröfur	1.235.711	234.627	(62.150)	1.228	1.409.416	1.186.853
Aðrar eignir	1.141.990	216.832	43.572	37.188	1.439.582	646.500
Skuldir	(254.224)	(48.270)	(70.895)	(1.703)	(375.092)	(186.161)
Hrein eign til greiðslu lífeyris	77.484.717	14.712.203	4.539.261	1.430.374	98.166.554	86.557.242

Breyting á hreinni eign	A-deild	V-deild	B-deild	S-deild	Samtals 2014	Samtals 2013
Iðgjöld	6.341.908	2.083.556	718.125	69.997	9.213.587	8.114.425
Lífeyrir	(1.534.791)	(111.876)	(992.792)	(72.902)	(2.712.362)	(1.866.562)
Fjárfestingatekjur	4.287.186	782.006	284.450	72.841	5.426.483	6.583.260
Fjárfestingagjöld	(133.789)	(23.394)	(25.249)	(2.989)	(185.422)	(210.900)
Rekstrarkostnaður	(87.536)	(15.306)	(28.700)	(1.432)	(132.974)	(106.821)
Hækkun á hreinni eign á árinu	8.872.978	2.714.985	(44.167)	65.515	11.609.312	12.513.403
Hrein eign sameinaðra sjóða						4.360.581
Hrein eign frá fyrra ári	68.611.738	11.997.218	4.583.427	1.364.858	86.557.242	69.683.258
Hrein eign til greiðslu lífeyris	77.484.717	14.712.203	4.539.261	1.430.374	98.166.554	86.557.242

Kennitölur	A-deild	V-deild	B-deild	S-deild leið I	S-deild leið II	S-deild leið III
Nafnávöxtun	5,7%	5,7%	6,5%	5,9%	3,4%	2,9%
Raunávöxtun	4,6%	4,6%	5,4%	4,9%	2,4%	1,9%
Raunávöxtun 5 ára meðaltal	3,6%	3,6%	-	4,6%	4,5%	2,5%
Fjöldi sjóðsfélaga	10.657	4.792	201	177	69	42
Fjöldi lífeyrisþega	2.699	626	923	12	3	7
Rekstrarkostnaður í % af eignum	0,1%	0,1%	0,6%	0,1%	0,1%	0,1%
Eignir í íslenskum krónum í %	85,0%	85,0%	93,1%	60,0%	92,2%	100,0%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum í %	15,0%	15,0%	6,9%	40,0%	7,8%	0,0%
Eignir umfram heildarskuldbindingar í %	-12,3%	4,7%	-22,1%			
Eignir umfram áfallnar skuldbindingar í %	-8,1%	2,5%	-84,4%			

40
BEIN LEIÐ Í 40 ÁR

1975 | Bílabúð Benna | 2015



OPEL CASCADA

VILTU HITTA MIG UM HELGINA?

Ég verð í bílasýningunni í Fífunni – hlakka til að sjá þig!

Verið velkomin á Allt á hjólum í Fífunni um helgina, 9 til 10 maí og kynntu þér fjölbreytta og stórglæsilega línu bifreiða frá Opel, frítt inn.

Nánari upplýsingar á opel.is og benni.is.

Bílabúð
Benna
Sérfræðingar í bílum

Reykjavík
Tangarhöfða 8
590 2000

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
420 3330

Opnunartími Fífunnar
Laugardag frá 11 til 18.
Sunnudag frá 12 til 17.

Sýningarsalur Opel, Tangarhöfða 8 verður lokaður um helgina.



Wir leben Autos.

Jesús svaraði:
Ef Guð væri faðir yðar mynduð þér elska mig því að frá Guði er ég út genginn og kominn.

Gylfi og Guðlaugur tókust á um tilurð foreldraorlofs

Forseti ASÍ segir erfitt að leggja mat á óbeinan ábata af EES-samningnum. Hann segir samninginn hafa verið forsendu þess að lögum um fæðingarorlof var breytt. Þingmaður Sjálfstæðisflokksins er ósammála.

VINNUMARKAÐUR Það er mjög erfitt fyrir Íslendinga að leggja mat á óbeinan ábata af EES-samningnum, sagði Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambands Íslands, á fundi Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands í gær.

Gylfi tók ásamt Guðlaugi Þór Þórðarsyni, þingmanni Sjálfstæðisflokksins, og fleirum þátt í panelumræðum á fundi Alþjóðamálastofnunar um framtíð EES-samningsins í gær. Þátttakendur í panel voru spurðir um beinan og óbeinan kostnað af EES-samningnum og líka hvaða ábata aðildarríkin hefðu haft af honum.

Gylfi sagði að einn þeirra þátta sem Íslendingar hefðu fengið í gegnum EES-samninginn væri foreldraorlof. „Ég held að allir Íslendingar taki undir þá skoðun að fæðingarorlof, eins og það er núna, sé eitthvað sem við vildum ekki vera án,“ sagði Gylfi.

Guðlaugur Þór Þórðarson sagði að EES-samningurinn hefði vissulega haft jákvæð áhrif en hann sæi ekki alveg hvað samningurinn hefði haft með fæðingarorlofið að gera.

Gylfi svaraði því til að Alþýðusambandið hefði um árabíl reynt að knýja á um breytta löggjöf um foreldraorlof til að tryggja laun-



„Ég hef tekið þátt í að móta ýmsa löggjöf á grundvelli EES samningsins. Þetta er ekki ein þeirra.“

Guðlaugur Þór Þórðarson
alþingismaður.

þegum á almennum markaði, bæði körlum og konum, launað foreldraorlof. Það hafi ekki verið hægt. Breytingar hafi orðið þar á á árun-

um 1998 og 1999 eftir að Íslendingar gerðust aðilar að samningnum.

Gylfi sagði að í EES samningnum væri kveðið á um að þættir er vörðuðu félagsleg réttindi launþega væru úrlausnarefni fyrir aðila vinnumarkaðarins.

Aðilar vinnumarkaðarins í Evrópu hefðu komið sér saman um umgjörð varðandi launuð foreldraorlof og þá umgjörð átti stefna á að taka upp í hverju landi. „Sumir gerðu það með löggjöf og aðrir gerðu það með marghliða

samkomulagi. Við ákváðum hér á Íslandi að taka upp þetta evrópska fyrirkomulag með löggjöf frá þinginu,“ sagði Gylfi. Hann sagði að grunnurinn að þessu fyrirkomulagi hefði komið í gegnum EES-samninginn. „Við hefðum vel getað gert þetta fyrr en við gerðum það ekki,“ sagði hann.

„Ég hef tekið þátt í að móta ýmsa löggjöf á grundvelli EES-samningsins. Þetta er ekki ein þeirra,“ sagði Guðlaugur.

jonhakon@frettabladid.is

STADAN TEKIN FYRIR FUNDINN
Peir Guðlaugur Þór og Gylfi eru sammála um að ábatinn af EES-samningnum sé augljós. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

 Landsvirkjun

Umhverfisskýrslan er opin öllum

Kynntu þér starfsemi og áherslur Landsvirkjunar í umhverfismálum á umhverfisskyrsla2014.landsvirkjun.is

Í skýrslunni er meðal annars fjallað um uppbyggingu á þeistareykjum, niðurstöður fjölbreyttra umhverfisrannsókna og sjálfbæra nýtingu auðlinda.

Í ár eru 50 ár frá stofnun Landsvirkjunar. Kröfur til umhverfismála eru sífellt að aukast og er það markmið okkar að vera í fararbroddi á því sviði.

Umhverfisskýrsla Landsvirkjunar er eingöngu gefin út á rafrænu formi.

Landsvirkjun.is



30

BÍLAR

7 FRUM SYN INGAR

OG MÖGULEIKI

Á AÐ VINNA

iPad Air



Komdu, sjáðu og upplifðu allt það nýjasta frá **Audi**, **Volkswagen**, **Skoda** og **Mitsubishi** á bílasýningunni í Fífunni um helgina. Hlökkum til að sjá þig!
Ps. mundu eftir leiknum á **hekla.is** – þú gætir unnið iPad Air.



Cameron sigurvegari bresku kosninganna:

Aðrir leiðtogar víkja

Fyrirfram var búist við flókinni stöðu að loknum þingkosningum í Bretlandi: Íhaldsmenn og Verkamannaflokkurinn yrðu jafnir og annar flokkurinn þyrfti að reida sig á stuðning smærri flokka til að koma á starfhæfri ríkisstjórn.

Áhyggjurnar reyndust óþarfar. Íhaldsflokkurinn fær hreinan meirihluta og getur myndað ríkisstjórn einn og óstuddur. Úrslitin eru persónulegur stórsigur fyrir David Cameron forsætisráðherra.

Hann fer frá því að vera forsætisráðherrann sem aldrei vann kosningar til þess að vera sá sem vann óvæntasta og sætasta sigur Íhaldsflokksins síðan Major sigræði Kinnock árið 1992.

Útlit er fyrir að meirihluti íhaldsmanna verði tólf þingsæti. Á breska vísu telst það lítill meirihluti.

Staðan núna er hins vegar önnur en áður. Bretland er varla tveggja flokka land lengur. Smærri flokkar á borð við UKIP, Græningja og Frjálslynda gera harðari atlögu en áður að þingsætum. Skotland er svo kapítuli út af fyrir sig – og er nú einkavígi Skoskra þjóðernissinna. Það markar þáttaskil í sögunni og ræður miklu um úrslitin.

Freistandi er að draga þá ályktun að kjósendur hafi verðlaunað íhaldsmenn fyrir góða frammistöðu. Osbourne fjármálaráðherra hefur haldið fast um budduna og dregið verulega saman í ríkisrekstri. Aðrir hagvísar eru jákvæðir en breska hagkerfið er að mörgu leyti fyrirmynd annarra í Evrópu.

Orðspor Osbournes hefur stórbatnað, en til viðbótar við styrka stjórn á ríkisfjármálunum stýrði hann kosningabaráttu Íhaldsflokksins af röggsemi.

Íhaldsmenn nutu auðvitað góðs af afleitri frammistöðu andstæðinga sinna. Ed Miliband, formaður Verkamannaflokksins, var ekki bara klaufalegur í framkomu, heldur þótti tefla fram úreltum vinstriboðskap sem ætlað var að slá auðveldar popúlískar keilur hjá kjósendum.

Hendur Milibands voru að nokkru leyti bundnar, en þegar hann sigræði bróður sinn í formannskjöri, sótti hann bakland sitt í verkafélögum og hefur boðskapur hans litast og takmarkast af þeim tengslum. Ekki hjálpaði stórsigur þjóðernissinna í Skotlandi, sögulegu einkavígi Verkamannaflokksins.

Frjálslyndir nánast þurrkuðust út og guldu þar fyrir eftirgjöf gagnvart Íhaldsflokknum í fráfari stjórnsamstarfi. Það var svo sérstakt ánægjuefni að Breski sjálfstæðisflokkurinn fékk aðeins einn þingmann, og að formaður hans, Nigel Farage, skyldi ekki ná þingsæti.

Óhætt er að segja að atburðarásin hafi verið hröd daginn eftir kosningar. Ed Miliband sagði af sér samdægurs og axlaði fulla ábyrgð á ósigrinum. Sama gerði Nick Clegg, formaður frjálslyndra, og Farage sjálfur.

Það er freistandi fyrir lítið land að draga lærdóm af því sem fram fer hjá stærri þjóðum. Í því samhengi má velta fyrir sér í hvaða stöðu Samfylkingin væri hefði Árni Páll Árnason farið að fordæmi Milibands að loknum kosningum fyrir tveimur árum?

Einnig er gleðiefni að kjósendur virðast hafa verðlaunað sigurvegarann fyrir góða frammistöðu í ríkisstjórn. Það eru skilaboð sem eiga erindi við lítið land þar sem kjósendur virðast telja að stjórnámálmennt séu með öllu ómögulegir.

Sú er auðvitað ekki raunin. Við eigum að dæma stjórnámálmennt af verkum þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ


ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@365.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

STUNDUM VILL MAÐUR
BARA KLASSÍK.
ÞÁ ER TÍMI FYRIR
SÍGILT SÚKKULAÐI.

TÍMI FYRIR 



GUNNAR



MÍN SKOÐUN: JÓN GNARR

Enginn er eyland, ekki einu sinni Ísland

Stundum er okkur Íslendingum sýndur sá heiður í útlöndum að eitthvað er skírt eftir okkur, landinu okkar, stöðum eða jafnvel eftir þekktum Íslendingum. Ég hef, í gegnum tíðina, stundum rekið á svona fréttir í fjölmiðlum. Og þó þetta sé yfirleitt ekki eitthvað stórmerkilegt þá er þetta samt ánægjulegt. Það er gaman að vita til þess að við og landið okkar eigum okkur sess í hinum stóra heimi og manni hlýnar örliði um hjartaræturnar.

Á ferðum mínum í erlendum



borgum á Norðurlöndum en líka bæði í Evrópu og Bandaríkjunum og Kanada. Og það er eitthvað svo yndislegt við það að sjá allt í einu að gatan sem maður er að þramma í útlöndum heitir

borgum hef ég stundum rekið augun í götur og staði sem heita íslenskum nöfnum eða einhverju sem tengist Íslandi. Þetta er algengast í borgum á Norðurlöndum en líka bæði í Evrópu og Bandaríkjunum og Kanada. Og það er eitthvað svo yndislegt við það að sjá allt í einu að gatan sem maður er að þramma í útlöndum heitir

Íslandsgata. Það fyllir mann yl og stolti. Það er fólgin í því vinsemi og gerir það að verkum að maður hugleiðir gildi alþjóðlegra samskipta og hvernig þjóðir eru oft samofnar í sögunni. Það er virðingarfóttur og virðingur á mikilvægi okkar, landsins okkar og minnir okkur á að þótt við séum fámenn þjóð í litlu landi þá höfum við áorkað mörgu góðu í gegnum tíðina, jafnvel svo að útlendingar sjá ástæðu til að minnast þess. Það minnir okkur á það að enginn er eyland, ekki einu sinni Ísland.

Hver vegur að heiman

Í Jerúsalem er Iceland Street. Í stórborginni Síkakó er Leif Ericson barnaskólinn. Annar Leif Ericson barnaskóli er í San Díego. Þar syngja börnin jafnvel um Leif í skólalögnum sínum. Einkunnarorð skólans eru: Be kind to myself. Be kind to others. Be kind to my school. Það minnir okkur á að einu sinni vafraði eirðarlaus Íslendingur vestur og fann þá Norður-Ameríku. Í Lond-

on er Iceland Road. Það er ekki merkileg gata, sérstaklega ekki ef maður ber hana saman við Hekla Avenue í Vinnipeg. Í Tampere í Finnlandi er eitthvað sem heitir Reykjavíkvegur. Í Þórshöfn í Færeyjum hafði ég þá einstöku ánægju að fá að ganga Íslandsveginn. Og það var svo skemmtileg tilviljun að á meðan ég gekk

vegin var ég að hlusta á Íslandsklukkuna á hljóðbók. Kaupmannahöfn er líklega sú borg sem á hvað flesta svona staði og götur. Íslandsbryggja á Amager er gott dæmi um það. Það er Íslandsvegur í annarri hverri borg á Norðurlöndum. Svona mætti lengi telja. Svo eru bókasöfn og stofnanir úti um allan heim sem bera álfka nöfn.

Lindgren- og Egnerstræti

En eins og það er gaman að sjá hvað aðrir eru duglegir að skíra í höfuðið á okkur þá er jafn leiðinlegt að virðkenna hvað við erum treg til að skíra staði í höfuðið á öðrum. Það er eins og við viljum helst skíra götur í höfuðið á sjálfum okkur. Ég held að við séum að verða búin að tæma Íslendingasögur og Íslandssögur af öllum nöfnum. Við erum langt komin með mannanafnaskrána. Heilu hverfin heita einhverjum konseptum sem rekja má til okkar sjálfrá á einn eða annan hátt. Þetta náði eiginlega hámarki með Þúsaldarhverfinu. Við virðumst einstaklega sjálfhverf í nafnavali. Það er ekki einu sinni Kaupmannahafnarstræti á Íslandi. Það er eiginlega vandræðalegt.

Það er svo margt gott sem komið hefur til Íslands frá útlöndum. Það má jafnvel fullyrða að hreinlega allt gott sem komið hafi hingað hafi komið utan að. Því ekki að þakka fyrir það og virðkenna og sýna okkar vináttu og virðingu í verki? Er það ekki löngu tímabært? Annars er svo hætt við því að góð vinátta gleymist. Og væri ekki gaman að geta glatt gesti okkar með því að sýna þeim slíkan virðingarfótt?

Ég legg því til að við gerum bragarbót á þessu. Við getum byrjað á Norðurlöndunum. Svíastræti og Norðmannaleið. Ef ný gata verður gerð í Fossvogi má auðveldlega kalla hana Finnland. Og það er löngu tímabært og til að innsigla vináttu og samstöðu

Íslendinga og Færeyinga að nefna veglega götu í Reykjavík eftir einhverju færeysku. Þrándur í Götu bíður upp á marga möguleika. William Heinesen torg yrði örugglega fallett og Óslóargata örugglega líka. Og ef við viljum sýna vináttu og þakklæti en vera sniðug líka þá getum við þakkað Bandaríkjunum fyrir allt það góða sem þau hafa fært okkur með því að skíra eitthvað eftir þeim félögum Bill og Bob sem stofnuðu AA-samtökin. Fáir menn hafa haft jafn víðtæk áhrif á íslenskt samfélag og þeir. Og það ber að þakka. Mér finnst þurfa Wittgensteingötu til að minnast komu hans til Íslands. Svona má lengi telja.

Hugsun út fyrir kassann.

Fögnum saman

60 ára afmæli Kópavogs

9.-10. MAÍ
Afmælistilboð og stemning í BYKO Breiddinni

9. MAÍ
Afmælisveisla í Smáralind, risaafmælisbaka og fjör, kl. 14-17

9. MAÍ
SUNDLAUGAFJÖR
Ís, kaffi og súkkulaði í Kópavogslaug og Salalaug, kl. 11-15

9.-10. MAÍ
Handverkssýning í félagsmiðstöðvum eldri borgara, Gjábakka, Gullsmára og Boðanum, kl. 13-17

10. MAÍ
Hestasýning á vegum æskulýðsnefndar Sprettis og teymt undir börnum, kl. 14-16

10. MAÍ
ÞRÍKÓ, Kópavogs-þríbrautin 2015 Keppni, skemmtiatriði og barnabraut, kl. 8.30-12.15

10. MAÍ
Stórtónleikar í Kórnum kl. 16-17.30

11. MAÍ
Afmælisdagur Kópavogsbæjar Sýning leikskólanna á Hálsatorgi, kl. 10

Líf og fjör í Kópavogi alla helgina!



PIPARTBWA - SÍA - 152045

10. MAÍ

Þér er boðið á stórtónleika í Kórnum á morgun, 10. maí kl. 16

Húsið opnar kl. 15. Hoppukastalar og fjör. Ókeypis aðgangur!
Fjölmargir listamenn úr Kópavogi koma fram á tónleikum fyrir alla fjölskylduna.
Fríar strætóferðir frá Hamraborg í Kórinna með viðkomu í Smáralind, fram og til baka, frá kl. 14 til 18.30.

Þú finnur nánari upplýsingar um tónleikana og aðra viðburði á kopavogur.is eða á Facebook-síðu Kópavogsbæjar.




1955  2015



Rýmingarsala

Rýmum fyrir nýjum vörum. Allt að 50% afsláttur af eldri heimilistækjum.



Rýmum til fyrir nýjum vörum. Eldri heimilistæki með frábærum afslætti.
Gerið góð kaup! Allt að **50% afsláttur**.

20% afsláttur af allri gjafavöru.

Þeir sem skrá sig á **póstlistann** okkar í versluninni eða á heimasíðu okkar,
bosch.is, geta átt von á gjafabréfi fyrir **2** í Borgarleikhúsið ásamt fleiri vinningum.

Afmæli Bosch-búðarinnar



Freistandi afmælistilboð

Hér fyrir neðan má sjá nokkur sýnishorn af freistandi afmælistilboðum.



Þvottavél,
WAP 28397SN
Afmælistilboð: 99.900 kr.
Fullt verð: 149.900 kr.



Kælikápur,
KGV 36UW20
Afmælistilboð: 79.900 kr.
Fullt verð: 102.600 kr.



Hraðsuðukanna,
TWK 3A011
Afmælistilboð: 6.300 kr.
Fullt verð: 7.800 kr.



Kaffivél,
TKA 3A011
Afmælistilboð: 7.700 kr.
Fullt verð: 9.700 kr.



Brauðrist,
TAT 3A011
Afmælistilboð: 4.900 kr.
Fullt verð: 6.800 kr.



Örbylgjuofn,
HMT 75M421
Afmælistilboð: 17.900 kr.
Fullt verð: 21.900 kr.



20% afsláttur af
öllum veskjum.



Þurrkari,
WTB 86267SN
Afmælistilboð: 79.900 kr.
Fullt verð: 99.900 kr.



20% afsláttur af
Múmín-vörum.

20% afsláttur af
Babell-kökudiskum.
Nýir litir.



Í dag, frá kl. 11 til 16, höldum við upp á
tveggja ára afmæli okkar.

Afmælistilboð á fjölda heimilistækja frá Bosch og glæsilegri gjafavöru.

Verið velkomin og gerið góð kaup!

BOSCH

- B Ú Ð I N -

Hlíðasmára 3 · Sími 520 3090
www.bosch.is

Frá kr.

259.900



Sérferð til

Madrid & Portúgal

5.-16. september

Fararstjóri: Sigrún Knútsdóttir

Madrid – Toledo – Salamanca – Douro dalurinn
Porto – Guimarães – Coimbra – Batalha klaustrið –
Estoril – Cascais – Lissabon

Portúgal á sér ríka og langa sögu, sögu sæferða og landafunda. Í þessari skemmtilegu 12 daga sérferð kynnumst við mörgum af áhugaverðustu stöðum landsins en margir þeirra eru á heimsminjaskrá UNESCO. Ferðin hefst í Madrid en flogið er þangað frá Íslandi síðdegis 5. september og dvalið þar í 3 nætur. Þaðan er ekið til Porto í Portúgal með viðkomu í háskólabænum Salamanca. Dvalið í Porto í 4 nætur. Á áttunda degi er ekið í suðurátt til baðstrandabæjarinnar Estoril þar sem dvalið verður í 4 nætur. Á meðan á dvöl stendur er farið í margar áhugaverðar kynnisferðir þar sem við skoðum fallegar sveitir, bæi og þorp, kirkjur og klaustur og njótum einstakrar náttúruferðar Douro dalsins. Fjölmargar kynnisferðir eru innifaldar í ferðinni. Þann 16. september er flogið til London og dvalið daglangt í smábænum Windsor og flogið til Íslands með kvöldflugi.

Netverð á mann frá kr. 259.900 m.v. 2 í herbergi.



Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000
Akureyri • Sími 461 1099
www.heimsferdir.is

Heimsferðir

Um verkföll á rannsóknarsviði LSH

KJARAMÁL

Arthur Löve, yfirlæknir veirufræðideildar
Björn Rúnar Lúðvíksson, yfirlæknir
ónæmisfræðideildar

Ísleifur Ólafsson, yfirlæknir
klínískrar líffefnafræðideildar

Jón Gunnlaugur Jónasson, yfirlæknir
meinafræðideildar

Jón Jóhannes Jónsson, yfirlæknir
erfða- og sameindalæknisfræðideildar

Karl G. Kristinnsson, yfirlæknir
sýklafræðideildar

Óskar Reykdalsson, framkvæmdastjóri
rannsóknarsviðs

Páll Torfi Öundurson, yfirlæknir
blóðmeinafræðideildar

Pétur Hannesson, yfirlæknir
röntgendeildar

Niðurstöður klínískra rannsókna eru grundvöllur nánast allra mikilvægra ákvarðana um greiningu og meðferð

sjúklinga. Því er öflugur rekstur, góð fagþekking og gæðaeftirlit rannsóknadeilda forsenda góðrar heilbrigðisþjónustu.

Geislafræðingar, lífeindafræðingar og náttúrufræðingar gegna afar veigamiklu hlutverki á rannsóknarsviði Landspítalans, en verkfall þeirra hefur nú staðið í fimm vikur. Á þessum tíma hafa allir starfsmenn sviðsins lagt sig fram við að halda uppi bráðastarfsemi þannig að bráðveikir sjúklingar verði ekki fyrir tjóni. Þeirri starfsemi sem ekki tengist bráðveikum sjúklingum hefur hins vegar ekki verið hægt að sinna.

Þúsundir lífsýna úr sjúklingum hafa verið fryst eða formedhöndl- uð á annan hátt og biða þess að vera

rannsókuð og greind. Þá eru hundruð sjúklinga sem biða þess að komast í röntgenrannsóknir. Af þessum sökum hefur greining og meðferð sjúkdóma dregist úr hófi með ófyrirséðum afleiðingum og er eingöngu tímaspursmál hvenær alvarleg tilvik koma upp. Auk þess kemur verkfallið niður á öðrum mikilvægum þáttum eins og til dæmis gæðastjórnun, kennslu og vísindarannsóknum.

Við undirritaðir yfirlæknar á rannsóknarsviði Landspítalans hvetjum fulltrúa ríkisstjórnar og BHM að hefja strax af krafti kjaraviðræður og leita allra leiða til að ljúka gerð kjarasamninga og binda enda á þá grafalvarlegu stöðu sem komin er í heilbrigðismálum þjóðarinnar.

Auðlindir og stjórnarskrá

Traust á valdastofnunum, stjórnámálum og -flokki er í lágmarki meðal þjóðarinnar og engin furða. Vilji Íslendinga stendur til þess að þjóðareign á auðlindum okkar sé tryggð, en málið tafið endalaust. Samt er hér ákaflega mikið í húfi eins og ég rakti í fyrri grein um verðmæti auðlinda í þjóðareign. Þær eru að lágmarki 2.000 milljarðar króna – fjórar til sex milljónir á hvert mannsbarn hið minnsta Þessi auðæfi þarf að tryggja þjóðinni í stjórnarskrá um aldur og ævi.

AUÐLINDIR



Stefán Jón Hafstein

í hópi áhugafólks um sjálfbæra þróun og auðlindir í þjóðareign

takinu um þjóðareign sem ekki mætti selja eða láta varanlega af hendi.

Sátanefndin um sjávarútveg árið 2010 vildi fá ákvæði í stjórnarskrá og kom þá í ljós að LÍÚ var því andvíg fyrir hönd útgerðarmanna sem virðast alveg einangraðir. Stjórnlagaráð tók skörulega á málinu í sínum tillögum og í þjóðaratkvæðagreiðslu árið 2012 og skoðanakönnunum kom fram yfirgnæfandi vilji þjóðarinnar að fá

ákvæði um þetta efni í stjórnarskrá. Þorvaldur Gylfason hefur rakið í mörgum greinum að sjá má áform um þetta efni marga áratugi aftur í tíma og koma við sögu menn úr öllum stjórnámálaflokkum. Hvers vegna gerist þá ekkert? Eina rökréttu niðurstaða er sú að vel skipulagðir og þröngir hagsmunir kringum sjávarútvegsauðlindina ætli að drepa málinu á dreif fram í rauðan dauðann og skapa sér að lokum „hefðarrétt“ til að eigna sér fiskinn í sjónum. Þetta er hin hörmulega staða málsins og hana skynjar þjóðin og traust hennar á valdamönnum og -stofnunum þverr.

Tvær meginstefnur

Fáir þora beinlínis að berjast gegn ákvæði í stjórnarskrá um auðlindir, en lítill minnihluti virðist ætla að beita sér fyrir því að væntanlegt ákvæði verði bitlaust, óljóst og taki ekki á kjarana málsins sem er að naglfesta hugtakið „þjóðareign“. Á málþingi um auðlindir í þjóðareign í liðnum mánuði lýsti Svanfríður

Jónasdóttir hvernig tillögur hafa mótast um að festa í sessi skilgreiningu á þjóðareign og hér er byggt á (sjá kynningu á www.landvernd.is). Hún sat einmitt í fyrri auðlinda-nefndinni undir forystu Jóhannesar Nordals sem sló tóninn og vildi tryggja hagsmuni þjóðarinnar og arðinn til hennar – eins og næstum allir aðrir sem komið hafa að málinu síðan – fyrir utan útgerðarmenn.

Stjórnlagaráð og næsta skref

Ef aðeins auðlindaákvæðið í tillögum stjórnlagaráðs hefði náðst í gegn á síðasta kjörtímabili hefði það verið erindisins virði. Það tókst ekki og því er ákvæði um auðlindir sem heyrna undir almannaavaldi ekki komið í stjórnarskrá, ákvæði eins og þetta: „... enginn getur fengið auðlindir, eða réttindi tengd þeim, til eignar eða varanlegra afnota og aldrei má selja þær eða veðsetja.“ (Stjórnlagaráð). Ráðið var einnig efnislega sammála Nordalsnefndinni um að arðurinn af auðlindunum ætti að renna til þjóðarinnar og koma gjald fyrir nýtingu.

Staðan nú? Enn ein þingnefndin sem segist stefna að því að leggja fram tillögu um breytingar á stjórnarskrá er varði auðlindir í þjóðareign. Tvennt ber að hafa í huga þar: Að staðið verði við þetta fyrirheit, og þjóðin láti ekki bjóða sér útþynnt og óljóst almennt orðalag sem gefur færi á því að smygla óheyrilegum auðæfum út um bakdyrnar í hendur á fámennum hagsmunahópi. Þessa vakt þarf að standa og hafa augu á hverjir reynast traustir bandamenn þjóðarhagsmuna.

Ríkið er líka vinnuveitandi

Ómögulegt er að ræða um áhrif verkfalls BHM-félaga án þess að ræða ábyrgð ríkisins í deilunni! Íslenska ríkið er stór vinnuveitandi háskólamanna og verður að standa undir nafni sem slíkur.

Samningur um laun er grundvallaratriði milli starfsmanns og þess fyrirtækis eða stofnunar sem viðkomandi starfar hjá en staðreyndin er sú að BHM-félög hafa ekki náð að gera sjálfstæðan samning um laun sín hjá ríki, frá árinu 2005. Samningar á almennum markaði hafa undanfarið alfarið ráðið ferðinni við gerð kjarasamninga og í þeim er (eðlilega) á engan hátt tekið tillit til þarfa háskólamanna hjá ríki. Það segir sig sjálft að við slíkt verður ekki unað lengur. Félagsmenn eru búnir að fá sig algerlega fullsadda, eftir að hafa náð engum árangri varðandi sína þarfir og kröfur í mörg ár. Á Íslandi er minnstur ávinningur af því að mennta sig, í Evrópu – það einfaldlega gengur ekki, ef við ætlum að byggja upp þróað og samkeppnishæft samfélag hér á landi!

BHM-félögin hafa ekki beitt verk-

KJARAMÁL



Guðfinna Halla Þorvaldsdóttir framkvæmdastjóri Sálfræðingafélags Íslands

fallsréttinum í neinum mæli frá árinu 1989 enda hafa félögin litið á verkföll sem algert neyðarúr-ræði. Að þessu neyðarúr-ræði sé beitt núna, með því afgerandi samþykki félagsmanna sem fékkst fyrir aðgerðunum, segir allt sem segja þarf.

Það er auðvitað afar bagalegt að saklaust fólk, sjúklingar, bændur, fasteignakaupendur og seljendur og fleiri líði fyrir kjarabaráttu annarra en öðruvísi verður það ekki þegar til slíkra neyðarúr-ræða hefur þurft að grípa. Því má hins vegar ekki gleyma að þessi staða er uppi eftir endurtekna samninga þar sem kröfur háskólamanna hafa ekki hlotið neinn hljómgrunn. Í langan tíma hefur það mátt vera ljóst að til aðgerða yrði gripið, ef ekki fengist bót en við því hefur ríkið ekki brugðist.

Ríkisstjórnin viðurkenni ábyrgð

Ráðamenn verða að gangast við þeirri ábyrgð sem fylgir því að vera risastór vinnuveitandi fjölda fólks. Ríkið verður að standa sig gagnvart sínum starfsmönnum. Gleymum því ekki að grundvallaratriði í

sambandi starfsmanns og vinnuveitanda er samningur um laun. Ráðamenn íslenska ríkisins verða að viðurkenna rétt starfsmanna sinna til samninga, út frá sínum forsendum en ekki út frá forsendum annarra aðila á allt öðrum markaði sem lýtur öðrum lögmálum.

Ríkisstjórnin er EKKI óháður aðili í þeirri kjaradeilu sem uppi er heldur beinn aðili að deilunni. Ráðherrar geta ekki hvatt aðila til að ná samningum, ábyrgðin er þeirra að leysa hana, BHM-félögin leysa deiluna ekki sjálf í samtali sín á milli. Ríkisstjórnin er samningsaðili og þarf eins og hver annar samningsaðili og vinnuveitandi að ganga til samningaviðræðna við fulltrúa starfsmanna sinna. Þörf íslenska ríkisins fyrir að halda í gott starfsfólk er ekki minni en hjá öðrum fyrirtækjum, jafnvel meiri því hjá sumum stofnunum ríkisins starfar alsérhæfðasta starfsfólk landsins. Að gera ekkert til að vinna að lausn deilunnar er algerlega óásættanlegt, ekki bara fyrir BHM-félögin heldur ekki síður fyrir íslenskt samfélag. Ríkisstjórnin verður að viðurkenna ábyrgð sína í að halda fyrirtækinu íslenska ríkinu gangandi og ganga til samninga, ekki síðar en nú!

ALLT FYRIR SÆLUREITINN

Hjá okkur færðu allt til að gera garðinn þinn að sannkölluðum sælureit, sem þú getur notið í allt sumar. Hvort heldur sem er á pallinum, við grillið, hjá gróðrinum, eða einfaldlega í notalegu umhverfi með fjölskyldu og vinum.

Sælureitsblaðið er komið út. Skoðaðu Sælureitinn á husa.is eða kíptu með þér eintaki í næstu verslun okkar og taktu það með þér inn í sumarið.

Skapaðu þinn sælureit hjá okkur.



Gasgrill Outback Omega 200

Tvískiptur brennari með Flame tamer hlíf, emaluruð grillgrind

17.900 kr.

Fullt verð: 23.900 kr. 3000225



Gasgrill Broil King GEM

8,8 kW/h brennari, postulínshúðuð grillgrind, hitamælir í loki, fellanlegar hliðarhillur

39.890 kr.

Fullt verð: 45.900 kr. 3000605



Gasgrill Outback Solo

Grillsvæði 628x406 mm, þrjár ryðfríir brennarar

29.900 kr.

Fullt verð: 39.900 kr. 3000393




Rafmagnssláttuvél Ikra

1400W, sláttubreidd 34 cm, 35 ltr safnari, 5 stillingar

14.995 kr.

Fullt verð: 21.995 kr. 5085137



Laufhrifa GREEN-IT

1.295 kr.

Frábært verð 5084343

Háprýstidæla Nilfisk

C120 6-6 X-TRA
120 bör, 440 ltr/klst.,
6 m slanga og sápubrúsi

ONIIFISK

20% afsláttur

19.995 kr.

Fullt verð: 24.995 kr. 5254247



Hekk- og greinaklippur GREEN-IT

54 cm og 20 cm langar

2.995 kr.

2 stykki saman í pakka 5084773

Reiðhjól AUTHOR UNICA 26"

18" álgrind, 21 gir, Tektro 837 bremsur, Spanker 26"x1,95 dekk, Shimano TX50 framskipting, Shimano TX55 afturskipting

AUTHOR

36.900 kr.

Fullt verð: 48.900 kr. 3899978



Hekkklippur Ikra

520W, 50 cm blað, 3,3 kg, klippir allt að 16 mm

6.495 kr.

Frábært verð 5083756



IKRA mögatec



Keðjusög Ikra

2200W, 40 cm sverð

16.995 kr.

Frábært verð 5083730

Pallaolía Jotun Treolje

Pallaolía á gagnvarið efni, mest selda pallaolían í Húsasmiðjunni

2.385 kr.

Fullt verð: 3.295 kr. 7049123



Mosatætari Black & Decker

Burt með mosann, 600W, breidd 32 cm, 40 ltr safnari

18.995 kr.

Fullt verð: 23.995 kr. 5083620

BLACK & DECKER



HELGIN

Pórir Sæmundsson, leikari

Reyni að vera almennilegur

Ég ætla að fara með börnin mín á fótboltaæfingu og skákæfingu. Skella mér í sund, borða mexíkóskan mat, horfa á Liverpool skíta á sig, þrifa baðherbergið, fav-a og læka nokkra vel valda hluti, læra texta fyrir Hróa hött, borða cocopuffs í morgunmat, skæpa við fjölskyldu og reyna almennt að vera ógeðslega kurteis og almennilegur við náungann.



Anna Svava Knútsdóttir leikkona

Lætur barnið sofa

Um helgina ætla ég að þramma með barnavagninn út um allar trissur. Sonur minn er nefnilega lúxusgæi sem sefur bara á hreyfingu. Aftur á móti sef ég ekki neitt.



Vilborg Davíðsdóttir rithöfundur

Ástir og ævintýri

Í dag ætla ég að fara á Sólheima í Grímsnesi og flytja þar gestum og heimilisfólki á staðnum erindi um ástir og ævintýri. Á morgun fáum við Skottan mín vinafólk í heimsókn.



Andrés Jónsson almannatengill

Skrúfar saman rúm

Ég reyni alltaf að troða alltof miklu inn í dagskrána um helgar. Ég er annars í miðjum rúmkaupum. Líklega væri nóg afrek að klára þau viðskipti og skrúfa rúmið saman.

FARÐU HLUSTAÐU LESTU HORFÐU...



Á EVRÓPSKA ALPÝÐUTÓN-LISTARVEISLU í Hörpu á morgun klukkan 20.00. Ókeypis aðgangur!



Á NÝJAN DISK BELLEVILLE. Þar er að finna „musette“ tónlist sem leikin var á harmóníkuböllum í Frakklandi á fyrri hluta 20. aldar.



MÖRK – SÖGU MÖMMU eftir Þóru Karítas Árnadóttur. Bók sem maður klárar á einu kvöldi.



Á BAKK Í BÍÓ. Frábær sumarstemningsmynd!



VÍETNAMSKUR DANS Thai Ha Nguyen, Khugen Thu Nguyen, Helena Hue Thu Bui, Karen Hien Thu Nguyen, Lisa Tu Thi Pham og Nhi Thuy Thi Dinh dansa í Tjarnarbíói í dag og er ókeypis aðgangur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ræturnar eru mikilvægar

Fjölmenningardagurinn er haldinn hátíðlegur í Reykjavík í dag. Uppákomur, sýningar og markaðs-stemming í miðbænum. Mannréttindaskrifstofan hvetur alla til að fagna fjölbreytileika borgarinnar.

Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@frettabladid.is

Fjölmenningardagur Reykjavíkurborgar er haldinn í sjöunda skipti í dag. Dagurinn er haldinn fyrir alla borgarbúa og Mannréttindaskrifstofa borgarinnar hvetur alla til að taka þátt, gleðjast, sýna sig og sjá aðra ásamt því að fagna því fjölbreytta sem borgin hefur upp á að bjóða. Þétt dagskrá verður í Tjarnarbíói, Iðnó og Ráðhúsi Reykjavíkur

í dag þar sem alls kyns hópar og félagasamtök munu skemmta borgar-búum. Þar á meðal er vietnamski danshópurinn Mua non sem samanstendur af sex vietnömnskum konum.

„Þetta er hefðbundinn vietnamskur dans. Við æfðum atriði fyrir nýársgleði okkar sem var í enda febrúar og ætlum að sýna það,“ segir Helena Hue Thu Bui. „Við horfðum á Youtube til að læra dansinn. En þetta er ekki sérlega flókinn dans heldur frekar rólegur.“

Helena segir mikilvægt að halda í ræturnar frá Víetnam en hún hefur

FJÖLMENNINGARDAGUR REYKJAVÍKURBORGAR

13.00 Setning á Skólavörðuholti og fjölbjóðleg skruðganga fer af stað sem endar í Ráðhúsinu. Þar verður markaður og sýningartorg og gestir geta fengið að prófa búninga, fengið sér henna-tattú og fleira.

14.30-17.00 Leiksýning fyrir börn á öllum aldri í Iðnó.

14.30-17.00 Söng- og dansatriði í Tjarnarbíói.

Nánari upplýsingar á reykjavik.is

búið á Íslandi frá því að hún var eins árs. „Fjölmenningardagurinn er mikilvægur fyrir okkur. Þá koma allir saman frá alls kyns löndum og maður getur lært ýmis-

legt um fjarlæga menningu ásamt því að geta sýnt öðrum okkar menningararf. Svona aðeins að láta vita af okkur,“ segir Helena hlæjandi.

Fljótlegur og góður pastaréttur um helgina

Svava Gunnarsdóttir matarbloggari gefur uppskrift að einföldu pasta sem bragðast eins og veislumatur.

Svava Gunnarsdóttir gefur girnilega uppskrift að pasta á matarbloggi sínu Ljúfmeti og lekkurheit. Hún segir þennan rétt vera fljótlegan en bragðast eins og veislumat, og henta því frábærlega þegar von er á saumaklúbbum eða matargestum og allt er í hers höndum.

Pasta með kjúklingi, sólþurrkuðum tómötum og basilíku

400 g tagliatelle
600 g kjúklingabringur
1 laukur, hakkaður
8 sólþurrkaðir tómatar
1 dl vatn
1 kjúklingateningur
2 dl rjómi
½ msk. þurrkuð basilíka
salt og pipar
2 dl parmesanostur, rifinn

Sjóðið pastað. Skerið kjúklinginn í strimla og steikið á pönnu með hökkuðum lauk og tómötum. Bætið vatni, kjúklingateningi og rjóma á pönnuna og látið sjóða saman í fimm mínútur. Smakkið til með basilíku, salti og pipar. Hellið vatninu af pastanu. Hrærið pasta og parmesanosti saman við kjúklingasósuna og berið fram með ferskrifnum parmesanosti og hvítlauksbrauði.



PASTA Best er að bera réttinn fram með ferskrifnum parmesanosti og hvítlauksbrauði.

ALLIR ÚT AÐ GRILLA!

10%
afsláttur
af öllum
gasgrillum

Wok grillpanna
fylgir með öllum
seldum grillum
á laugardag.*

20%
afsláttur
af öllum grill-
aukahlutum

*á meðan birgðir endast.



CHAR-BROIL GASGRILL
2 brennarar

62.991 KR.

VERÐ ÁÐUR 69.990 KR.

Léttgreiðslur 10.499 kr. í 6 mánuði



CHAR-BROIL GASGRILL
3 brennarar

98.991 KR.

VERÐ ÁÐUR 109.990 KR.

Léttgreiðslur 16.499 kr. í 6 mánuði



CHAR-BROIL GASGRILL
4 brennarar

125.991 KR.

VERÐ ÁÐUR 139.990 KR.

Léttgreiðslur 20.999 kr. í 6 mánuði



CHAR-BROIL TITAN GASGRILL
3 brennarar

152.910 KR.

VERÐ ÁÐUR 169.900 KR.

Léttgreiðslur 25.485 kr. í 6 mánuði



CAMPINGAZ CAST IRON GASGRILL
3 brennarar

80.091 KR.

VERÐ ÁÐUR 88.990 KR.

Léttgreiðslur 13.349 kr. í 6 mánuði



BARBECOOK GRILL SIESTA 210
2 brennarar

58.491 KR.

VERÐ ÁÐUR 64.990 KR.

Léttgreiðslur 9.749 kr. í 6 mánuði



BARBECOOK SIESTA 310 CREAM GASGRILL
3 brennarar

89.991 KR.

VERÐ ÁÐUR 99.990 KR.

Léttgreiðslur 14.999 kr. í 6 mánuði



BARBECOOK SMOKER XL

44.991 KR.

VERÐ ÁÐUR 49.990 KR.

Léttgreiðslur 7.499 kr. í 6 mánuði

LEITAÐU RÁÐA HJÁ OKKUR

Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK

Fiskislóð 1
Sími 580 8500

AKUREYRI

Tryggvabraut 1-3
Sími 460 3630

OPNUNARTÍMI

Mán.-fös. 10-18
Lau. 10-16

RISSA LOKAHELGIN EN LAGER SALA

BÍLDSHÖFÐA 9

BÍLANAUSTSHÚSIÐ

OPNUNARTÍMI: LAU. 11⁰⁰–17⁰⁰ OG SUN. 13⁰⁰–17⁰⁰



STANFORD
svefnsófi með tungu



Slitsterkt dökkgrátt áklæði.
Stærð: 244,0 x 165,0 x H: 86,0 cm.
Fullt verð: 179.990. **AFSLÁTTUR: 80.000 KRÓNUR**

VERÐ Á
LAGERSÖLU
99.900
KRÓNUR!

SKAGEN sjónvarpsófi



VERÐ Á
LAGERSÖLU
49.900
KRÓNUR!

Stærð: 217x102 H: 106 cm.
Svart bonded leður. Hægt að
halla, m/fótskemli og borði.
Fullt verð: 169.900
AFSLÁTTUR: 123.000 KRÓNUR

SKAGEN hægindastóll



VERÐ Á
LAGERSÖLU
24.900
KRÓNUR!

Stærð: 100x102 H: 106 cm.
Svart bonded leður.
Hægt að halla og m/fótskemli.
Fullt verð 79.900
AFSLÁTTUR: 55.000 KRÓNUR

**Betra
BAK**

Leggur grunn að góðum degi

DÖRMA

Láttu drauminn rætast

HÚSGAGNAHÖLLIN
– fyrir lifandi heimili –

25 700%

VIN MEIRI AFSLÁTTUR!

AFSLÁTTUR

EKKI
MISSA AF
ÞESSU!

EIN STÆRSTA
LAGERSALA
FYRR OG SÍÐAR
Á ÍSLANDI

| SÓFAR | HEILSURÚM
| HEILSUDÝNUR | RÚMGAFLAR
| SÓFASETT | KODDAR | HÆGINDASTÓLAR
| SVEFNSÓFAR | ELDHÚSSTÓLAR | SÓFABORÐ
| SÆNGUR | BORÐSTOFUBORÐ OG -STÓLAR
| ÚTLITSGALLAÐ | SÝNINGAREINTÖK | O.FL. | O.FL.

ADELANTO hornsófi með tungu + 2 höfuðpúðum



VERÐ Á
LAGERSÖLU
259.990
KRÓNUR!

Slitsterkt antracite áklæði.
Stærð: 255 x 255 D.103 H:104 cm.

Fullt verð 439.970
AFSLÁTTUR:
179.980 KRÓNUR

TRAILON bakkaborð



VERÐ Á
LAGERSÖLU
1.000
KRÓNUR!

Nokkrir litir.
Fullt verð 9.900
AFSLÁTTUR: 8.900 KRÓNUR

SERTA REYNIR
heilsudýna

VERÐ Á
LAGERSÖLU
70.140
KRÓNUR!



Fullt verð 116.900
AFSLÁTTUR: 46.760 KRÓNUR

160 x 200 cm
heilsudýna án
botns og lappa.

**Betra
BAK**

Leggur grunn að góðum degi

DORMA

Láttu drauminn rætast

HÚSGAGNAHÖLLIN
– fyrir lifandi heimili –

ÍSLENSKAR NÖRNIR



Getum við gert eitthvað til að hafa áhrif á framtíð okkar? Eða rætast óskir okkar af tilviljun? Sex íslenskar nornir segja frá lífsspeki sinni, göldrum og áhrifum þeirra á líf sitt og annarra.

Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@frettabladid.is



Nornir leynast víða í samfélagi okkar. Hér er verið að tala um konur sem beita göldrum, nýta náttúruöfl eða annan kraft til að hafa áhrif á framtíðina.

Galdurinn er fölginn í að rækta innsæi sitt og þiggja kraft frá æðri öflum. Síðan beita nornir innsæinu til að hjálpa öðrum að leita inn á við í leit að svörum. Líkja má göldrum þeirra við galdur markþjálfans sem hjálpar þér að ná markmiðum þínum eða sálu-

hjálpura sem hjálpar þér að létta á hjarta þínu. Aðrar búa til smyrslu eða seyði sem hjálpa þér að bæta heilsu þína.

Galdrar og trúarbrögð náskyld

Galdrar hafa fylgt mannkyninu eins lengi og það hefur verið til. Dr. Ólína Þorvarðardóttir þjóðfræðingur segir Íslendinga aðallega hafa stundað þjóðlegan galdur fyrir á öldum og sem einkaathöfn í leynum.

„Galdur var ekki félagslegt fyrirbæri hérlendis á þeim tíma. Nú á dögum er galdur aftur að koma inn sem magiu-tengd tíska og þess eru dæmi hérlendis að fólk hittist í hópum – aðallega konur – og reyni fyrir sér með ýmslegt. Víða úti í heimi eru til virk sam-

félög norna sem halda samkomur og nornapung þangað sem fólk kemur alls staðar að. Til eru efnismiklar vefsíður sem hægt er að skoða tengdar þessu og göldrum almennt.“

Ólína segir galdra tengjast frumstæðri þörf mannsins til þess að hafa áhrif á líf sitt, aðstæður og umhverfi, og að þeir séu nátengdir trúarbrögðum.

„Þörf mannsins til að hafa áhrif á afkomu sína og líðan, umhverfi sitt og framtíð, birtist bæði í trúarbrögðum og galdraathöfnum,“ segir hún. „Það sem skilur á milli galdraíðju í okkar menningu og trúarbrögða er að í galdri eru náttúruöflin í aðalhlutverki en í trúarbrögðum er það guðlegur máttur. Frumstæð tenging okkar við nátt-



Þegar fólk samstillir krafta sína getur svo margt gerst sem erfitt er að útskýra – eins og galdur – enda byggja ýmsir galdrar á hópefli.

Dr. Ólína Þorvarðardóttir þjóðfræðingur

úruöflin hefur fylgt okkur frá örófi alda og hefur þróast yfir í trúarbrögð og galdraíðkun en birtist líka í listsköpun og hóphegðun af ýmsum toga.“

Ólína segir margt í hegðun fólks

í hinu daglegu lífi vera nátengt galdraíðju án þess að fólk geri sér grein fyrir því.

„Þegar fólk mætir á íþróttakappleiki og óskrar af öllum lífs og sálar kröftum á kempurnar, tekur þátt í klappstýrusíðum með söngvum og bylgjum, þá er mannföldinn að samstilla sig í taktvissri hegðun með hrópum og hreyfingum til að hafa áhrif á gang leiksins. Þetta er í raun galdraathöfn sem byggir á samstillingu og hóphegðun, nauðalík þekktum og gömlum stríðsgöldrum sem iðk- aðir hafa verið á Fílabeisströnd Afríku. Þegar fólk samstillir krafta sína getur svo margt gerst sem erfitt er að útskýra – eins og galdur – enda byggja ýmsir galdrar á hópefli.“

Hefði verið brennd á báli áður fyrr

Tanya Lind Pollock hefur verið kölluð norn, andskoti og engill frá unga aldri. Hún er í góðu sambandi við jörðina, getur sagt fyrir um náttúruhamfarir ásamt því að opna hjarta ríkisstjórnarinnar. Hún segist þó fyrst og fremst vera vísindakona.

Frá því að ég var lítil stelpa hef ég verið kölluð norn og ég er líklega norn, þótt ég myndi frekar kalla mig vísindakonu,“ segir Tanya en hún er alin upp við afar blandaða lífsspeki – allt frá náttúru trú og kristinni trú til indjánafræða.

„Íslenska fjölskyldan mín er yndislega spes, allir mjög náttúru-tengdir og margir mjög næmir. Það hefur alltaf verið sjálfsgæður hlutur í minni fjölskyldu að vera berdreyminn, sjá drauga, álfa og vera með sterkt innsæi. Einnig læra inn á jurtir og óhefðbundnar lækningar. Það hefur bara verið hluti af mínu uppeldi að læra inn á öfl náttúrunnar og bera virðingu fyrir henni.“

Föðurætt Tanyu er að hluta til frá Norður-Ameríku, á rætur að rekja til Írlands og indjana, og er einnig mjög andlega sinnuð en á annan hátt.

„Þau eru mörg mjög strangtrúuð, fara oft í kirkju og alltaf að biðja bænir. Einnig er indjánatrú undirliggjandi. Þar er norn kölluð shaman og ég var alltaf kölluð það þegar ég var lítil. Það var eitthvað við mig, ég hræddi fólk og það vissi ekki hvort ég væri engill eða einhvers konar andskoti. En indjánarnir í ættinni kenndu mér síðan um shamanisma þegar ég stálpaðist og þá fór þetta að skýrast fyrir mér og ég skildi eðli mitt betur.“

Tanya segist vera mjög forvitin og skoða mikið vísindi til að skilja það sem margir telja vera yfirnátúrulegt.

„Ég reyni að skýra tilvist annarra vídda, áru og drauma með vísindum. Einnig hvernig ég geti vitað hluti fyrirfram og hvernig hægt sé að virkja og vinna með orku. Því meira sem ég rannsaka hvernig allt virkar, því einfaldara verður það. Fyrir mér snýst þetta um ljós, víbra og tíðni. Þannig virkar alheimurinn. Allt hefur bylgjur og það eru bylgjur alls staðar í kringum okkur en það er bara spurning hvernig við stillum okkur inn, eins og útvarp. Flestir kannast við að ganga inn í herbergi og án þess að vita það fyrirfram þá finnur maður að fólk hafi verið að rifast þarna inni. Eða bara að hitta einhvern og skynja góða nærveru.



ENGILL EÐA ANDSKOTI Tanya segir fólk hafa hræðst hana þegar hún var lítil en hún skildi eðli sitt betur þegar hún lærði um shamanisma úr indjánafræðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Þetta er ekki vúdú, heldur er þetta í eðli flestra lifandi vera – þessi skynjun leiðir okkur frá hættum og að öryggi. Maður finnur í sér hvað er rétt og hvað samsvarar orku manns,“ segir Tanya og ítrekar að fyrir henni séu galdrar vísindi og að allir séu að galdra eitthvað. „Fólk er bara mismeðvitað. Það er ekki mikill munur á óskum og bænnum – og því sem ég geri. Flestir hafa einhver markmið í lífinu og vinna að því að gera það að veruleika. Það er galdur í því.“

Tanya iðkar ekki eina sérstaka trú heldur sækir reynslu og vitn-

eskju frá nokkrum stöðum, til dæmis úr shamanisma og ásatrú.

„Ég fylgist vel með náttúrunni, hvernig dýr haga sér, skýjunum, sjónum, vindinum, jörðinni, sólinni og tunglinu. Ég hef oft en ekki gefið áreiðanlegri veðurfréttir en veðurstofan og ég finn þegar það er spennan í jörðinni sem boðar gos eða stóra skjálfta. Náttúran gefur skýr skilaboð fyrir þá sem hlusta.“

Með þessari meðvitund hefur Tanya áttað sig á að athafnir og bænir geti verið kröftug leið til að virkja orkuna.

„Ég bý til altari með táknum, kristöllum, beinum, fjöðrum og reykelsi til að skapa aðstæður sem hjálpa mér að beina orku í vissa átt. Ég blessa eitthvað og sendi ljós út í heim, gef þakkar og bið bænir. Ef ég

er að gera eitthvað mjög mikilvægt eins og að reyna að opna hjarta ríkisstjórnarinnar, þá er ég með athöfn á fullu tungli og held áfram í nokkra daga á eftir til þess að gefa aukakraft í seiðinn.“

Tanya hefur aðstoðað fólk með bænnum, með því að hreinsa orku eða verið milliliður þegar það þarf að ræða við álfa og aðrar náttúruvættir. Svo er hún líka mjög tengd geimverum en hún segir það vera lengri sögu. Hún segist alltaf vera að kukla eitthvað en sé alls ekki að reyna að vera eitthvað eða hafa sérstök áhrif.

„Ég er frjáls í dag og get verið samkvæm sjálfri mér hér á Íslandi. Ég er umhyggjusöm og glöð, ég vil vera hreinn spegill fyrir heiminn og gefa frá mér ástarljós og jákvæða

„Ég hef oft en ekki gefið áreiðanlegri veðurfréttir en veðurstofan og ég finn þegar það er spennan í jörðinni sem boðar gos eða stóra skjálfta. Náttúran gefur skýr skilaboð fyrir þá sem hlusta.“

strauma. Ég fæ mikla ást frá heiminum til baka. Það er nógu gott fyrir mig og er bara minn eðlilegi lífsstíll. Ég hef bara alltaf verið svona – í gegnum margar lífstíðir. Ég get ekki annað en unnið með þessu. Ég hefði svo sannarlega verið brennd á báli í gamla daga og þakka bara fyrir að það er ekki lengur gert.“ ▶

20%
afsláttur af
öllum vörum
LAUGARDAG OG
SUNNUDAG

OPNUNARHÁTÍÐ ICEWEAR MAGASÍN

LAUGARDAGINN 9. MAÍ

VERIÐ VELKOMIN Á OPNUNARHÁTÍÐ ICEWEAR MAGASÍN
Í AUSTURSTRÆTI, LAUGARDAGINN 9. MAÍ.
OPIÐ FRÁ 09-22 ALLA HELGINA

TÓNLISTARATRÍÐI

Strákarnir í

Baby it's only you

taka lagið ásamt

Lily Of The Valley

á milli kl. 14-16.

LÉTTAR VEITINGAR

fyrir alla fjölskylduna.

Skoðaðu íslenskt
handverk, bækur
og safngripi.

Smakkaðu poppið
frá Ástrík, súkkulaði,
sultur og ótal margt
fleira íslenskt góðgæti.



ICEWEAR ❄️ **MAGASÍN**

Austurstræti, 101 Reykjavík • www.icewear.is



Tengir við tunglið og sendir óskir

Halla Frímansdóttir notar stjörnuspeki til að fremja tunglalda. Hún hjálpar fólki að verða frjótt og opna hjarta sitt.

Tunglganginn nýti ég mér einna mest og fylgi honum vel eftir," segir Halla sem hefur fengið vegna iðju sinnar viðurnefnið Halla Himintungl. Halla nýtir kunnáttu sína í stjörnuspeki til að haga lífi sínu og hegðun eftir tunglengi – og þannig fá sem bestan árangur. Á þann hátt fremur hún galdur.

„Á tómu tungli er best að losa sig við eitthvað, loka kafla eða sleppa tókunum. Svo næsta dag kemur nýtt tungl og þá opnar maður fyrir einhverju nýju. Ég sendi óskir á nýju og fullu tungli og einnig er mjög sterkt að vera með fyrirbærir í þessum tungl-afstöðum. Svo klippi ég neglur á vaxandi tungli því þá heldur orkan áfram að vaxa í stað þess að hún minnki á minnkandi tungli. Í dag og fram til 21. maí er sólin í nautsmerkinu og svo verður nýtt tungl í nauti þann 18. maí, þetta er góður tími til að vera í sjálfsrækt með líkamann og almennt heilbrigði.“

Skilningur Höllu á göldrum er að hjálpa einhverjum að koma lífi sínu til betri vegar. „Allir geta galdrað en þetta byggist á samvinnu og samkrafti. Ég geri ekkert ein. Það sem ég aftur á móti get hjálpað við er tengingin við náttúruöflin, ég tala við þau og tengi síðan við andann.“

Halla hefur þannig aðstoðað fólk við að tengjast náttúrunni til að fá lausn á ýmiss konar vanda.

„Ég hef aðstoðað konur við að verða frjórrí. Þá gerum við einfalda og skemmtilega galdra saman niðri við hafið og þetta er eitthvað sem allir geta gert. Þá fer maður niður í fjöru, snýr sér í vesturátt og jarðtengir fæturna við jörðina. Síðan stendur maður andspænis hafinu og andar í takt við öldugang hafsins. Inn í lungun og ofan í magastöðina og anda frá þegar sjórinn flæðir út. Þegar öndunin er komin í takt við báru hafsins vaggar maður



GALDRAÐ Á GRÓTTU Halla sendi fyrstu óskina sína til tunglsins árið 1996 á Gróttu og hún rættist mánuði síðar. Síðan þá er Gróttu eftirlætis galdrastraðurinn hennar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

sér eins og tré sem blaktir áreynslulaust í loftstraumi og fer þannig dýpra inn í eigin hugleiðslu. Um leið kallar maður á frjósemisorku jarðarinnar og tengir hana við lífsorkuna sem er staðsett í magastöðinni og er móðurstöð sköpunarkraftsins

sem við eigum öll innra með okkur. Þannig geta konur orðið frjórrí.“

Hefurðu séð árangur af þessu? „Já, og ég hef líka hjálpað fólki að opna hjartastöðina þannig að það verði ástfangið. En ég get ekki gefið upp þann galdur, hann er sérsaum-

aður að hverjum og einum. En ég læt ekki einhvern verða ástfanginn af ákveðinni manneskju. Það er svartigaldur og ég stunda hann ekki. Ástin er frjál og hittir í mark þegar hugur og hjarta eru samstillt á að þiggja og njóta.“

„Svo klippi ég neglur á vaxandi tungli því þá heldur orkan áfram að vaxa í stað þess að hún minnki á minnkandi tungli.“



SPÁIR Í TAROT
Pórunn Elísabet segist nota brjóstvitið þegar hún les í tarot-spilin. Lesturinn komi ósjálfrátt og maður ráði ekki framhaldinu.
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Galdurinn er að opna hjartað og á innsæið

Pórunn Elísabet Sveinsdóttir sér stundum fyrir horn og lána dómgreindina við tarotlestur.

„Ég veit ekki hvort ég er norn en það eru vissulega einhverjir sem kalla mig það,“ segir Pórunn Elísabet. „En ég les í spil.“

Pórunn segir að maður ráði litlu þegar lesið er í tarotspil. Að maður sé bara í raun að lesa, eins og að lesa skáldsögu, og maður ráði ekki framhaldinu.

„Galdurinn er að opna á innsæi sitt. Í gamla daga var það kallað að nota brjóstvitið. Maður les með hjartanu, frekar en heil-



anum. En maður þarf að vera opin og vel tengdur náttúruöflunum. Ég sé stundum fyrir horn, ætli það sé ekki best að orða það þannig.“
En af hverju leitast fólk í að láta spá fyrir sér? „Það er kannski haldið valkvíða og leitast eftir leiðbeiningum. Hversu oft fær maður ekki lánaða dómgreind frá öðrum til að hlusta á sjálfan sig tala eða hugsa og taka ákvarðanir? Maður er að fá staðfestingu á eigin vilja og opinberunin er manns eigin.“

Nornasamfélagið stórt úti í heimi

Indíana Erna Þorsteinsdóttir er náttúrunorn sem tekur það sem hentur henni úr hverri trú. Hún segir nornafordóma vera litla á Íslandi.

Wicca er viss náttúrudýrkun þar sem trúað er á alheimsandann og náttúrugyðjan er dýrkuð.

„Wicca er viss heiðni en ég á samt líka mína barnatrú. Ég er viss trúarlegur hræsnari,“ segir Indíana og bætir við að hún taki það sem henti henni úr hverjum trúarbrögðum og því sé heimili hennar fullt af krossum, fimm arma stjörnum og búddastyttum. „En náttúran er mín kirkja og ég er mjög tengd tunglinu. Ég nota kerti, jurtir og fleira og er mest í heilunar-, verndar- og hreinsunargöldrum. Ég er ekki í ástargöldrum eða einhverju slíku, enda vil ég ekki rugla í frjálsum vilja.“

Indíana segir marga dýrka Wicca á Íslandi þótt hvorki séu til formleg samtök né nornasamkomur skipulagðar.

„Það eru stór samfélög úti í heimi og ég hef ekki tölu á þeim Wicca-grúppum sem ég er í á Facebook. Það er mikill áhugi á Íslandi því að hér er mikil trú á álfa og vættir og fólk er heillað af því að hér eigi að reisa ásað.“

Indíönu finnst Íslendingar almennt vera afar frjálslýndir þegar kemur að göldrum og heiðinni trú. Það er eitthvað sem erlendar nornir öfunda þær íslensku af. „Fólk er ekkert að kippa sér upp við þetta. Jú, jú. Sumir halda að þetta sé tengt djöflinum eða eitthvað grín en fyrir mér er þetta full alvara og alls ekki frá djöflinum. En það eru engir alvarlegir fordómar í gangi.“



TENGD KÖTTUM Indíana segir að nornir eigi sín dýr sem þær tengjast vel og hún er afar tengd köttum. Hér er hún með Krumma sem valdi hana sem eiganda á sínum tíma. Og já, hann er svartur með gul augu.

FRÉTTABLAÐIÐ/HILMAR BRAGI

Galdur er það sem við náum ekki að skilja

Eyrún Heiða Skúladóttir segist sannarlega vera norn án þess að hafa snefil af yfirnáttúrulegum hæfileikum.

„Ég er norn, já. En ég hef enga yfirnáttúrulega hæfileika,“ segir Eyrún Heiða. „Það að vera norn er hluti af því hver þú ert. Ef þú þarft að fara í búning og breyta heima hjá þér til að vera norn, þá ertu ekki norn.“

Eyrún Heiða segir galdur vera eitthvað sem þú getur ekki útskýrt og sé að finna í öllum trúarbrögðum. „Það er margt í lífinu, í vísindum, eðlisfræði og efnifræði til dæmis, sem erfitt er að útskýra og við köllum það galdur. Maður veit að það er ekkert yfirnáttúrulegt, heldur eitthvert náttúruaf

sem maður nær bara ekki alveg utan um.“

Eyrún segir fullt af fólki reyna að galdra í sínu daglega lífi án þess að hafa hugmynd um það. „Eins og þegar þú biður kökuna um að falla ekki, þegar þú tekur hana úr ofninum eða mantrar „ekki rautt ljós, ekki rautt ljós“, þegar þú ert að keyra í umferðinni.“

Eyrún Heiða notar meðal annars tarotspil og rúnir við sína galdra

„Oft er hugurinn fastur þegar maður stendur frammi fyrir vanda máli. Þá leggur maður rúnir, sér

vandann í nýju ljósi og opnar hugann fyrir nýjum leiðum til að leysa vandann.“

En hvernig eru rúnir notaðar til að galdra? Ef þú vilt eignast pening þá notar þú férúnina og stingur í vasann. Og í hvert skipti sem þú snertir rúnina í vasanum manstu eftir þessu markmiði þínu. Rúnin er tákn fyrir markmiðið. Alveg eins og krossinn í kirkjunni minnir kristna á herra markmið og það að skrifa í spegilinn á morgnana „brostu“ minnir mann á gleðina. Og eins og fyrir galdur nær maður frekar markmiði sínu.



SPÁIR Í RÚNIR
Eyrún Heiða les út úr rúnatákn- um og hjálpar þannig sjálfri sér og öðrum að sjá nýjar lausnir á vanda- málum. Hún segir ekkert yfirnáttúrulegt eiga sér stað.
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



ORÐ ERU ÁLÖG Sigríður Klingenberg hefur oft sagt að í orðum felist galdur.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ALLAR KONUR ERU TÖFRANDI NORNIR

„Galdur er annað orð yfir töfra. Konur eru töfrandi,“ segir Sigga Kling sem er þekkt fyrir göldróttar stjörnuþár og gefur dæmi um tvo vinsæla galdra.

Ástargaldur

Tveir steinar eru teknir og sett ást, umhyggja og falleg orð í þá. Svo eru þeir blessaðir saman. Annar steinninn er settur í vasa manneskju sem þú berð hug til en hinn geymir þú í eigin vasa. Að lokum munu steinarnar finna hvor annan á ný.

Nágrannagaldur

Galdur má aðeins leiða gott af sér. Þannig að ef þú vilt losna við nágrannana þá verður þú að óska þeim einhvers betra. Sjávarsalt er tekið og góð orka sett í það, fallegar bænir og ósk um að fólkið fái betri stað til að búa á. Saltinu stráð fyrir framan dyr nágrannanna.

Ertu með góða hugmynd fyrir Menningarnótt?

Menningarnótt fagnar 20 ára afmæli sínu þann 22. ágúst nk. Við ætlum að fagna þessum merku tímamótum með því að styrkja skemmtilega og frumlega viðburði. Viðburðir hátíðarinnar eiga sér stað víðsvegar um borgina, m.a. á torgum, í portum, gördum, galleríum, verslunum, menningarstofnunum og heimahúsum.

Við úthlutun í ár verður kastljósinu beint að viðburðum á torgum miðborgarinnar; nýjum og gömlum, stórum og litlum, fundnum og földum. Sú tenging er þó ekki skilyrði fyrir styrkveitingu. Við tökum vel á móti öllum umsóknum.

Menningarnæturpotturinn er samstarfsverkefni Höfuðborgarstofu og Landsbankans sem hefur verið máttarstólpi Menningarnætur frá upphafi.

Veittir verða styrkir úr pottinum, 50-200.000 kr. til einstaklinga og hópa sem vilja skipuleggja fjölbreytta og áhugaverða viðburði á Menningarnótt.

Tekið er við umsóknum um styrki úr sjóðnum til og með 1. júní á www.menningarnott.is.

Nánari upplýsingar um styrki hátíðarinnar veita viðburðastjórar Höfuðborgarstofu í síma 590 1500 og á menningarnott@reykjavik.is.



JÓHAN & LEWIS - JUS - SIA

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



GALDRAFÁRIÐ Á ÍSLANDI

1625

hófst galdrafárið á Íslandi og stóð til 1720.

VILLUTRÚ

Hvítigaldur sem átti að leiða gott af sér og svartigaldur sem átti að valda skaða var hvort tveggja talið villutrú og hafði í för með sér dauðarefsingu.

22

KARLMENN voru brenndir á báli fyrir galdra á Íslandi og ein kona.

Lykilleiga

Löngu tímabær á íslenskum bílamarkaði

Lykill verður á stærstu bílasýningu ársins, **ALLT Á HJÓLUM** sem fer fram í Fifunni í dag kl. 11-17 og á morgun kl 12-17. Komdu við á kynningarbás okkar og kynntu þér kosti Lykilleigunnar.

Hagkvæmni

Lykill nýtir sér stærðarhagkvæmni við öll kaup sem þú nýtur í lægri rekstrarkostnaði. Reglubundið viðhald og umsjón Lykils með bílnum ætti því að auka endursöluverðmæti og minnka afföll sem skilar sér í lægri leigu á leigutímanum.



Þú velur bílinn í samráði við okkur og greiðir svo fastar leigugreiðslur í allt að 3 ár.



**Tryggingar, dekk, viðhald og öll þjónusta innifalin.
Einfaldara verður það ekki.**

Lykillán

Allt að **90% lán** á nýjum bílum og **80% lán** á notuðum bílum, á jöfnum greiðslum til **allt að 7 ára**.

ÚR FJÖLSKYLDUALBÚMINU



ALSÆLL Með eiginkonunni Zarelu. KÁTIR Hlynur og pabbi. ÚTI AÐ LEIKA Luna Lind og pabbi.

Í malbikun er hugurinn frjáls

Jón Þór Ólafsson sá möguleika í þingmannsstarfinu til að hafa áhrif sem ykju sjálfstæði fólks og minnkuðu kúgun. Hann ætlar að víkja af þingi í haust og sinna sjálfböðastörfum fyrir flokkinn sinn enda sáttur við að hafa lítið milli handanna.

Gunnþóra
Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



**PEKKTU
PINGMANNINN**
Pírati Reykjavík suður

Jón Þór Ólafsson

Fæddur 13. mars 1977
Hvaðan Reykjavík
Maki Zarela Castro
Börn Luna Lind og Hlynur
Menntun Stúdent frá MR
Nám í heimspeki og viðskiptafræði við HÍ 2002-2013

Störf Sumarstarfsmaður hjá Malbikunarstöðinni Höfða, aðstoðarmaður þingmanns. Alþingismaður frá 2013

Í stjórn Hreyfingarinnar, Grasrórtarmíðstöðvarinnar, IMMI – alþjóðlegrar stofnunar um upplýsingafrelsi

Í úrskurðaráði Dögunar, stjórn mála-samtaka um réttlæti, sanngírni og lýðræði

Formaður Pírata
Áhugamál Að hugsa, hugleiða og hanga með fjölskyldu og vinum

Hvernig hefur þér líðið á Alþingi?

Vel og illa, eins og flestir upplifa eflaust í nýju og krefjandi starfi. En starfið er spennandi og opnar á fjölmörg tækifæri til að hafa áhrif. Þetta eru lítil eiginleg völd – óbreyttir þingmenn eru ekki í raun með löggjafarvaldið, það er að mestu í ráðuneytnum – en þingmenn geta haft mikil áhrif á stefnumótun í samfélaginu ef þeir leggja sig fram við það, og jú, einhver áhrif stundum á löggjöf.

Hafa kjósendur mikið samband?

Öðru hvoru, og þá geri ég þeim grein fyrir hvaða verkfæri ég hef sem þingmaður og að mér sé gert að beita þeim sem best til að ná grunnstefnu Pírata, sem er mitt umboð frá kjósendum. Aukið gagnsæi hins opinbera er eitt meginmarkmið okkar Pírata svo ég aðstoða fólk oft við að afla upplýsinga sem því hefur verið neitað um að fá með öðrum leiðum. Með upplýsingaþyngningunni er gagnsæi orðið sjálfsagður hlutur í hugum fólks og þegar tæknibyltingar breyta forgangsröðun á gildismati fólks þá snúa valdhafar ekki þeirri þróun við. Framtíðin verður gegn-særri.

Varstu spennur fyrir starfinu?

Stór tækifæri til að hafa áhrif sem auka sjálfræði og minnka kúgun hreyfa við mér – hugurinn hefur alltaf sjálfkrafa leitað þangað – og ég er yfirleitt tilbúinn að sinna forystuhlutverki, ef og á meðan það er nauðsynlegt. Nú ætla ég hins vegar að hætta í haust.

Af hverju? Varþingmaðurinn okkar, Ásta Helgadóttir, er til í



PINGMADURINN „Klassísku prakkarastrikin voru sykur í saltið og salt í sykurinn, já, og í viskið hans pabba,“ segir Jón Þór grallaralegur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

→ Helstu baráttumál

- Að auka sjálfræði og minnka kúgun
- Að efla borgaraleg réttindi

JÓN ÞÓR Í PINGSAL GAGNRÝNI Á SÓUN FJÁR OG MÖGULEIKA TIL LÆRDÓMS

11. apríl 2014

“Fyrir dag reif ég þrjá 10 þús. kr. seðla í ræðustólum til að benda á og gagnrýna það að setja 600 millj. kr. rannsóknarskýrslu upp á 2 þús. blaðsíður á dagskrá Alþingis degi eftir að hún kom út.

23. jan 214

“...ef við aukum valfrelsi nemendanna nýtum við krafta þeirra. Við nýtum sjálfstæði þeirra, við styrkjum frumkvæði þeirra og forvitni.

26. janúar 2015

“Það er svo mikilvægt að almenningur geti haft aðhald með þeim sem fara með framkvæmdarvaldið, löggjafarvaldið og dómsvaldið.

slaginn og hefur sérþekkingu, meðal annars úr starfi sínu sem aðstoðarmaður Evrópuþingmanns Pírata, sem mikilvægt er að koma að í þingstarfinu. Það er ekki lengur nauðsynlegt að hafa mig á þingi til að Píratar nái meginmarkmiðum sínum. Það eru hins vegar önnur verkefni innan Pírata sem nauðsynlega þarf að setja í gang og gera sjálfbær, svo sem að fá kjósendur okkar á kjörstað, þar mun ég nýttast sem sjálfböðaliði. Ég hef alltaf verið sáttur með lítið á milli handanna og bý við þann lúxus að geta gert það sem mér finnst mestu máli skipta hverju sinni.

Eitthvert starf sem heillar? Malbikun. Þar er hugurinn frjáls. Vinnan mín þar er líkamleg og mest á sjálfstýringu svo hugarinn er frjálst að sinna því sem áhuginn stendur til hverju sinni eða bara vera kyrr og friðsæll.

Hver er þín helsta fyrirmynd í lífinu? Engin í dag. Ég hef þó mikið lært af Lao Tse, Jesú og Búdda, Noam Chomsky, Peter Drucker og Eckhart Tolle – og geri enn.

Hver var uppáhaldsnámsgreinin þín í grunnskóla? Mér fannst víst stærðfræði æðisleg þar til ég kom grátandi heim úr skólanum undan kennara sem hafði þvingað mig til að stroka út þær blaðsíður sem ég hafði reiknað umfram áætlun. Stærðfræði í slíkum höftum var ekki eins skemmtileg. Eins og margir þá þrífst ég ekki nema við einstaklingsmiðað nám. En slíkt hefur ekki verið mögulegt nema fyrir mjög fáa, mjög efnaða einstaklinga í gegnum mannkynssöguna. Góðu fréttirnar eru að einstaklingsmiðað nám fyrir alla er að verða mögulegt því menntaforrit geta í dag lært inn á nemendur. Rétt eins og Facebook veit oft fyrirfram hverjir eru að fara að

þyrja saman eða slíta sambandinu, þá læra menntaforrit hvaða lexíur henta hverjum og einum, hvernig nemandinn meðtekur best upplýsingar og hvort hann þarf frekar frið eða félagsskap við námið. Það eru svona 10 til 15 ár í að þetta verði komið í almenna notkun.

Ertu hjátrúarfullur eða draumspakur maður? Nei. En draumar geta verið ágæt innsýn í eigið tilfinningalíf. Hvaða langanir endurtaka sig og hvaða ótti gerir oft vart við sig?

Hvað ertu bestur í að elda? Það dæma aðrir um en ég elda yfirleitt á heimilinu og þá eru tvær nálganir í boði. Einfalt, fljótgert og bragðgott, eða skemmtilegt og bragðgott. Oftast elda ég núðlukjötssúpu sem tekur örfáar mínútur að henda í pott. Matreiðsluþátt, þar sem ég elda súpuna, er hægt að finna með því að Google: „núðlukjötssúpa“.

Hefur þú búið erlendis? Já, í Danmörku við fiskvinnslu og hótélstörf, í Frakklandi við nám, í trucki á ferðalagi frá Katmandú til Kaíró og í Perú sem heimavinnandi húsaðir meðan konan mín var í námi.

Hvert er mesta prakkarastrikið sem þú hefur gert? Þau klassísku voru sykur í saltið og salt í sykurinn, já, og í viskið hans pabba. Annað sem kemur upp í hugann er tilraun okkar krakkanna að fá elsku frænku okkar á Skaganum til að hætta að reykja með sigarettusprengju. Fyrir tilviljun þá er það sama frænka mín og kom í heimsókn og drakk salt kaffi. En sigarettan sem átti að kenna henni mikilvæga lexíu endaði uppi í hennar gesti svo við krakkarnir fengum að heyra meira en hvellinn í sprengjunni.

„Skiljanlega mest seldi bíll heims“

- bílblaðamaður Fréttablaðsins



NÝR FORD FOCUS

- › Ford Focus er Íslendingum kunnur fyrir framúrskarandi gæði, frábæra aksturseginnleika og hagkvæmni í rekstri. Nú er kominn nýr Ford Focus sem hefur verið endurhannaður bæði að innan og utan. Fjöðrunin er jafnframt ný, staðalbúnaðurinn mikill og hann er fánlegur með tveimur nýjum og spennandi vélum.

Fréttablaðið birti bíladóm um nýjan Ford Focus og niðurstaðan er einföld: „Ford Focus hefur lengi verið mjög góður bíll og góð kaup. Nú er hann bara orðinn enn þá betri og fæst samt á góðu verði“.

Komdu og prófaðu mest selda bíl í heimi.

FORD FOCUS

FRÁ **3.290.000** KR.



Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverstun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

ford.is

Viltu vita meira um Ford Focus?

Nýja kynslóð Ford Focus státar af fjölmörgum tækninýjungum. Þar má nefna Torque Vectoring Control sem tryggir akstursánægju þína. Eins má nefna endurbætta Bilastæðaaðstoð (aukabúnaður) sem nú leggur bæði í stæði sem eru samhliða og þvert á akstursstefnu. Að auki er nú fánlegt GPS leiðsögukerfi með Íslandskorti. Ford Focus er jafnframt eini bíllinn sem hefur hlotið fjögur öryggisverðlaun frá Euro NCAP. Nýi Ford Focus hlaut einnig titilinn „Besti bíllinn“ í flokki meðalstórra fjölskyldubíla eftir að hafa fengið fullt hús stiga í öryggis- og árekstraprófunum Euro NCAP. Focus er fánlegur með Ford EcoBoost vélinni sem hefur hlotið titilinn vél ársins (International Engine of the Year) þrjú ár í röð.

Ford Focus 5 dyra/station, EcoBoost bensín 125 hð. 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,7/4,8 l/100 km. CO2 losun 108/110 g/km.
Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



HLJÓMSVEITARTÖFFARI Kalli hefur verið í tónlistinni nánast alla sína tíð en vinnur nú að sinni fyrstu sólóplötu.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

ÖRLAGAGALDUR KALLA TOMM

Ef maður sækir í birtuna þá nær maður henni segir **Karl Tómasson** tónlistarmaður og fyrrverandi forseti bæjarstjórnar í Mosfellsbæ. Hann vinnur nú að sinni fyrstu sólóplötu en hann þekkir einnig mótbyr; missti allt sitt í hruninu en sér nú fram á bjartari tíma.

Vinsælu nuddbökkirnir frá
RUCK eru komnir aftur!



Verð aðeins
49.200 kr.

L x b: 186 x 70 cm H: 64-86 cm Þyngd: 21 kg Burðarþol: 250 kg
Fylgihlutir: Taska, höfuðpúði og púðar fyrir hendur.

KEIMUR GYLFAFLÖT 16-18, 112 RVK - S: 571 571 0
Heildsala KEIMUR@KEIMUR.IS - WWW.KEIMUR.IS

Magnús
Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Hann kemur brosandí út á móti mér úr gömlu og fallega uppgerðu húsi í Álafoskvosinni. Það er bjart og fallegt yfir honum, handabandið þétt og innlegt og hann býður mér til stofu á meðan hann er að klára að hella upp á. Allt ilmar af kaffi og köldu vori. Karl Tómasson, eða Kalli Tomm í Gildrunni eins og margir þekkja hann, hefur tekist á við sitt hverja raunina á síðustu árum en Líney Ólafsdóttir, eiginkona hans, og börnin þeirra, þau Ólafur 25 ára og Birna fimmtán ára, hafa staðið þétt saman.

Forseti bæjarstjórnar

Árið 2006 lét Kalli til leiðast að fara í sveitarstjórnarmál. Fæddur og uppallinn Mosi, eins og hann segir sjálfur, var fenginn til þess að leiða lista VG í Mosfellsbæ. „Ég lét til leiðast reynslulaus og sé ekkert eftir því. Þetta voru átta lærdómsrík ár. Við unnum glæstan kosningasigur og komumst í oddastöðu. Reyndum fyrst að mynda meirihluta með Samfylkingunni og Framsókn en það gekk ekki upp. Það fór að endingu svo að við mynduðum meirihluta með Sjálfstæðisflokknum. Það þekkja allir alla í svona bæjarfélagi og við erum öll meira og minna vinir. Þetta var í fyrsta sinn sem VG var í meirihluta á landinu í sveitarstjórn undir eigin nafni. En það varð allt vitlaust. Við þóttum hafa sviðið vinstrið og þetta varð á tíðum ansi óvægið. En svo fóru menn að sjá að þetta samstarf gekk eins og í sögu og okkur gekk vel að koma okkar að og í framkvæmd.“

Misstum ekki vonina

Það gekk allt glimrandi vel hjá Kalla og fjölskyldunni í Kvosinni á þessum tíma en svo kom hrúnið og það fór allt til fjadans. „Við gerð-

um upp stórt gamalt hús hér í Álafoskvosinni en gerðum þau hrapallegu mistök að kaupa okkur stórt einbýlishús – allir sögðu að gamla húsið myndi seljast einn tveir og þrír en hrúnið stoppaði allt og við stóðum uppi með tvö stór einbýlishús og allt fór úr böndunum. Við réðum ekkert við þetta og misstum hreinlega allt okkar.

En við erum komin aftur hérna í Álafoskvosina í okkar gamla hús og höldum í vonina um að geta eignast það aftur einn góðan veðurdag. Það er mikill og stór draumur fjölskyldunnar því að hér líður okkur afskaplega vel.

Enginn feluleikur

Ég sagði af mér sem forseti bæjarstjórnar. Ég fann að fólk kunnir að meta að ég fór þá leið að leyndu enu um ástandið. Það eru lög í landinu sem segja til um það að maður í gjaldþrotaferli geti ekki gegnt svona ábyrgðarstöðu svo ég vék og fékk mikinn stuðning í bæjarstjórninni og frá fólki um land allt. Með því að koma hreint fram þá varð þetta aldrei að neinu skítamáli eins og sumir fjölmiðlar virtust vilja. Menn reyndu að búa eitthvað til en þar sem allir vissu allt um málið þá gátu allir svarað hreint og beint. Enginn feluleikur og ég gat aftur tekið sáttur við mínu embætti eftir að skiptin á búinu höfðu farið fram.

Við fjölskyldan vorum hátt í þrjú ár að gera þetta hús upp og sú vinna er öll farin. Andlega séð er þetta meira en að segja það. Auðvitað svaf maður ekki margar næturnar þegar þetta byrjaði og fyrstu fjölmiðlarnir fóru að hringja. En við Lína og fjölskyldan höldum þétt saman í gegnum þetta og það breytti öllu.

Endalok og upphaf

Um þetta leyti var mikill gangur á Gildrunni og við höldum m.a. frábæra tónleika í Hlégarði. Þetta voru ógleymanlegir tónleikar sem við hljóðrituðum og gáfum út. Við gömlu mennirnir náðum svakallegu flugi og fengum alveg gríðarlegan meðbyr. En svo kemur upp ágreiningur. Fókusinn var ekki

→ Örlagagaldur eftir Vigdís Grímsdóttur er texti titillags plötunnar sem Karl Tómasson vinnur að um þessar mundir

Pú ljúfasta vina drauma minna, engin er minning án orða þinna. Nú gef ég þér lag mitt að leika létt við þig, hlustaðu á tóninn kveða og óma.

Finndu ást mína elskan í líffinu okkar, vefja og binda þræði saman. Örlaga galdur sem allt var og verður, vildi ég gæti breytt öllu í gleði.

Pú veist að mig langar að vefja allt saman, vonina og drauminn um allt sem er horfið.

En láttu nú lagið leika létt við þig, leyfðu því strjúka hárið þitt mjúka, leyfðu því faðma fallegan hálsinn, leyfðu því syngja líf okkar saman.

Mundu það líka að ég elska þig alltaf.



”Allur minn hugur og fókus hefur verið í þessu verkefni og þetta allt má ég fyrst og fremst þakka Línu. Undanfarið ár er hreinlega búið að vera eitt skemmtilegasta ár lífs míns.

HAMINGJA Kalli og Líney heima í draumhúsinu í Álafoskvosinni.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

”Menn reyndu að búa eitthvað til en þar sem allir vissu allt um málið þá gátu allir svarað hreint og beint. Enginn feluleikur og ég gat aftur tekið sáttur við mínu embætti eftir að skiptin á búinu höfðu farið fram.

allur hjá Gildrunni, menn voru soldið víðar með fókusinn og ekki allir sammála um það að hafa hlutina þannig. Því miður, eftir öll þessi frábæru ár, varð það til þess að leiðir skildi. Ég var sár og það urðu aðrir sárir út í mig. Við erum ekki í neinu sambandi enn í dag.

En þegar einar dyr lokast þá opnast aðra. Hún Lína mín sem þekkti manna best hvað hljómsveitin var mér mikils virði hvatti mig aftur af stað í að gera mína eigin plötu og ég er að vinna að henni á fullu í dag ásamt fjölda af góðu fólki. Allur minn hugur og fókus hefur verið í þessu verkefni og þetta allt má ég fyrst og fremst þakka Línu. Undanfarið ár er hreinlega búið að vera eitt skemmtilegasta ár lífs míns.

Tónlistin

Ég er búinn að vera að vinna með alveg frábærum tónlistarmönnum. Lögin mín – sem ég hef gefið út af væntanlegri plötu – hafa fallið í mjög góðan jarðveg og þetta gengur glimrandi vel.

Ég hef verið mikið að vinna með Jóhanni Helgasyni sem er stór gestur á þessari plötu og eins hefur Guðmundur Jónsson í Sálinni hjálpað mér mikið. Svo eru þessir fínu hljóðfæraleikarar eins og Þórður Högnason kontrabassaleikari, Ásgrímur Angantýsson á hljómborð og Tryggvi Hübner gítarleikari sem hefur verið mér mikil stoð og stytta eins og Þórhallur Árnason, bassaleikari Gildrunnar og æskuvinur minn. Ég vil líka nefna hjónakornin Myrru Rós og Júlía frænda sem koma einnig við sögu og eflaust eiga fleiri eftir að bætast í hópinn.

Örlagagaldur

Fyrir fimmtán árum þá lét ég mér detta í hug að tala við Vigdís Grímsdóttur og fá hana til þess að semja einn texta fyrir Gildruna sem hún gerði en ég hef alltaf verið mikill aðdáandi hennar.

Nú fimmtán árum síðar hef ég aftur samband og biðla til hennar um að semja fyrir mig texta. Hún tók mér aftur svo vel og er búin að senda mér alveg ljómandi fallega texta. Hún og Bjarki Bjarnason, rithöfundur og vinur minn, skipta með sér textum plötunnar.

Það er svo gaman að vinna með svona djúpt þenkjandi listamönnum. Í hvert sinn sem maður fær frá þeim texta þá sökkvir maður sér oní þá og mér hefur alltaf fundist alveg gríðarlegt atriði að hafa góða texta við lög. Þannig er það til að mynda með titiltexta plötunnar, Örlagagaldur eftir Vigdís, og það er texti sem er mér ákaflega mikils virði.

Það er bjart fram undan eftir allt sem á undan er gengið og notalegt að finna að það birtir til. Ef maður sækir í birtuna og er með hugann við það eitt þá nær maður þangað – þá nær maður birtunni.“

Konfúsíusarstofnunin Norðurljós kynnir einstaka tónleika

Ómur Sálarinnar

Sound of the Soul

Iðnó – 10. maí kl. 20

Aðgangur ókeypis



Fram koma:

Deng Hong - leikur á Qin

Chen Shasha - leikur á Xiao

Cecilia Lindqvist - sögumaður

Nánar á konfusius.is



Kínversk-Íslenska menningarfélagið



Konfúsíusarstofnunin Norðurljós




Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum

UPPÁHALDS Í HÓSILÓ SONJA BJÖRK RAGNARSDÓTTIR INNANHÚSSARKITEKT



→ **STAÐURINN** **UPPÁHALDSSTAÐURINN** Eldhúsið og stofan eru samtengd rými og gluggar eru á öllum austurveggjum íbúðarinnar. Í stofunni stendur rúmgott eldhúsbord en Sonja segir að uppáhaldsstaðurinn í íbúðinni sé við borðið þar sem hægt er að sitja í rólegheitum, drekka kaffi og njóta útsýnisins.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



HANDSMÍÐ- AÐAR HILLUR

Handsmíðaðar viðarhillur eru undir gluggunum í stofunni, hillurnar teiknaði Sonja og fékk í þrítugsafmælisgjöf frá Jökli en þær eru smíðaðar af húsgagnasmíðanemanum Jóni Hinriki Höskuldsyni.

PRÍVÍDDAR- PRENTARINN

Á eldhúsbordinu stendur vígalegur prívíddarprentari. „Við keyptum hann í pörtum og settum hann svo saman, þegar allir voru að púsla um jólin vorum við að setja saman 3D-prentara.“



ALMANAK

Sonja á afmæli rétt fyrir jól og fékk í afmælisgjöf dagatal sem inniheldur 365 listaverk eftir íslenska listamenn. „Þetta er svona eins og að opna pakka á hverjum degi,“ segir Sonja.



MYNDLIST Það getur oft reynst þrautin þyngri að ákveða hvar skal hengja upp listaverk og málverk. „Þetta var eitt af verkunum sem við hengdum fyrst upp,“ segir hún en verkið er eftir grafíska hönnuðinn Kríu Benediktsdóttur.



KAFFIKVÖRN Hér eru kaffibaunir handmalaðar í gamalli kaffikvörn á hverjum morgni. „Þetta er svo mikil stemning, svo er maður líka með útsýnið,“ segir Sonja og hlær.

Gyða Lóaólafsdóttir
gydaloa@frettabladid.is

Handmalar kaffibaunir í pakíbúð á Skólavörðustíg

Sonja Björk Ragnarsdóttir innanhússarkitekt býr í pakíbúð á Skólavörðustíg ásamt kærastanum.

Sonja Björk og sambýlismaður hennar Jökull flutti inn í íbúðina í september, þrátt fyrir að hún sé ekki nema 40 skráðir fermetrar er hún vel skipulögð og rýmið nýtist vel. Sólin skín inn um stóra

gluggana og Sonja, sem er menntaður innanhússarkitekt, á alls konar fallega muni. Hún segist þó ekki vera allt of vandlát á hvaða hlutir fái fastan stað á heimilinu. „Mér finnst mjög gaman að fá eitthvað gefins og mér finnst allir hlutir eiga heima einhvers stað-

ar,“ segir hún eftir smá umhugsun og bætir við að hún tengi gjafir við þann sem gefur.

Það getur verið hægara sagt en gert að komast yfir kræsilegar leiguíbúðir en Sonja og Jökull dattu svo sannarlega í lukkupottinn. „Þegar við fórum og skoðuð-

um íbúðina var Jökull búinn að segja við mig að gera mér ekki of miklar vonir. Við vissum bara að hún væri lítil og svo komum við hingað upp og fórum bara að hlæja,“ segir hún glöð í bragði og tekur til við að sýna okkur fimm uppáhaldshlutina sína.



Komdu og fagnaðu með okkur á mánudag

Mánudaginn 11. maí opnum við glæsilegt útibú á Fiskislóð 10 og bjóðum til innflutningsfagnaðar á nýja staðnum.

Auk þess að sýna nýja húsnæðið bjóðum við upp á fjölbreytta dagskrá og skemmtun allan daginn:

- Kaffibarþjónn frá **Kaffitári** sér um hressingu
- **Hamborgarabúllan** grillar fyrir gesti milli kl. 12 og 13
- **Ís og lukkuhjól** fyrir börnin
- **Börkur og Daði** úr **Mono Town** spila í hádeginu

Við hlökkum til að sjá þig!
Starfsfólk Íslandsbanka á Granda



KRÓNAN

- fyrst og fremst ódýr!

31%
afsláttur

2499 kr. kg

Verð áður ~~3629~~ kr. kg
Lamba Prime

20%
afsláttur

3359 kr. kg

Verð áður ~~4199~~ kr. kg
KS lambakóróna, fersk

Spennandi
laxaveisla

Marinering

Pú getur valið með
Jamaica marineringu, mangóchilli-
eða lime og smjöri

15%
afsláttur

2199 kr. kg

Verð áður ~~2599~~ kr. kg
Laxaflök, beinhreinsuð



Frábært
í pottréttinn

620 kr. kg

Frosin brúnhæna

Úrbeinuð
kjúklingalæri


2 kg

4498 kr. pk.

Úrbeinuð skinnlaus
kjúklingalæri, 2 kg

Úrvalið
er hjá okkur!

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is



100%

ungnauta-hakk

Gæða hamborgarar Engin aukaefni



2x 90 g í pakka

399 kr. pk.

Ungnauta hamborgari, 2x90 g



Ungnauta steikarborgari

2x 120 g í pakka

599 kr. pk.

Ungnauta steikarborgari úr grófhökkuðu hamborgarahakki, 18-20% fita



2x 175 g í pakka

769 kr. pk.

Ungnauta hamborgari, 2x175 g



2x 120 g í pakka

569 kr. pk.

Ungnauta hamborgari, 2x120 g




164 kr. pk.

Myllu stór hamborgarabrauð



107 kr. pk.

Myllu lítil hamborgarabrauð



100% hreint ungnautahakk

1799 kr. kg

100% hreint ungnautahakk, 18-20% fita, sérútbúið til að búa til djúsi hamborgara

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

Börnin berskjölduð í Nepal

Helmingur íbúa Nepal er á barnsaldri og urðu mörg illa úti í jarðskjálftanum mikla. Meðal annars eyðilögðust meira en 24 þúsund kennslustofur þannig að nærri milljón barna fær enga kennslu. Tala látinna er komin upp í átta þúsund.

Guðsteinn Bjarnason

gudsteinn@frettabladid.is



Þegar jarðskjálftinn mikli varð í Nepal fyrir hálfum mánuði urðu börn berskjaldari en flestir aðrir. Um helmingur íbúa landsins er á barnsaldri og hefur UNICEF, Barnahjálpar Saminuðu þjóðanna, lagt mikla áherslu á að koma þeim börnum sem urðu þar verst úti til hjálpar.

Mörg börn hafast nú við undir berum himni vegna þess að heimili þeirra eyðilögðust í skjálftanum. Hreinlætisaðstaða er bágborin og næring af skornum skammti, þannig að veruleg hætta er á því að smit-sjúkdómar á borð við mislinga geti breiðst hratt út.

„Mislingar eru ákaflega smitandi og geta verið lífshættulegir. Við óttumst að þeir gætu breiðst mjög hratt út við þær þröngu aðstæður sem ríkja í neyðarskýlunum sem spröttið hafa upp og þar sem mörg börn halda nú til,“ segir yfirmaður UNICEF í Nepal, Tomoo Hozumi.

Skólaganga margra barnanna er einnig í uppnámi. Meira en 24 þúsund kennslustofur eyðilögðust í jarðskjálftanum og nærri milljón barna er án kennslu.

„Eftir því sem lengri tími líður þar sem börn eru án menntunar í kjölfar neyðarástands minnka lík-

urnar á því að þau snúi nokkurn tímann aftur í skóla. Hlé á menntun barna getur þannig haft afar slæm áhrif á þroska þeirra og framtíðarhorfur,“ segir Bergsteinn Jónsson, framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi.

UNICEF hefur einsett sér að ná til um þriggja milljóna barna á hamfarasvæðunum næstu vikurnar, bæði til að bólusetja þau sem ekki hafa þegar verið bólusettt og einnig til að koma til þeirra hreinu vatni og hreinlætisaðstöðu, teppum, tjöldum og lyfjum.

UNICEF hefur starfað á vettvangi í Nepal í meira en hálföld og gjörþekkir því innviði þar. Helstu hjálpargögn til fyrstu aðgerða voru til staðar hjá samtökunum í Nepal þegar jarðskjálftinn reið yfir.

Jarðskjálftinn sem varð 25. apríl mældist 7,8 stig. Stórir eftirskjálftar komu strax í kjölfarið.

Í gær var tala látinna komin upp í 7.903, samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni í Nepal. Enn er margra saknað til viðbótar og fullvíst þykir að tala látinna eigi eftir að hækka nokkuð. Nærri 18 þúsund manns eru slösuð.

Neyðarsöfnun UNICEF á Íslandi fyrir Nepal er enn í fullum gangi. Hægt er að styrkja hana með því að senda UNICEF í númerið 1900 og gefa þannig 1.500 krónur til neyðaraðgerðanna í Nepal. Einnig er hægt að leggja frjáls framlög inn á söfnunarreikning 701-26-102040, kt. 481203-2950.



BÓLUSETNING Neisha Shakya, sem er fjögurra ára gömul, bólusettt gegn mislingum á lítilli heilsugæslustöð í þorpi, sem heitir Bungamati í Katmandú-dalnum. „Við erum hrædd við sjúkdóma eftir jarðskjálftann, og þess vegna kom ég með Neishu hingað,“ segir móðir hennar, Maharjan. Stefnt er að því að bólusetja meira en hálfá milljón barna.

MYND/RAUÐI KROSSINN

7.903

léttu lífið í jarðskjálftanum 25. apríl. Óttast er að tala látinna eigi eftir að hækka enn.

24

þúsund kennslustofur eyðilögðust í jarðskjálftanum.

20

ár er meðalaldur íbúa í Nepal, en samtals búa þar um 26 milljónir.

FRUMSÝNUM NÝJAN HONDA CR-V

Á BÍLASÝNINGUNNI Í FÍFUNNI

LAUGARDAG MILLI KL. 11 OG 18

SUNNUDAG MILLI KL. 12 OG 17



www.honda.is



PÆRNA BJUGGU PÆR Mæðgurnar Indu Maharjan og Neisha Shakya standa við rústir hússins, sem þær bjuggu í. „Við vorum inni í húsinu þegar jarðskjálftinn reið yfir,“ segir Maharjan. „Við vorum fimm. Húsið hrundi allt. Pabbi Neishu átti í erfiðleikum með að koma okkur út. Við vorum svo hrædd. Eiginmanni mínum tókst að koma okkur út, en hann varð fyrir meiðslum á höfði.“
MYND/RAUDI KROSSINN

MINNAST HINNA LÁTNU Íbúar í höfuðborginni Katmandú koma með blóm til minningar um látna ástvíni sína á Durbar-torgi. Vitað er um nærri átta þúsund manns, sem létu lífið í jarðskjálftanum 25. apríl. Óttast er að sú tala eigi enn eftir að hækka.
FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

TJALDBÚÐIRNAR Í KATMANDÚ Níu ára stúlka, Karuna, leikur sér með klút á grasflötinni stóru í Katmandú, þar sem tjaldbúðir hafa verið settar upp til bráðabirgða. Mamma hennar og eins árs gömul systir fylgjast með.
NORDICPHOTOS/AFP



LEIKA SÉR Í TJALDINU Börnin leika sér í bráðabirgðaskýli sem sett hefur verið upp á Tundikhel, stórra grasflöt í miðbæ höfuðborgarinnar Katmandú. Upptök skjálftans, sem mældist 7,8 stig, voru í 80 kílómetra fjarlægð frá Katmandú.
MYND/RAUDI KROSSINN

HONDA
 The Power of Dreams

BERNHARD

8 UPPÁHALDS ÖPPIN

Þorsteinn B. Friðriksson
framkvæmdastjóri Plain Vanilla



- OUTLOOK**
Apple gerir frábæra síma en innbyggða pósthóttíð í iPhone er frekar slátt. Það er ótrúlegt að mest notaða appið í símanum mínum sé búið til af Microsoft.
- CHROME**
Allar upplýsingar veraldarvefsins aðgengilegar í lófanum á þér. Chrome er hraður vafri sem samstillir sig við fartölvuna mína.
- MESSENGER**
Flest öll persónuleg samskipti fara víst orðið í gegnum Facebook. Ég nota Facebook-appið sjálf mun minna en Messenger-appið.
- GOOGLE MAPS**
Ég skil eiginlega ekki hvernig fólk gat ferðast fyrir tíma Google Maps.



- ASANA**
Næstum öll innanhússamskipti í Plain Vanilla fara í gegnum Asana.
- QUIZUP**
Ég varð auðvitað að hafa QuizUp á listanum. Núna spila ég aðallega nýja prufuútgáfu af QuizUp sem kemur á markað innan skamms.
- APP STORE**
Á hverjum fimmtudegi hleð ég inn í símann minn 10-20 nýjum öppum í símann til að prófa það nýjasta á markaðnum.
- UBER**
Mitt uppáhaldsfyrirtæki. Með Uber get ég pantað mér leigubíl hvar sem er í heiminum (nema á Íslandi) og bíllinn finnur mig út frá minni staðsetningu.

Upplifði tónlistina á nýjan hátt

AUDIO TECHNICA

MH50x ★★★★★



Audio Technica MH50x heyrnartólin fóru á markað seint á síðasta ári og hafa fengið lof gagnrýnenda víða. Þegar ég fékk heyrnartólin í hendurnar til að dæma þau vissi ég af því lofi sem þau höfðu fengið, en hafði aldrei

prófað heyrnartól frá fyrirtækinu. Skemmst er frá því að segja að fátt hefur heillað mig jafn mikið á jafn skömmum tíma og breytt jafn miklu á jafn lúmskan hátt.

Eftir að hafa notað heyrnartólin í tvær vikur fann ég að ég var nánast orðinn háður þeim. Þéttur bassinn og kristaltær hljómgæðin breyta því hreinlega hvernig maður upplifir tónlistina. Mikilvægt er þó að huga að gæðunum á þeim hljóðfælum sem maður hlustar á. Til þess að stillingar upptökustjórans skili sér sem best er 256 kbs algjört lágmark. Best er að gæðin séu meiri.

Á þessum tíma sem ég notaði heyrnartólin gerðist tvennt frábært. Í fyrsta lagi gaf Gísli Pálmi út plötuna sína og var einstakt að hlusta á hana í þeim hljómgæðum sem heyrnartólin bjóða upp á. Í öðru lagi fylltist ég fortíðarþrá og fór að rifja upp gömlu plötur Prodigy. Aftur komu heyrnartólin sterkt in.

Audio Technica MH50x liggja vel að höfðinu og halda þéttingsfast utan um eyrun. Heyrnartólin eru nánast eins og peltorar, hljóðeinangrunin er slík. Þegar maður leggur þau saman með tónlistina í botni heyrir varla neitt, sem er mjög áhugavert.

Stysta snúran sem fylgir með hent- ar vel þegar heyrnartólin eru notuð með síma og sú lengsta þegar horft er á sjónvarp eða spilað á leikjatölvu. Óhætt er að mæla með þessum heyrnartólum, þau eru frábær. - kak

Að leyfa sér að dreyma

Tæki sem virðist þverbrjóta lögmál eðlisfræðinnar gæti orðið næsta stóra skref mannkyns. Reynist vísindin traust mun það auðvelda okkur að kanna vetrarbrautina. En getum við tekist á við afleiðingarnar?

Kjartan Hreinn Njálsson

kjartanh@365.is

Alheiminum er stjórnað af altækum, óhagannlegum reglum. Lögmálum sem við erum enn að kynna og munum halda áfram að útfæra um ókomna tíð. Engu að síður fylgja því viss ónot þegar eitthvað nýtt og framtíð fæst okkur til að efast. Vísindalegur forsennubrestur, ef þið viljið. Slík vandamál eru þó nauðsynlegur hluti hinnar vísindalegu aðferðar þar sem óvæntar niðurstöður kalla á svör.

Tökum ljóseindir sem dæmi. Þær tilheyra flokki öreinda. Ódeilanlegar agnir og eftir því sem við best vitum verða hlutirnir einfaldlega ekki einfaldari. Ljóseindir eru jafnframt massalausar. Þær æða því um alheiminn á ljóshraða, fylla hann af ljósi sem við bæði sjáum og sjáum ekki (allt frá gammageislum til innrauðra). Þrátt fyrir massaleysi hafa ljóseindir skriðþunga og geta því sett agnarsmáan þrýsting á það sem þær skella á.

Hvað ef?

Er hægt að nota þennan þrýsting ljóseindanna til að framkalla kraft? Margir hafa velt þessari spurningu fyrir sér. Fyrir áratug kynnti breski flugvélafræðingurinn Roger Sawyer hugmyndir sínar um tæki, EmDrive, sem gerir einmitt það og á síðasta ári hófust tilraunir.

Þetta er hugmynd Shawyers: Ljós- eindum (í þessu tilfelli örbylgjum) er kastað um hola og lokaða járn- tunnu sem mjókkar í annan endann þar sem þrýstingur margfaldast. Þetta framkallar nettókraft í lok- uðu kerfi, án þess að eitthvað yfir- gefi tunnuna. Þannig er hægt að



FARARSKJÓTI IXS Enterprise er hugmynd að geimskipi NASA sem hefur að geyma framandi orkugjafa.

MYND/NASA

knýja vél, til dæmis geimskip, án drifkrafts.

Nokkur óheppileg vandamál blasa við. Fyrst og fremst sú staðreynd að hugmynd Shawyers virðist byggjast á lögmálum framandi alheims þar sem grundvallarhugmyndir á borð við orkugeymd og varðveislu skriðþunga eru ekki til. Annað vandamál: Tækið virðist virka.


Fyrirgefðu, Newton

Þrjár litlar en þó marktækar til- raunir hafa verið gerðar með þetta undarlega tæki, sem Newton myndi líklega kalla orgel skrattans. Tvær tilraunir voru gerðar, tvær hjá NASA Eagleworks-tilraunastofunni og ein hjá kínverska Northwestern- tækniháskólanum. Allar sýndu þær fram á að EmDrive framleiðir kraft. Nýjasta tilraunin fór fram fyrr á þessu ári hjá NASA og var nákvæm- ari en hin. Tækið framkallaði 50 míkrónewton. Hlæðilega líttill kraft- ur, en kraftur engu að síður. Aukið fjármagn hefur fengist og nú geta nauðsynlegar tilraunir hafist, von- andi í lofttæmi og helst á lágbraut um Jörðu.

Það er í sjálfu sér móðgun við blessaðan Newton að draga hann inn í þetta enda þverbrýtur tækið þriðja aflfræðilögmál hans: Gagn- stætt sérhverju átaki er ávallt jafn- stórt gagnatak. Lögmál hans um varðveislu skriðþunga er fengið af þessu. Þar sem ekkert eldsneyti losnar við hröðun í EmDrive, þá er ekkert sem jafnar út breytingu á skriðþunga tækisins. Nú væri ráð- lagt að draga fram námsefnið úr eðlisfræði 101.

Varfærin bjartsýni

„Ef þú ert með þrjár tilraunir sem mælt hafa nettókraft, þá bendir það til þess að það sé eitthvað á ferðinni þarna,“ segir Sveinn Arnórsson. Hann lærði flugvélafræði við Stanford-háskóla. „Menn gefa sér að þarna séu sýndaragnir sem verið



EMDRIVE Tækið sem um ræðir. Lítur út eins og örbylgjuofn frá Viktoríutímabilinu.

„Það er mikilvægt að deyða ekki draumana. Því næsta kynslóð getur sett sér markmið sem við getum ekki tekið undir í dag.“

Sveinn Arnórsson flugvélafræðingur

er að æsa eða framkalla. Agnir sem eru ómælanlegar og hverfa eftir örskamma stund.“

EKKI er hægt að segja að þess- ar niðurstöður hafi valdið miklum titringi meðal eðlisfræðinga. Eðlis- fræði EmDrive er einfaldlega frá- leit. Sveinn er á sama máli en bendir á hversu mikilvægt það er að taka niðurstöðurnar alvarlega.

„Hlutirnir geta virkað þó að þú getir ekki útskýrt af hverju. Næsta skref er að færa þetta yfir á annað stig tilrauna,“ segir Sveinn. „Heims- mynd okkar hlýtur að taka breyt- ingum eftir því sem vitneskjan verður meiri. Jafnvel þó að eðlis- fræðingarnir séu ósáttir við að þetta samrýmist ekki þeirra heimsmynd.

Þeir verða bara að útskýra hvernig hlutirnir virka.“

Margir hafa freistað þess að gera einmitt það frá því að nið- urstöður úr tilraunum voru kynnt- ar fyrr á árinu. Svo virðist sem rannsakendur hafi ekki fylgt ýtr- ustu rannsóknarkröfum. Hér eru breytur á ferð. Að auki er kraftur- inn svo smávægilegur að minnsta trufun (rúta sem eður fram hjá rannsóknarstofunni) getur mögu- lega skekkt niðurstöðurnar.

Draumurinn

Virki EmDrive mun það hafa margvísleg áhrif á tilvist okkar. Fjarlægðirnar verða ekki svo langar lengur. Það mun taka 4 klukkustundir að fara til tunglsins og á hraða sem er um 10% af ljós- hraða mun það taka 130 ár (á brems- unni í 40 ár) að fara til stjarnanna næst okkur. Við sjáum hvað setur.

„Það er mikilvægt að deyða ekki draumana. Því næsta kynslóð getur sett sér markmið sem við getum ekki tekið undir í dag,“ segir Sveinn og bætir við: „Það er alltaf í lagi að leyfa þeim að dreyma.“

SÉRTILBOÐ

allt að 20.000 kr.

bókunarfsláttur á mann

Valdar dagsetningar, valin hótél.

Bókaðu sól á

Bodrum & Marmaris

Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000
www.heimsferdir.is


FYRIR ÚTSKRIFAÐA HEILA!



Íslandssaga A-Ö

Vildarverð: 4.799.-


Verð: 5.999.-



Steinn Steinarr - ljóðasafn

Vildarverð: 4.599.-


Verð: 5.186.-



KOK

Vildarverð: 4.667.-

Verð: 5.186.-



Davíð Stefánsson - ljóðaúrval

Vildarverð: 5.499.-

Verð: 6.223.-



Megas - textar 1966-2011

Vildarverð: 6.499.-

Verð: 7.261.-



Heimspekibókin

Vildarverð: 4.899.-

Verð: 6.223.-



Sjálfstætt fólk

Vildarverð: 6.999.-

Verð: 7.810.-



Gæfuspor - gildin í lífinu

Vildarverð: 2.399.-

Verð: 2.599.-



Íslensk úrvalsljód

Vildarverð: 2.399.-

Verð: 2.599.-



Eddukvæði (Í öskju)

Vildarverð: 6.599.-

Verð: 7.261.-



Lífríki Íslands

Vildarverð: 15.999.-

Verð: 17.999.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

PENNINN

Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verzlunum. Gildistími Vildarverða er frá 9. maí, til og með 12. maí. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

KÓNGUR GLÍMIR VIÐ ERFITT SAKAMÁL

FLÆKJUSAGA

Illugi Jökulsson

á ekki í erfiðleikum með að finna dæmi úr sögunni um hvernig óttinn við „útlendinginn“ tók öll völd af réttsýni og sanggírni.



Það var einhvern tíma aftur í árdaga sem maðurinn lærði að óttast og hata útlendinginn. Það var dimmt kringum varðeld steinaldarmannanna og úti í svörtu næturmyrkri voru skrímli á kreiki, var það ekki, eða í allra skásta falli óvinir af öðrum ættbálki sem sættu færiss að ræna okkur villigaltakjetinu, sem við höfðum lagt svo mikið á okkur til að eignast, svo eins gott að við höfum varann á, og verðum fljót að þekkja óvininn þegar hann kemur út úr myrkrinu og vill okkur ekkert nema illt, gætur okkar, já, jafnvel þótt hann hafi kannski hjúpað sig sakleysilegu dulargervi og þykist vera bróðir okkar eða systir, þá sjáum við að svo er ekki, við sjáum hvað er öðruvísi, við þekkjum útlendinginn og vitum að hann er skrímli og vill okkur illt.

Því miður er ekki lengi gert í mannkynsögunni að finna dæmi um hvernig tortryggni og ótti við útlendinga getur haft skelfilegar og ömurlegar afleiðingar í för með sér. Bara af því það er hægt að finna eitthvað í fari hans sem sýnir okkur að hann er öðruvísi, hann er ekki af ættbálknum okkar og gæti því rænt okkur svínakjestsstykkinu og gert okkur annan óskunda og þráir vafalaust að drepa okkur. Hvað það er sem gerir útlendinginn nógu ólíkan okkur sjálfum til að við viljum ráðast á hann, það getur verið hvað sem er, stundum bara að hann heldur með öðru fótboltaliði, en oftar þó að hann er af öðruvísi kyni en við,

kannski önnur litasjattering á húðinni, eða það sem vinsælast er – hann játar aðra trú. Og þá vaknar tortryggnin og hatrið. Trúarbrögð koma einmitt við sögu í því hörmungarmáli sem nú skal frá greint.

CSI Á PRETTÁNDU ÖLDINI

Lík lítils drengs fannst í rotþró í lok ágúst. Hann hafði horfið fjórum vikum fyrr og ekki fundist þrátt fyrir heilmikla leit. Þetta var löngu áður en líkrannsóknir þær og sú meinafræði öll sem við þekkjum nú helst undir heitinu CSI voru á veg þróuð, en menn reyndu samt að skoða líkið sem nákvæmast þegar búið var að hífa það upp úr þrónni og skola af því skitinn. Og þá þótti það strax liggja ljóst fyrir að hann hefði verið myrtur. Á litlum kroppi hans voru svo mörg og margvísleg sár og meiðsli að mönnum fannst raunar liggja beint við að honum hefði ekki aðeins verið ráðinn bani, heldur hefði hann jafnvel verið píndur áður en hann dó. Og hann bara níu ára. Hver gat látið sér slíkt til hugar koma? Það var hræðilegt að hugsa til þess að í röðum heimamanna gæti lúrt slíkt skrímli, hlaut morðinginn ekki frekar að vera einhver utanaðkomandi, einhver útlendingur?

Þetta gerðist á Englandi árið 1255. Í þá tíð var loks farið að hilla undir lok sturlungaaldar á Íslandi, Flugumýrabrenna hafði verið tveim árum fyrr og landsmenn voru óðum að sættast á þá tilhugsun að játafandi undir yfirráð Noregskonungs frekar en þurfa að þola hinn linnulausa innanlandsófrið og illdeilur. Á Englandi var hins vegar allt með kyrrum kjörum á yfirborðinu. Kóngur var Hinrik III, sonur Jóhanns þess landlausa sem þykir mestur eymingi enskra kóniga, og Hinrik var reyndar enginn skörungur heldur. Ýmislegt kraumaði undir niðri, Hinrik kynni lítt með peninga að fara og ríkið var ekki vel stadd, illa gekk að útkljá deilur við Frakka um erfðalönd Englandskóniga þar, og fleira olli gremju með stjórn Hinriks. En hann var afar trúður og hafði sýnt og heilag guðsorð á vör og gekk til messu daglega og gaf mikla ölmusu fátækum og munaðarlausum og er jafnvel sagður hafa þvegið fætur holdsveikra til merkis um auðmýkt sína. Og svo vildi til að Hinrik var einmitt á ferð með hirð sína skammt þar frá sem lík litla drengsins fannst.

Það var í borginni Lincoln sem þá var í hópi stærstu borga Englands og fræg fyrir gríðarmikla dómkirkju sem þá var hafin bygging á og átti eftir að verða sú hæsta og glæsilegasta í heimi í margar aldir. Sumarið 1255 höfðu byggingameistarar nýju



HINRIK III.

dómkirkjunnar einmitt kallað til Hinrik kóng og spurt hvort þeir mættu rífa niður hluta af gömlum múrum kringum Lincoln og nota tilhöggna steinana í nýja kapellu í dómkirkjunni stóru. Því var kóngur nærri þegar þurfti að leysa gátuna um hver drap drenginn.

BELASET ÆTLAR AÐ GIFTA SIG

Hann hét reyndar Hugh, pilturinn, ekki seinna vænna að nefna fórnarlamb morðsins á nafn. Og þar sem menn stóðu og veltu fyrir sér hver morðinginn gæti verið, og kóngurinn var kominn og lét mjög að sér kveða og beinlínis krafðist þess í Kristí nafni að þetta grimmilega morðmál yrði leyst umsvifalaust, þá steig fram maður að nafn Jón og var frá þorpinu Laxton þar ekki allfjarri. Kannski var Jón sjálfur morðvargurinn, niðingur sem hafði drepið Hugh litla sér til andstygilegar fullnægju einhverrar, og vildi nú varpa sök á aðra, en kannski var hann bara hræddur og fannst þægilegra að morðinginn væri útlendingur. Og í Lincoln voru vissulega „útlendingar“ þótt þeir hefðu reyndar búið í borginni alla sína tíð, en það voru Gyðingar. Í borginni bjó hópur Gyðinga, sumir þeirra ágætlega stæðir, og þeir höfðu reynt að samlagast heimamönnum á flestan máta, nema þeir vildu halda í trú sína, passa hver upp á annan, og þar með urðu þeir alltaf útlendingar í augum hinna hræddu og þröngsýnu meðal heimamanna. Og nú benti Jón frá Laxton á að einmitt um það leyti sem Hugh litli hvarf, þá hefðu tekið að safnast til Lincoln Gyðingar úr öllu Englandi því stúlkan Belaset, dóttir eins ríkasta Gyðingsins í borginni, var þá að ganga í hjónaband. Var það tilviljun að svo margir Gyðingar voru í borginni um svipað leyti og Hugh var tekinn og píndur og myrtur? Gengu ekki sögur um að Gyðingar sætu um unga drengi og fórnauðu þeim og drykkju úr þeim blóðið á sínum ókristilegu hátíðum?

Jú, slíkar sögur gengu. Og þær höfðu gengið í mörg hundruð ár um mestalla Evrópu og áttu eftir að ganga staflaust í margar aldir. Aldrei og hvergi fannst nokkur einasti fótur fyrir þessum sögum, en kom ekki í veg fyrir að íbúar Lincoln legðu nú eyrun við fleipri Jóns frá Laxton um að Gyðingar hlytu að hafa drepið Hugh litla. Svo fór að undir miklum hvatningum Hinriks kónigs um að leysa málið var Gyðingur búsettur í Lincoln gripinn og ákærður fyrir morðið. Hann hét Copin eða Jopin. Fyrst neitaði hann að vita nokkuð um málið, en að lokum játaði hann að hafa drepið Hugh litla – það kemur engum á óvart sem þekkir til „réttarfars“ á Englandi á 13. öld, því beitt var svo skefjalausum pyntingum að menn játuðu alltaf á endanum hvað sem var, til að sleppa við ægilegan sársaukann. Og þrautpíndur kroppur Copins var svo bundinn aftan í taglið á sprækum hesti og dreginn þannig um steinlagðar götur Lincoln; loks var blóðstykkið tekið hálfdaugt eftir þessar aðfarir og hengt.

KÓNGUR ER BLANKUR

Hér hefði sagan getað endað, en það var öðru nær. Ótti Lincolnbúa við „útlendinginn“ var vakinn og heimitaði meira blóð. Og svo hafði kóngur uppgötvað að hann var orðinn helstil blankur þetta árið en þarna leyndist leið til að næla sér í pening.

Svo var mál með vexti að misseri fyrr hafði Hinrik í þáverandi blankheitum sínum selt Ríkarði bróður sínum réttinn til að skattleggja Gyðinga á Englandi. Nú voru þeir peningar búnir sem kóngur fékk



POKKADÍS AF GYÐINGAKYNI Pokkadísin lokkar Hugh litla inn í garð, þar sem hann var svo gripinn og drepinn. Myndskreyting við kvæði sem ort var upp úr þessari ömurlegu sögu.

fyrir þann díl, og því ákvað hann í skyndi að eftirleidis skyldi gert upptækt allt fé Gyðinga sem dæmdir væru fyrir einhverja glæpi og skyldi það renna til krúnunnar. Og nú gerðist margt í senn. Allir Gyðingar í Lincoln, níutíu talsins, voru handteknir og fluttir til London og læstir inni í The Tower. Og hófst nú undirbúningur að réttarhöldum þar sem þeir voru sakaðir um að hafa haft Hugh litla í haldi vikum saman og pínt hann við helgiathafnir sínar og loks krossfest hann eins og til að hægðast að krossfestingu Krists. Ákveðið var að kviðdómur af kristnum mektarmönnum skyldi kveða upp úr um sekt eða sakleysi, en átján þeirra mótmæltu harðlega þeirri málsmeðferð og vildu fá kviðdóm þar sem einnig sætu Gyðingar og myndu ekki trúa umyrðalaust hvaða lygi sem væri um trúbræður sína. Sú krafa þótti ein og sér nægjanleg sönnun þess að þessir 18 Gyðingar hlytu að vera sekir, og voru þeir teknir og hengdir formálalaust. Og allir eignir þeirra runnu til hins guðhrædda Hinriks III.

SAMFÉLAG Í RÚST

Þá varð hlé á réttarhöldum og svo fór að Ríkarður bróðir Hinriks mæltist til þess að hinum Gyðingunum yrði sleppt enda sekt þeirra ósönnuð, og lét Hinrik að lokum að vilja hans. Ríkarður var ekki eins trúður og Hinrik en hins vegar töluvert réttsýnni maður, og óttaðist væntanlega í leiðinni að missa spón úr sínum aski ef skatttekjur hans af Gyðingum Lincolnborgar yrðu engar.

En samfélag Gyðinga í Lincoln var í rúst, fimmtungur þess hafði látið lífið í þessum tilhæfufalausu ofsóknum gegn „útlendingunum“. Kóngur fékk hins vegar pening sem dugði líklega fyrir allmörgum messum og fordómafullir íbúar Lincoln gátu talið sér trú um að þeir hefðu nú varist ægilegri árás hinna vondu útlendinga. En aldrei var náttúrlega upplýst hver hafði myrt hann Hugh litla. Og þó var það skrímli vafalaust heimamaður eins og skrímli eru yfirleitt.

Próf- lestur og álagsvinna

Aukið streitupól

Gefur langa einbeitingu, úthald og jafna orku.*



Var það tilviljun að svo margir Gyðingar voru í borginni um svipað leyti og Hugh var tekinn og píndur og myrtur? Gengu ekki sögur um að Gyðingar sætu um unga drengi og fórnauðu þeim og drykkju úr þeim blóðið á sínum ókristilegu hátíðum?

*Ritryndar rannsóknir
www.celsus.is

lifestream
hrein lífræn næring

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



Söngelskar systur
Ardís Ólöf ætlar að fylgja systur sinni Maríu til Vínarborgar.



Óvænt heimsókn
Doctor Who var vinsæll þáttur á árum áður. Jónína Ólafsdóttir leikona fór með eitt hlutverkið og fékk óvænta heimsókn á dögnum. SÍÐA 4

Heilsuréttir fjölskyldunnar



Indverskar grænmetisbollur með döðlumauki og jóguvitsósu

NÝTT LÍFRÆNT NASL FYRIR KRÍLIN

NATHAN & OLSEN KYNNIR Komið er á markað lífrænt, bragðgott barnanasl frá Ella's Kitchen, búið til úr korni, þurrkuðum ávöxtum og grænmeti.

Ella's Kitchen hefur nú bætt bragðgöðu barnanasli í lífrænu flórana sína. „Við foreldrar vitum nefnilega að bragðgott og skemmtilegt nasl getur gert kraftaverk þegar halda þarf litlu krílunum uppteknum,“ segir Guðrún Húnfjörð, vörumerkjastjóri hjá Nathan & Olsen. „Naslið er sniðugt fyrir litil kríli sem eru að læra að halda sjálf á mat og narta því það er létt og fellur fullkomlega að litlum lófum og bráðnar auðveldlega í munn.“

Naslið kemur í litlum pokum sem frábært er að hafa í töskunni til að grípa í hvar og hvenær sem er. Hver naslpoki inniheldur hæfilegan skammt fyrir eitt kríli og hentar börnum frá ýmist sjö eða tólf mánaða aldri.

„Naslið inniheldur engan viðbættan sykurlit, salt, litarefni eða rotvarnarefni, og eins og allar aðrar Ella's Kitchen-vörur þá er naslið að sjálfsögðu hundrað prósent lífrænt. Það er einfaldlega búið til úr nokkrum korntegundum ásamt þurrkuðum ávöxtum og grænmeti,“ útskýrir Guðrún.

Hún segir vörumerkið Ella's Kitchen vera vel þekkt hér á landi fyrir bragðgóðar og bráðhollar skvísur fyrir börn frá fjögurra mánaða aldri. „Vörumerkið á rætur sínar að rekja til pabba sem vildi að Ella dóttir sín fengi eins næringarríkan mat og hugsast gæti og vildi ala hana upp við að hollur matur getur líka verið skemmtilegur og bragðgóður. Í dag er Ella orðin táníngur og Ella's Kitchen-barnamatur orðinn þekktur um allan heim fyrir bragð og gæði.“

Allar vörurnar eru hannaðar með það í huga að örva öll skilningarvit barna með bragði, áferð og litum. Ella's Kitchen leggur auk þess áherslu á að vera umhverfisvænt og gefa til baka til samfélagsins.

Hægt er að lesa allt um það á www.ellaskitchen.co.uk.



GOTT FYRIR KRÍLIÐ
Sonur Guðrúnar, Dagur Freyr, er ánægður með naslið frá Ella's Kitchen.

MYND/STEFAN



GÓMSÆTT NASL
Skemmtileg lögun fyrir litla putta til að æfa sig og frábært bragð fyrir litla mallakúta.



„Beetroot hefur gefið mér aukna orku í íþróttum og losað mig við hand- og fótuldann!“

Kristbjörg Jónsdóttir
Zumba kennari og hlaupari

Rauðrófu „extrakt“ í hylkjum

Láttu verðið koma þér á óvart

Utsölustaðir: flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur stórmarkaða og verslana.



www.gangurvel.is



Vítamín og steinefni frá

natures aid



Kalk, magnesíum og sink

Þrjúþætt blanda sem getur viðhaldið eðlilegum beinmassa. Gott fyrir þá sem finna fyrir hormónabreytingum.



Ein öflugasta B-vítamín-blandan

Tekur þátt í að nýta orku úr fæðunni Gott við streitu, orkuleysi, depurð og pirringi. Time release skömmtunarkerfi til að tryggja jafna nýtingu



Húð, hár og neglur

Öflug blanda fyrir hár, húð og neglur sem inniheldur nauðsynleg vítamín og steinefni ásamt MSM, Kelp, Sílica og Aloe Vera



Við sykurþörf

Króm getur jafnað blóðsykurinn og dregið úr sykurlöngun.

Sölustaðir: Lyfsalinn, Árbæjarapótek, Apótekarinn Helluhrauni, -Mjódd og -Austurvei, Lyf og heilsu JL húsinu og Kringlunni

Margverðlaunuð vítamínlína

GMP vottaðar vörur

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** | Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434
Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429



allt að **70% afsláttur**

Rýmum fyrir sumarvörnum.

comma,
Smáralind
facebook.com/Commalceland



SÆTAR SYSTUR Ardis Ólöf og María eru samrýmdar systur og stóra systir fylgist vel með öllum undirbúningi fyrir Eurovision-keppnina.

MYND/VALLI

STYÐUR SYSTUR SÍNA ALLA LEIÐ

SPENNINGUR Ardis Ólöf Víkingsdóttir, snyrtifræðingur og söngkona, ætlar að fylgja systur sinni, Maríu Ólafsdóttur, til Vínarborgar og veifa íslenska fánanum í salnum. Hún hlakkar mikið til að fylgjast með Maríu.

Ardís Ólöf er sjálf ekkert óvön söngvakeppni. Hún tók þátt í Idol-Stjörnuleit Stöðvar 2 árið 2003-2004 og lenti í fjórða sæti keppinnar. María, systir hennar, sem þá var 11 ára, grét hástöfum þegar stóra systir datt út í næstsíðasta þætti. „Hún fylgdist mjög spennit með keppninni,“ segir Ardis. „Það hefði verið gaman að ná í lokabáttinn,“ segir hún og bætir við að eftir standi þó frábær reynsla og minning um skemmtilegan tíma. Það var Karl Bjarni Guðmundsson, Kalli Bjarni, sem bar sigur úr býtum það árið.

GRÉT YFIR STÓRU SYSTUR

„Þegar ég tók þátt í Idol-keppninni kom ég fram föstudag eftir föstudag og mikil spenna var hjá fjölskyldunni í hvert skipti. María þurfti ekki að koma svona oft fram en spennan var samt yfirþyrmandi. Mamma var einmitt að rifja upp hvernig þetta hefði verið í hverri viku þegar ég var að keppa,“ segir Ardis og hlær. „Ég get ekki neitað því að minningar frá Idol-keppninni komu upp í huga mér þegar María tók þátt í undankeppninni hér heima. Maður fékk fiðring í magann.“

Ardís var 11 ára þegar María fæddist. Hún passaði oft litlu systur og segir hana fljótt hafa sýnt mikinn áhuga á tónlist. „María kom oft með mér á hljóm-sveitaræfingar og var með mér í kringum alls kyns tónlistarstúss. Ég hef örugglega haft einhver áhrif á tónlistaráhuga hennar. Ég sá hins vegar mjög fljótt að hún var músikölsk og hafði mikla hæfileika. María var farin að standa uppi á borði sem smábarn og skemmta áhorfendum. Draumur

hennar er að verða leikari ásamt því að syngja og starfa við tónlist. Hún hefur leikið í Söngvaseiði í Borgarleikhúsinu, Skilaboðaskjóðunni í Þjóðleikhúsinu og Ronju Ræningjadóttur með leikfélaginu í Mosfellsbæ.“

Á LEIÐ TIL VÍNAR

Það styttist í Eurovision-keppnina en fjölskylda Maríu, foreldrar og tvær systur og eiginmenn þeirra halda utan 19. maí. „Ég hef aldrei komið til Vínarborgar og hlakka mikið til. Borgin er sögð undurfull og það verður gaman að koma þangað. Það verður nóg að sjá og skoða. Svo fær María góðan stuðning í salnum, fyrir utan okkur er hópur Íslendinga að fara til Vínar,“ segir Ardis en um leið og úrslitin voru ljós hér heima ákvað fjölskyldan að fara með. „Við vorum í salnum á úrslitakvöldinu og sigurinn kom okkur skemmtilega á óvart. Það var mjög taugatrekkjandi andrúmsloft undir lokin. Þar sem María var alveg óþekkt gat maður ekki verið viss um sigur hennar þótt sú væri óskin.“

Ardís segir að það sé ekki mikið um söngvara í ættinni en þær systur, hún, Sigurbjörg og María, hafi allar farið í tónlistarskóla, lært á hljóðfæri, sungið í barnakórnum og haft áhuga á tónlist. „Það var líka alltaf tónlist í tækinu þegar ég var að alast upp og mikill áhugi á tónlist yfirleitt,“ segir hún. Þær systur hafa oft sungið saman í fjölskylduboðum. „Við erum samrýmdar, spjöllum mikið saman. Ég hef fylgst vel með undirbúningnum og ferlinu hjá Maríu.“

María sagði í viðtali við Vísi

FIÐRINGUR

„Ég get ekki neitað að minningar frá Idol-keppninni komu upp í huga mér þegar María tók þátt í undankeppninni hér heima. Maður fékk fiðring í magann.“

Í apríl að Eurovision-kjöllinn hennar yrði gylltur og antikbleikur með palltettum og tjulli. „Sunna Dögg Ásgeirsdóttir, systir Ásgeirs sem samdi lagið, hannar og saumar kjöllinn,“ sagði hún þá.

BJARTSÝN

„Ég horfi á allar svona söngvakeppnir og finnst mjög gaman að fylgjast með þeim. Sjálf hef ég ekki verið að syngja opinberlega eftir að ég átti seinna barnið mitt,“ segir hún en Ardis er gift Jónatan Grétarssyni ljósmyndara og eiga þau tvö börn. „Ég ákvað að draga mig út úr tónlistinni í bili,“ segir Ardis en börn hennar eru Elísabet María, 6 ára, og Viktor Örn, 4 ára. Dóttirin fékk seinna nafnið frá frænku sinni sem nú stígur á svið fyrir Íslands hönd í Eurovision. „Börn mín eru mjög spennit fyrir Eurovision-keppninni,“ segir hún.

„Ég held að Maríu eigi eftir að ganga vel og vona innilega að hún komist upp úr undanriðlinum,“ segir Ardis en María verður tólf ára í röðinni í seinni undanriðlinum, 21. maí. „Ég er bjartsýn, lagið Unbroken er flott og ég hef fulla trú á að litla systir nái langt. Hún hefur lag á að heilla áhorfendur.“

elin@365.is

www.fi.is

Örgöngur um Breiðholtið

Örgöngur um Breiðholtið
13., 20. og 27. maí, miðvikudagar
Fararstjóri: Ólöf Sigurðardóttir.
Brottför: Kl. 19 frá bílastæði við íþróttahús ÍR við Skógarsel í Breiðholti (gamla Alaska).

Kvöldgöngur þar sem gengið er um hina fjölmörgu stíga sem liggja um Breiðholtið og tengja Seljahverfið, Bakka-hverfið og Fellahverfið. Saga og uppbygging hverfisins rifjuð upp og ný listaverk skoðuð. Um 1½ klst.

Þátttaka ókeypis – allir velkomnir



FERÐAFÉLAG ÍSLANDS
Mörkinni 6 | 108 Reykjavík | S: 568 2533 | www.fi.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



TRUFINNA ÖNBREYDINGU Eða ÖLVEIÐIÐ EINA Á NETINU

SAFT

mint candy apple

Essie



USA's nail salon expert.
Since 1981. essie.com

Erna Hrund & Essie

Erna Hrund Hermannsdóttir, beautybloggari og förðunarfræðingur frá Reykjavík Fashion Journal/ Trendnet.is, verður í **Hagkaup Kringlu** 2. hæð kl. 13-17 í dag laugardaginn 9. maí.

Erna Hrund veitir ráðgjöf varðandi litaval og dekurlínur Essie, ásamt því að fræða áhugasama um allt varðandi þetta glæsilega vörumerki.

@essieiceland
#essieiceland



HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Opið laugardag 12-15



Nú hlýnar í veðri, bjóðum upp á **Yfirhafna-daga**

15% afsláttur af öllum yfirhöfnum

Léttir frakkar, vatteraðir jakkar og þunnar dúnúlpur.

Frábær sumarföt fyrir fríð og golfið.

B/A/S/L/E/R Parisar TÍZKAN
Skiopholti 29b • S. 551 0770
Sjáið myndirnar á facebook.com/Parisartizkan



SPENNANDI MARKAÐUR Einar Einarsson heldur utan um PopUp-markað á Kexi hosteli um helgina. Tólf hönnuðir og handverks-fólk taka þátt. Einar verður sjálfur með slaufur sem hann hagnar ásamt Huldu Birnu Vignisdóttur undir heitinu H&E Design. MYND/PIETUR



H&E DESIGN



GOLA & GLÓRA

Stretchbuxur á 13.900 kr.

15 litir: svart, kongablátt, rautt, vínrautt, hvítt, ljósbeige, sandgrátt, dökkgrátt, ljósgrátt, flöskugrænt, mosa-grænt, grasgrænt, orange, ryðorange, blátt.


- stærð 36 - 54
- 7/8 sídd.
- með rennilás og smellum neðst á skálum.

Opið virka daga kl. 11-18
Opið laugardaga kl. 11-16

black pepper
FASHION
Laugavegi 178 | Sími 555 1516 | Kíkið á myndir og verð á Facebook



HANNA GRETA CERAMICS



ASKJA



BIFURKOLLA

POPUP Á KEXINU

MARKAÐUR Hópur hönnuða, handverks- og listafólks blæs til markaðar á Kexi hosteli um helgina. Heimilisvörur, föt og ýmislegt fleira á boðstólum.

Þetta er í þriðja sinn sem PopUp-markaðurinn er haldinn hér á Kexi hosteli. Hann er síbreytilegur og fer stækkandi í hvert sinn. Það bætast alltaf nýir í hópinn en einhver kjarni hefur haldist sá sami," segir Einar Einarsson, en hann heldur utan um PopUp-markað á Kexi hosteli nú um helgina.

Tólf hönnuðir, handverks- og listafólk, taka þátt í markaðnum og segir Einar varninginn sem til sölu verður spanna breytt svið.

„Ef fólk er að fara í einhvers konar veislu eða heimsókn, ætti það að finna eitthvað sem smellpassar í pakkann á markaðnum. Í þetta skiptið leituðum við uppí þátttakendur á Facebook og úrvalið spannar vítt svið. Þarna verða til dæmis barnaföt, myndlist, útskorin viðarbretti, digital-prent, útskorin hálsmen, olíuvörur fyrir skegg og ýmislegt fleira," segir Einar. Sjálfur verður hann með vörur á markaðnum, slaufur undir merkinu H&E Design.

„Við byrjuðum á litlu krúttlegu ævintýri en erum nú með þremur æðislegum saumakonum í liði. Þetta hefur undið hratt upp á sig en við erum þó með báða fætur á jörðinni enn þá. Slaufur eru mikið



inn akkúrat núna en þar að auki höfum við verið að þróa hálsbindi undanfarið hált ár. Þau verða þá tilbúin ef vinsældir slaufunnar fara að dala," segir hann sposkur.

Meðal þátttakenda á markaðnum um helgina eru Hanna Gréta Pálsdóttir, en hún hagnar og framleiðir keramikmuni með margföldu notagildi, Hrund Ólafsdóttir og Ómar Guðmundsson vinna veggskraut undir heitinu Hróm, Margrét Leopoldsdóttir hagnar heimilisvörur undir heitinu Gola & Glóra, svo sem hitaplatta, löbera og kaffihettu, Jónína Ósk Lárusdóttir framleiðir skurðarbretti, svuntur og viskustykki undir heitinu Bifurkolla. Þá verður vefverslunin Askja.is með vörur á markaðnum, Gunnarsbörn verða með teikningar og vefverslunin Hannah.is sem selur skeggvörur og áhöld fyrir karlmenn.

BÆNDABRETTI
Handgerð skurðarbretti eftir Jónínu Ósk Lárusdóttur sem hún kallar Bændabretti.

Markaðurinn stendur frá klukkan 14 til 18 í dag og á morgun, sunnudag frá klukkan 12 til 17.

ÞESSI GÖMLU GÓÐU Á EINUM STAÐ
BESTA TÓNLISTIN FRÁ 1960 - 1985



GULL BYLGJAN

VINVEITTIR GERLAR

Dagleg inntaka vinveittra gerla styrkir ónæmiskerfið. OptiBac fæst í öllum apótekum og heilsuverzlunum á Íslandi. Nánari upplýsingar á www.raritet.is og www.facebook.com/optibaciceland



VELJA ÞARF RÉTTA MELTINGARGERLA

RARITET KYNNIR OptiBac Probiotics eru meðal öflugustu meltingargerla á markaðnum í dag. Umsagnir þeirra sem nota þá segja sína sögu.

Ég hef prófað margar tegundir af meltingargerlum (acidophilus), en hef aldrei fundið jafn mikla virkni og þegar ég nota OptiBac,“ segir Víðir Þór Prastarson, íþróttafræðingur og heilsunuddari, en Víðir hefur meðal annars notað „For Every Day“ extra sterkan frá OptiBac.

Víðir Þór er menntaður íþróttafræðingur frá Háskóla Íslands og hefur starfað sem einkaþjálfari í yfir 15 ár og á þeim tíma byggt upp mikla og sérhæfða þekkingu varðandi hreyfingu og næringu. Auk þess sinnir Víðir stundakennslu við heilsunuddbraut Fjölbrotaskólans við Ármúla og er aðstoðarkennari við íþróttafræðisetur Háskóla Íslands.



MÆLIR MEÐ OPTIBAC Víðir Þór Prastarson, íþrótta- og heilsufræðingur frá Háskóla Íslands, hefur notað OptiBac Probiotics með góðum árangri og mælir með þeim fyrir alla sem vilja tryggja að meltingin sé í lagi.

á borð við skyndibita og unnar matvörur ásamt sýklalyfjanotkun hefur neikvæð áhrif á þarmaflóruna. Þessir þættir valda skorti á ensímum og nauðsynlegum bakteríum fyrir þarmaflóruna og því er ráðlagt að taka daglega inn vandaða meltingargerla með sannaða virkni.

„Í þörmum fyrirfinnast bæði góðar og vondar bakteríur. Talið er mikilvægt að hlutfall góðra baktería sé yfir sjötíu prósent. Margir kannast við óþægindi í meltingarvegi vegna slæmra baktería; loft í maga, magakrampa, niðurgang og hægðatregðu. Ef slæmt ástand

í þarmaflórinni varir lengi er það talið geta leitt af sér ýmsa kvilla, eins og ofnæmi, óþol, minni vörn gegn umgangspæstum og sýkingum, bólgusjúkdóma og veikingu á ónæmiskerfinu, sem leitt getur af sér alvarlega sjúkdóma. Auk þess styrkjum við náttúrulegar varnir líkamans gegn kvefi, flensu og umgangspæstum með því að viðhalda meltingarflórinni,“ segir Víðir og bendir á að þó svo að við höldum að flóran sé góð þá sé raunveruleikinn oft annar og ýmis líkamleg einkenni sem við tengjum ekki beint við meltinguna eigi sér uppruna þar.

BREIÐ VIRKNI OG SÉRHÆFÐAR LAUSNIR

Það sem er einstakt við þessa vöru er hvað gerlarnir eru virkir og vel rannsakaðir. Bæði er hægt að velja gerlablöndu með breiða virkni sem inniheldur margar tegundir af gerlum en einnig hefur OptiBac þróað og sett saman nokkrar tegundir af sérhæfðum blöndum með virkni fyrir sérstök meltingarvandamál eins og til dæmis gegn hægðatregðu, til að losna við loft og þembu úr meltingarveginum, við niðurgangi eða bakteríusýkingu.

DAGLEG INNTAKA VINVEITTRA GERLA STYRKIR ÓNÆMISKERFIÐ

Streita, lélegt eða einhæft mataræði



EKKI MEIRI HÆGÐATREGÐA OptiBac Bifidobacteria & Fibre eykur á náttúrulegan hátt meltingarvirgni og þarma-hreyfingar.



FLATUR MAGI Á 7 DÖGUM OptiBac One Week Flat eykur ensímframléiðslu og brýtur niður fæðuna.



OPTIBAC PROBIOTICS EXTRA STRENGTH

Extra sterk Probiotic-formúla með 20 milljörðum af lifandi bakteríum í dagskammti. Inniheldur fimm ítarlega rannsakadaðar bakteríutegundir, meðal annars L. acidophilus NCFM®.

NÁTTÚRULEG OG HRAÐVIRK LAUSN GEGN NIÐURGANGI OG BAKTERÍUSÝKINGUM

OptiBac Saccharomyces boulardii virkar hratt og örugglega við niðurgangi og bakteríusýkingu í meltingarvegi.



OptiBac probiotics

Flatur magi á sjö dögum
One Week Flat dregur úr lofti í maga og gerir þaninn kvið flatari.

@OptiBac f www.facebook.com/optibaciceland



„Ég mæli með því að nota vandaða meltingargerla eins og frá OptiBac Probiotics til að viðhalda heilbrigðri meltingu og bæta almenna heilsu“

Hanna Rún Bazev Óladóttir dansari.



Fæst í apótekum og heilsuþúðum

ÚTSÖLUSTADIÐ:
Apótek um allt land



BESTA FLENSUVÖRN SEM ÉG HEF PRÓFAÐ

Sambucol er öflug fyrirbyggjandi lausn gegn kvefi og flensu fyrir alla fjölskylduna. Sambucol er náttúrulegt fæðubótarefni úr black elderberry-extrakt.

Þórarinn Þórhallsson, eigandi Raritet, hefur varla fengið flensu eða kvef undanfarin ár eða síðan hann kynntist Sambucol. „Ég prófaði Sambucol þegar ég fékk heiftarlega flensu fyrir nokkrum árum og það virkaði strax. Einkennin urðu mildari og það var mun auðveldara að takast á við veikindin. Ég var kominn aftur á ról eftir tvo til þrjá daga. Eftir það hef ég notað Sambucol markvisst allt árið um kring og hef hvorki fengið kvef né flensu síðan sem neinu nemur, 7-9-13,“ segir Þórarinn.

NÁTTÚRULEG VÍRUSVÖRN Áratuga rannsóknir á Sambucol hafa sannað gagnsemi við t.d. influensu A og B og styrkingu á ónæmisviðbrögðum.

Dæmi um klínískar rannsóknir á Sambucol:

- 1995 – Inflúensa B rannsókn Miklu meiri bati hjá 93,3% þeirra sem tóku Sambucol en þeim sem notuðu lyfleysu.
- 2001 – Ónæmiskerfisrannsókn „In vitro“ Sambucol reyndist vera hjálplegt til að styrkja ónæmiskerfið hjá fólki sem hafði minnkuð ónæmisviðbrögð.
- 2004 – Inflúensa A rannsókn Sambucol sýndi góða verkun gegn flensu og fækkaði veikindadögum að meðaltali um fjóra. Þeir sem tóku Sambucol þurftu einnig á mun minni verkjalyfjum að halda.
- Fuglaflensa H5N1 Sambucol virkaði í 99% tilfella til að vinna á móti H5N1 vírusnum.

HVERNIG GETUR SAMBUCOL HJÁLPAÐ?

- Með því að taka Sambucol allan ársins hring er hægt að koma í veg fyrir kvefsmit og flensu. Mælt er með því að taka stærri skammt af Sambucol yfir vetrartímann.
- Sambucol getur hjálpað til við að forðast flensusmit á ferðalögum, á fjölförnum stöðum og í almenningsfarartækjum.
- Sambucol hefur fyrirbyggjandi áhrif, svo gott er að taka það inn þegar mikið stendur til.

SAMBUCOL ER FÁANLEGT Í ÞEMUR MISMUNANDI PAKKNINGUM

- Sambucol for Kids er bragðgott náttúrulegt þykki sem inniheldur svört ylliber og C-vítamín. Hentar börnum á aldrinum 3-12 ára. Þykkið er einstaklega bragðgott.
- Sambucol Immune Forte er sykurlaust, náttúrulegt þykki sem inniheldur svört ylliber og Antivirín sem kemur í veg fyrir að vírusar nái til frumnanna og fjölgi sér. Inniheldur auk þess C-vítamín og sink sem styrkja ónæmiskerfið.
- Sambucol Immune Forte – hylki: Fyrir þá sem ekki vilja mixtúru er hægt að fá Sambucol forte með C-vítamín og sinki í hylkjum. En forðahylki eru góður kostur þar sem innihaldsefni eru í duftformi og eru þannig auðmeltanleg.

GÓÐ RÁÐ TIL AÐ FORÐAST SMIT

- Hreinlæti.
- Borðið engifer og hvítlauk og takið meltingargerla til að styrkja ónæmiskerfið.
- Takið inn Sambucol alla daga til að minnka líkur á smiti af kvefi og flensu.
- Best er að halda sig heima ef flensan bankar upp á.

PRO•STAMINUS
ÖFLUGT NÁTTÚRULEGT EFNI FYRIR KARLMENN

Pissar þú oft á nóttunni?
Er bunan orðin kraftlitil?

PRO•STAMINUS er spennandi nýjung sem er fyrst og fremst ætluð karlmönnum sem hafa einkenni göðkynja stækkunar á blóðruhálskirtli sem getur valdið vandræðum við þvaglát.

PRO•STAMINUS fæst í flestum apótekum, heilsuþúðum og heilsuhúllum stórmarkaða



BJARGVÆTTURINN Enski leikarinn Tom Baker lék fjórða Doctor Who árin 1974–81 en Jónína lék á móti honum árið 1977.



LEIKKONAN Jónína stundaði nám og vann sem leikkona í London í nær aldarfjórðung.



TVÍEYKID Illmenni þáttanna ásamt Jónínu sem lék Marn.

OptiBac
probiotics

Bestu meltingargerlar sem ég hef prófað

Víðir Þór Prastarsson, íþróttta- og heilsufræðingur frá Háskóla Íslands.

Fæst í apótekum og heilsuþúðum

LÉK Í DOCTOR WHO OG FÉKK ÓVÆNTA HEIMSÓKN

FRÆGIR SJÓNVARPSPÆTTIR Jónína Ólafsdóttir lék í bresku þáttunum Doctor Who árið 1977 sem nutu mikilla vinsælda. Tæplega 40 árum síðar heimsótti aðdáandi hana óvænt til Íslands og urðu miklir fagnaðarfundir.

Sjónvarpsþættirnir Doctor Who skipa stóran sess í breski sjónvarps sögu en þeir hófu göngu sína á BBC árið 1963. Þættirnir voru sýndir við miklar vinsældir fram á miðjan níunda áratug síðustu aldar en vinsældirnar döludu nokkuð næstu árin. Sýningum þeirra var hætt árið 1989 en þættirnir voru endurvaktir árið 2005 og hafa síðan þá notið mikilla vinsælda um allan heim, meðal annars hér á landi. Íslenska leikkonan Jónína Ólafsdóttir kom við sögu í þáttunum en hún lék í fjórum þáttum árið 1977 sem til samans mynduðu söguna The Sun Makers.

MARGIR AÐDÁENDUR

Doctor Who-þættirnir eiga stóran aðdáendahóp um allan heim og einn þeirra, Bretinn Steve Hall, hafði um margra ára skeið reynt að fá eiginhandararitun frá Jónínu. „Áhuga minn má rekja til sýningar sem ég fór á árið 1976 en þar voru búningar og munir úr þáttunum sýndir. Í dag á ég yfir 3.000 eiginhandararitunir frá leikurum og starfsmönnum þáttanna og fylgist enn með þeim með barnabörnum mínum.“

FRÁ KEFLAVÍK

Jónína fæddist í Keflavík árið 1943 og hóf nám í Leiklistarskóla Reykjavíkur. Þaðan útskrifaðist hún árið 1963 og flutti ári síðar til Bretlands þar sem hún hóf nám við leiklistarskóla í London. Á öðru námsári sínu hlaut hún verðlaun sem efnilegasti nemandinn og lék í sjónvarpi og leikhúsi víða um Bretland eftir útskrift. Hlutverkið í Doctor Who fékk hún í gegnum umboðs-skrifstofu sína. „Jónína lék hlutverk Marn sem var í slagfoga með aðalskúrki þáttanna sem bar nafnið the Gatherer. Hlutverkið var skrifað fyrir karl en leikstjóri þáttanna, Pennant Roberts, breytti því. Hann átti til að taka slíkar ákvarðanir en þau Jónína, ásamt eiginkonu Roberts, urðu mjög góðir vinir.“

VONDA KONAN

Sem fyrr segir nutu þættirnir mikilla vinsælda enda löngum sýndir



LANGPRÁÐUR FUNDUR Steve hitti loks Jónínu á Íslandi. Hann á yfir 3.000 eiginhandararitunir frá leikurum og starfsmönnum þáttanna.

á besta tíma á laugardagskvöldum. „Þetta var sá tími vikunnar þegar öll fjölskyldan sameinaðist fyrir framan sjónvarpið enda eignuðust þættirnir tryggja áhorfendum sem um leið gátu verið mjög gagnrýnir á framvindu þeirra.“ Sem dæmi um vinsældir þáttanna, þá lenti dóttir Jónínu í því að nokkrir skólafélagar hennar í London neituðu að leika við hana í frímínútum þar sem móðir hennar lék vonda manneskju. Það breyttist þó þegar þegar karakter hennar skipti um lið í síðari þáttum og varð „góð“.

EITT BRÉF ENN

Jónína bjó í London í 20 ár og kynntist verðandi eiginmanni sínum, David Scott, sem ber leikaranafnið David Ashton, í leiklistarskólanum en saman eignuðust þau eina dóttur, Sonju Scott. Eftir Doctor Who-ævintýrið lék hún í ýmsum leikritum, kvikmyndum og sjónvarpsþáttum í Bretlandi og á Íslandi auk þess að taka að sér ýmis verkefni á þessu sviði.

Jónína og David skildu árið 1979 og fjórum árum síðar skipti Jónína um kúrs og hóf þriggja ára nám í Alexandertækni. Eftir að náminu lauk um áramótin 1986-1987 fluttu mæðgurnar heim til Íslands þar sem Jónína kenndi Alexandertækni í Leiklistarskólanum í þrettán ár

auk þess að sinna ýmsum verkefnum tengdum leiklist.

HEIMÓKN

Jónína greindist með Alzheimer-sjúkdóminn árið 2005, þá 61 árs, og dvelur nú á hjúkrunarheimilinu Skjóli. „Ég var búinn að senda Jónínu bréf í langan tíma en þau fóru oftast ólesin í ruslið. Því prófaði ég að senda eitt bréf enn, stílað á kór sem hún söng í, en þá var orðið ljóst að við hjónin vorum að heimsækja Ísland. Bréfið endaði í fórum dóttur hennar sem hafði samband og í sameiningu skipulögðum við fund degi fyrir heimfór okkar. Sonju leist ekkert sérstaklega vel á að hitta mann sem lagði svona mikið á sig til að hitta leikkonu sem lék í þáttum fyrir 40 árum en sem betur fer gekk þetta upp.“

Sökum veikindanna var Jónína ekki viss í fyrstu hvaða fólk þetta var en þegar minnst var á Doctor Who lifnaði greinilega yfir henni að sögn Steve. „Ég var með gamlar myndir úr þáttunum á spjalddölvunni og það lifnaði yfir henni þegar hún sá þær og búningana sem hún klæddist. Jónína hafði ekki skrifað í langan tíma en dóttir hennar fann gamla stílabók sem hún hafði skrifað nafn sitt utan á og gaf mér. Það þótti mér virkilega vænt um og met mjög mikils.“

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
börn eiga rétt á læknisástoð og heilbrigðisþjónustu.

LAGER SALAN

40-80%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM

habitat 



**Gerðu kjarakaup á húsgögnum
frá Tekk Company og Habitat**

OPIÐ LAGERSALAN
FÖSTUDAG KL. 13-18 KAUPÚNI 3 - GARÐABÆ
LAUGARDAG KL. 11-18 – VIÐ HLIÐINA Á
SUNNUDAG KL. 13-18 TEKK COMPANY OG HABITAT
SÍMI 861 7541



TAYLOR SWIFT
Söngkonan knáa hefur verið lengi í bransanum þrátt fyrir ungan aldur. Á Elle-tískuverðlaunahátíðinni í febrúar klæddist hún þessum eiturgreina og kynþokkafulla kjól frá Julien McDonald.

EMMA STONE
Emma Stone er löngu orðin heimsþekkt fyrir leik sinn í myndum á borð við The Help, Birdman og The Amazing Spiderman. Hún klæddist kjól frá Atuzarra í Óskarsverðlaunapartíi Vanity Fair í febrúar en hún var í ár tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir leik í aukahlutverki í myndinni Birdman.

CARA DELEVINGNE
Ofurfyrirsætan hefur heillað heiminn með skemmtilegri og líflægri framkomu. Hún tekur sig oft en ekki lítið alvarlega en er þó afar dönnuð í þessum svarta kjól frá Vivienne Westwood.

UPPI Á PALLI OG Á RAUÐUM DREGLI

TÍSKA Hátískufatnaður sem hannaður er á hávaxnar og grannar fyrirsætur lítur iðulega stórglæsilega út á tískupöllum. Gaman er að sjá þegar flíkurnar eru teknar til kostanna utan þeirra. Stórstjörnur klæðast mjög oft hönnunarklæðum og hér eru nokkur dæmi um hátískukjola sem rötuðu á rauða dregilinn.



ALEXA CHUNG
Breska fyrirsætan og tískuspekúlantinn Alexa Chung er þekkt fyrir óaðfinnanlegan smekk. Hér er hún í kjól frá Erdem á Elle-tískuverðlaunahátíðinni í febrúar.

GWENDOLINE CHRISTIE
Leikkonan breska sem slegið hefur í gegn sem Lady Brienne of Tarth í Game of Thrones klæddist glæsilegri flik frá Giles.

NÚTÍMI CHARLIE CHAPLIN Í HÖRPU

■ **TÓNLEIKAR**
Sinfóníuhljómsveit Íslands spilar tónlist úr kvikmyndinni Modern Times með Charlie Chaplin, á tónleikum í Eldborg klukkan 15 í dag. Kvikmynd Chaplins Nútíminn frá árinu 1936 er talin til hans helstu afreka. Myndin er þögul fyrir utan eitt atriði þar sem Chaplin syngur eitt lag á hrogna-máli.

Í Modern Times segir af baráttu flákingsins við að fóta sig í nýrri iðnvæddri veröld. Fylgst er með Chaplin sem færíbandsþræl í stórrí verksmiðju, viðkomu hans á sjúkrahúsi og í tukhúsi. Þá kemur munaðarlaus stúlkan Gamin til sögunnar og saman feta þau grýtta braut, en í anda Chaplins. Tónlist Chaplins er óaðskiljan-

legur hluti kvikmynda hans og notar hann tónlistina sem leiðarstef í verkum sínum. Hin sígilda dægurperla Smile er ástarstefið í Modern Times. Í því kristallast í raun inntak myndarinnar: brostu og horfðu bjartsýnn fram á vegginn. Þýski hljómsveitarstjórinn Frank Strobel stýrir hljómsveitinni.



LEIÐRÉTTING

Í greininni Heilsuefling fyrir fjölskylduna, sem birtist í Fréttablaðinu þriðjudaginn 5. maí, var ranglega sagt að Íþróttafélagið Glóð væri íþróttafélag eldri borgara. Íþróttafélagið Glóð er íþróttafélag óháð aldri og hefur starfað þannig í tíu ár og með aðild að UMSK og ÍSÍ. Félagið tengist ekki eldri borgurum í Kópavogi.

Spennandi starf í Firðinum

Bæjarfréttir ehf auglýsa eftir ábyrgum og metnaðarfullum einstaklingi til liðs við Gaflarann, vefmiðil og bæjarblað í Hafnarfirði.

Gaflarinn kemur út tvisvar í mánuði en er einnig virk fréttá- og mannlífssíða á Netinu sem segir frá því helsta í bæjarlífi Hafnarfirðinga. Auglýst er eftir áhugasömum, kröftugum og skemmtilegum einstaklingi í hálfstarf til að byrja með, að sinna auglýsingasölu og efnisöflun fyrir blaðið.

Áhugasamir hafi samband við ritstjórn blaðsins, ritstjorn@gafli.is og/eða laugi@prentun.is

gafli
Hafnirskt bæjarblað | gafli.is



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Lögfræðingur

Velferðarráðuneytið auglýsir eftir lögfræðingi til starfa á skrifstofu gæða og forvarna.

Meðal þeirra málefna sem skrifstofan fer með eru verkefni sem varða öryggi, gæði og eftirlit í heilbrigðisþjónustu, lýðheilsu og forvarnir, réttindi sjúklunga, lífvísindi, sjúkraskrár og gagnasöfn í heilbrigðisþjónustu, starfsréttindi í heilbrigðisþjónustu og vísindarannsóknir

Starfið felst einkum í meðferð lögfræðilegra viðfangsefna svo sem samningu lagafrumvarpa og reglugerða og afgreiðslu stjórnáskilnaða og álitgerða og umsjón og eftirfylgni með framkvæmd laga. Einnig þátttöku í stefnumótun í málaflokkum skrifstofunnar auk samskipta við Alþingi, Eftirlitsstofnun EFTA, önnur stjórnvöld, stofnanir, hagsmunaaðila og einstaklinga.

Menntunar- og hæfniskröfur :

- Embættis- eða meistaraþróf í lögfræði.
- Æskilegt er að umsækjendur hafi góða þekkingu eða reynslu á sviði stjórnáskilnaða og stjórnáskilnaðarréttar.
- Frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulags hæfni.
- Gott vald á íslensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Góð kunnátta í ensku og a.m.k. einu Norðurlandamáli.
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Kostur er að umsækjandi hafi þekkingu á EES- og Evrópurétti

Um er að ræða áhugavert og fjölbreytt starf í krefjandi starfsumhverfi þar sem reynir á öguð vinnubrögð, ábyrgð og sjálfstæði. Upplýsingar um starfið veita Margrét Björnsdóttir staðgengill skrifstofustjóra (margret.bjornsdottir@vel.is) og Áslaug Einarsdóttir lögfræðingur (aslaug.einarsdottir@vel.is) í síma 545 8100. Um launakjör fer samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins og fjármála- og efnahagsráðherra. Ráðuneytið hvetur karla, jafnt sem konur, til að sækja um störf.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu berast velferðarráðuneytinu, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 150 Reykjavík eða í tölvupósti á póstfangið postur@vel.is eigi síðar en 31. maí n.k. Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. reglur nr. 464/1996 um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum.

Starfið verður veitt frá 1. september 2015.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Velferðarráðuneytinu, 8. maí 2015.



Forstöðumaður innkaupa- og rekstrarþjónustu

Fjármálasvið Orkuveitu Reykjavíkur óskar eftir að ráða leiðtoga í starf forstöðumanns innkaupa- og rekstrarþjónustu. Viðkomandi verður hluti af stjórnendateymi sviðsins og mun bera ábyrgð á innkaupum og rekstrarþjónustu Orkuveitusamstæðunnar.

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Dagleg stýring einingarinnar
- Ábyrgð á innkaupum og útboðum
- Samningastjórnun sem tengist útboðum og innkaupum
- Samningagerð við birgja
- Eftirfylgni og ráðgjöf með innkaupareglum
- Rekstur fasteigna og lenda
- Rekstur bílamiðlunar
- Mótun stefnu og framtíðarsýnar

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi s.s. á sviði viðskipta- eða verkfræði skilyrði
- Stjórnunarreynsla skilyrði
- Reynsla af innkaupastýringu skilyrði
- Reynsla af samningagerð kostur
- Gott vald á íslensku og ensku
- Góð samskiptahæfni, þjónustulund, frumkvæði og öguð vinnubrögð

Nánari upplýsingar veitir Bryndís Ernstsóttir mannauðsráðgjafi í netfanginu starf@or.is.

Þú sækir um á ráðningavef Orkuveitunnar starf.or.is. Umsóknarfrestur er til og með 18. maí 2015.

Við hvetjum bæði karla og konur til að sækja um starfið

Orkuveita Reykjavíkur er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi, vinnuumhverfi og möguleika til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð.

Nánari upplýsingar um þjónustu okkar má finna á www.or.is



JAFNRÉTTISRÁÐ

Orkuveita Reykjavíkur hlaut jafnréttisviðurkenningu 2002 og 2013



Capacent Ráðningar

Umsækjendur og atvinnurekendur • www.capacent.is

capacent

MANNAUÐS- OG GÆÐASTJÓRI REYKJANESBÆJAR

Reykjanesbær óskar eftir metnaðarfullum og kraftmiklum einstaklingi í starf mannaúðs- og gæðastjóra. Mannauðs- og gæðastjóri leiðir daglegan rekstur, uppbyggingu og þróun mannaúðs- og gæðamála innan sveitarfélagsins.

Um er að ræða spennandi starf á miklum uppbyggingartímum hjá sveitarfélaginu.

Helstu verkþættir:

- Ábyrgð á þróun og eftirfylgni starfsmannastefnu Reykjanesbæjar.
- Ábyrgð á stefnumótun í gæðamálum; mótun gæðastefnu og undirbúningur gæða- og umbótastarfs.
- Ábyrgð á helstu mannaúðsferlum – þróun þeirra, innleiðingu, þjálfun og umbótum.
- Ráðgjöf, efling og stuðningur við stjórnendur á öllum stigum sveitarfélagsins.
- Aðkoma að launasetningu og málum er tengjast starfsmati.
- Þátttaka í stefnumótun fyrir sveitarfélagið í heild.

Menntunar og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Yfirgripsmikil reynsla af mannaúðs- og/eða gæðamálum
- Þekking og/eða reynsla á sviði opinberrar stjórnsýslu
- Reynsla og hæfni til að innleiða breytingar og stjórna þeim
- Framúrskarandi samskiptahæfni
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Sjálfstæði, góð skipulagshæfni og færni til að vinna í hóp

Umsóknarfrestur er til og með 25. maí n.k. Umsóknum skal skilað rafrænt á vef Reykjanesbæjar: www.reykjanesbaer.is/stjornkerfi/laus-storf

Frekari upplýsingar um starfið veitir Jakobína H. Árnadóttir, starfsþróunarstjóri, jakobina.h.arnadottir@reykjanesbaer.is.



REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is

Íþróttafulltrúi og þjálfarar



Ungmennafélag Kjalnesinga auglýsir eftir Íþróttafulltrúa og þjálfurum

Íþróttafulltrúi 50% starf

Ungmennafélag Kjalnesinga óskar eftir að ráða íþróttafulltrúa sem sér um skipulagningu og framkvæmd íþróttastarfs á Kjalnesi. Ráðið er í stöðuna frá og með 1. ágúst.

Starfssvið:

- Skipulagning á íþróttastarfi félagsins
- Stefnuþróun og verkefnastjórnun
- Forvarnarstarf
- Samstarf við önnur félög
- Samstarf við aðrar stofnanir á svæðinu

Hæfniskröfur:

- Háskólapróf á sviði íþróttá- og tómsundamála
- Reynsla sem nýtist í starfi
- Skipulagshæfileika
- Frumkvæði
- Þjónustulund
- Samviskusemi

Auglýstar eru eftirfarandi þjálfarastöður:

Sundþjálfara
Frjálsíþróttþjálfara
Knattspyrnuþjálfara
Þjálfara fyrir íþróttaskóla leikskólalabarna
Þjálfara fyrir íþróttafjör

Þjálfarar þurfa að geta hafið störf 1. sept 2015.

Umsóknir, ásamt ferilskrá sendist til asdisformadurumfk@gmail.com fyrir 20. maí 2015.



Framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar



Hjallastefnan auglýsir stöðu framkvæmdastjóra lausa til umsóknar. Hjallastefnan ehf. er framsækið uppeldis- og menntafyrirtæki sem vinnur eftir eigin hugmyndafræði. Jafnréttisuppeldi, jákvæðni, agi, skapandi hugsun, félagsþjálfun og einstaklingsstyrking eru innviðir í námskrá Hjallastefnunnar og um leið drifkrafturinn sem allt starf Hjallastefnunnar byggir á. Stofnandi og hugmyndasmiður Hjallastefnunnar er Margrét Pála Ólafsdóttir. Hjá Hjallastefnunni starfa yfir 500 einstaklingar í nítján leik- og grunnskólum í ellefu sveitarfélögum víðs vegar um landið.

Starfssvið:

- Stefnuþróun og innleiðing stefnu í samvinnu við stjórn
- Ábyrgð á daglegum rekstri
- Eftirfylgni verkefna
- Stjórnun mannaúðs
- Samskipti við hagsmunaaðila

Menntunar og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Haldgóð stjórnunar- og rekstrarreynsla
- Skilvirkni og eftirfylgni stefnumótunar og áætlana
- Þekking á rekstri menntastofnana er kostur
- Leiðtogaþæfileikar, framsýni og jafnréttishugsjón



Umsóknarfrestur er til og með 17. maí nk.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Hilmar Garðar Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent ráðningum.

capacent



Capacent Ráðningar

Ráðgjafar Capacent búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

Kynnið ykkur þjónustuna á www.capacent.is

capacent



Eir hjúkrunarheimili óskar eftir starfsmanni í eldhús

Starfsmaður óskast í almenn eldhússtörf á hjúkrunarheimilinu, þarf að geta hafið störf strax.

Vinnutími: Dagvinna og önnur hver helgi.

Umsóknir berist til edda@eir.is

Eir hjúkrunarheimili
Hlíðarhúsum 7, 112 Reykjavík
Sími 522 5700



Schindler

Rafvirki eða vélvirki

Héðinn Schindler lyftur ehf.
óskar eftir rafvirkja eða vélvirkja

Starfssvið:

Eftirlit og viðgerðir á lyftum og rennistigum.
Einnig önnur tilfallandi verkefni.

Menntunar og hæfniskröfur:

Sveinspróf í rafvirkjun eða vélvirkjun er skilyrði.
Tölvukunnátta, nákvæm og skipulögð vinnubrögð.
Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt, hafa góða þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.

Umsókn með upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist á schindler@schindler.is.

Smiðir Óskast

Byggingarverktaki óskar eftir að ráða duglega og metnaðarfulla smiði í fjölbreytta vinnu við viðhald fasteigna á höfuðborgarsvæðinu. Þurfa að geta unnið sjálfstætt og byrjað fljótlega.

Nánari upplýsingar veitir Daníel í síma 8595900 eða á vefbúnaði husihus@husihus.is



Spennandi störf í Upplýsingatæknideild Reykjavíkurborgar



Reykjavíkurborg auglýsir þrjár stöður í Upplýsingatæknideild Reykjavíkurborgar á Skrifstofu þjónustu og reksturs.

Viltu taka þátt í að móta og nútímavæða eitt stærsta upplýsingatækniumhverfi landsins? Upplýsingatæknideild Reykjavíkurborgar rekur eitt stærsta tölvunet landsins með hartnær 10.000 útstöðvum fyrir um 25.000 notendur. Framundan eru fjölmörg spennandi verkefni sem felast m.a. í innleiðingu margvíslegra skjjalausna og að nýta nýjar lausnir á sviði upplýsingatækni til þess að nútímavæða tæknilega innviði, bæta umsjón með ört vaxandi fjölda snjalltækja og margt fleira.

TÆKNISTJÓRI UPPLÝSINGATÆKNIDEILDAR

Helstu verkefni:

- Þróun og yfirumsjón með högun tæknilegra innviða og rekstrarumhverfis
- Mótun framtíðarsýnar um tæknilega innviði og kerfisarkitektúr
- Vinna að nýjungum og umbótavinnu í upplýsingatæknimálum
- Ábyrgð á þjónustu vegna viðnets og staðarneta hjá Reykjavíkurborg

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Framhaldsmenntun í tölvunarfræði, verkfræði eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Yfirgripsmikil þekking á tölvubúnaði og upplýsingatækni
- Reynsla af stjórnun tæknimála hjá stórra upplýsingatæknieiningu
- Viðtæk reynsla í tæknilegri áætlanagerð
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Drifkraftur, frumkvæði og metnaður til að ná árangri
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku

VERKEFNASTJÓRI

Helstu verkefni:

- Fagleg stýring verkefna á sviði upplýsingatækni hjá Reykjavíkurborg
- Vinna við þróun verkefnastjórnunarferlis upplýsingatæknideilda
- Ýmis áætlana- og skýrslugerð

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Framhaldsmenntun í verkefnastjórnun, verkfræði, viðskiptafræði eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Viðtæk reynsla af stjórnun verkefna á sviði upplýsingatækni
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Skipulag í vinnubrögðum
- Drifkraftur, frumkvæði og metnaður til að ná árangri

TEYMISSTJÓRI REKSTRARTEYMISS

Helstu verkefni:

- Stjórnun 20 manna teymis kerfisstjóra og hugbúnaðarsérfræðinga sem sinna kerfisrekstri, þróun, viðhaldi og þjónustu við þau kerfi sem eru í rekstri fyrir Reykjavíkurborg
- Uppbygging teymisins og þjónustu þess
- Stefnumótun, umbótavinna, yfirumsjón með þróun kerfa og verkferla
- Stjórnun verkefna og starfsmanna teymisins

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Framhaldsmenntun á sviði tölvunarfræði, verkfræði, viðskiptafræði eða önnur sambærileg háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Leiðtogaæfisleikar og farsæl stjórnunarreynsla ásamt lausnamiðaðri stjórnun
- Viðtæk reynsla af kerfisstjórnun og/eða stjórnun starfseininga á sviði kerfisrekstrar
- Reynsla af tæknilegri áætlanagerð og greiningu ferla
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Viðsýni og lausnamiðuð hugsun
- Drifkraftur, frumkvæði og metnaður til að ná árangri
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku

Skrifstofa þjónustu og reksturs hefur yfirumsjón með og annast samræmingu á þjónustu borgarinnar, sérstaklega rafrænni þjónustu og þjónustu í framlínu borgarinnar. Skrifstofan ber ábyrgð á rekstri þjónustuvers, undir hana heyrja skjalasafn Ráðhúss og Skjalaver á Höfðatorgi sem og öll upplýsingatæknimál Reykjavíkurborgar. Skrifstofan ber ennfremur ábyrgð á rekstri stjórnsýsluhúsa og tilheyrandi mótuneytum. Á Skrifstofu þjónustu og reksturs starfa um 105 starfsmenn.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarféлага. Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspeglja það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Umsóknarfrestur er til og með 26. maí nk.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.

Umsókn um starf þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) hjá Capacent ráðningum.



Sérfræðingur - viðskiptakerfi

Við höfum verið beðin um að leita að sérfræðingi með reynslu af viðskiptakerfum á upplýsingatæknisvið hjá traustu og öflugum fyrirtæki. Við leitum að sjálfstæðum einstaklingi sem þrífst í krefjandi umhverfi.

Starfssvið

- Greining á verk- og breytingabeidnum
- Forritun breytinga og gagnleiðréttinga í Dynamics AX
- Aðstoða notendur við lausn vandamála tengd Dynamics AX
- Viðhald á Dynamics AX aðgangsstýrikerfum
- Fylgjast með og leysa vandamál uppítíma, afkastagetu og stöðugleika Dynamics AX

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Lágmark tveggja ára reynsla af Dynamics AX/ Axapta, SAP, Navision eða sambærilegum kerfum (notendabjónusta / forritun)
- Reynsla af MS Windows Server, Sharepoint og SQL Server er kostur
- Góð samskiptahæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð enskukunnátta

Starfinu geta fylgt ferðalög erlendis.

www.intellecta.is
Síðumúla 5 - 108 Reykjavík

Nánari upplýsingar um starfið veita Torfi Markússon (torfi@intellecta.is) og Helga Rún Runólfssdóttir (helga@intellecta.is) í síma 511 1225.

Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is fyrir 18. maí nk. og þarf henni að fylgja ferilskrá.

Allar umsóknir og fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og þeim svarað.

intellecta

Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir



Hlutverk sjóðsins er að veita sjóðsfélögum elli- og örorkulífeyri og eftirlátum mökum þeirra og börnum maka- og barnalífeyri.

Sjóðurinn er deildaskiptur; samtryggingardeild og séreignadeild.

Sjóðurinn veitir einnig lán til sjóðsfélaga.

Nánari upplýsingar um sjóðinn má finna á heimasíðu hans www.lifsverk.is

Framkvæmdastjóri

Lífsverk lífeyrissjóður óskar eftir að ráða öflugan framkvæmdastjóra.

Helstu verkefni

- Stjórnun og ábyrgð á daglegum rekstri
- Ábyrgð á fjárfestingum og afkomu sjóðsins
- Ábyrgð á lífeyrisúrskurðum og iðgjaldskráningu
- Samskipti við innlenda og erlenda fjárvörsluaðila
- Upplýsingagjöf til stjórnar, sjóðfélaga og eftirlitsaðila
- Þátttaka í stefnumótun

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf s.s. í viðskiptafræði, verkfræði eða lögræði
- Meistarapróf er kostur
- Farsæl stjórnunarreynsla
- Góðir samskiptahæfileikar
- Skipulögð vinnubrögð og frumkvæði í starfi
- Rík ábyrgðartilfinning og faglegur metnaður
- Þekking og reynsla af störfum á fjármálamarkaði
- Reynsla af lífeyrissjóðsmálum er kostur
- Reynsla af breytingastjórnun og samrunaferlum er kostur

Umsækjendur eru hvattir til að kynna sér mat FME á hæfi framkvæmdastjóra eftirlitsskyldra aðila og lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Nánari upplýsingar veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) og Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) í síma 511 1225. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is í síðasta lagi 20. maí 2015. **Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.** Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf og þarf umsækjandi að geta sýnt fram á að persónuleg fjármál og önnur fjárhagsleg umsýsla sé flekklaus.

Intellecta Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.

intellecta

Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

STÖRF HJÁ GARÐABÆ

Leikskólinn Akrar

- sérkennsla

Flataskóli

- ræsting

Álftanesskóli

- umsjónarkennsla á yngsta stigi

Hofsstaðaskóli

- ræsting

Bæjarskrifstofur Garðabæjar

- þjónustufulltrúi

Hjúkrunarheimilið Ísafold

- hjúkrunarfræðingar/nemar

Nánari upplýsingar á vef Garðabæjar, www.gardabaer.is



Hjúkrunarfræðingur óskast til starfa

Starfslýsing:

Sala og þjónusta á hjúkrunarvörum og lækningatækjum. Sjá um kynningar og kennslu á sárameðferðarvörum, almennum hjúkrunarvörum og lækningatækjum. Tilboðsgerð ásamt vinnslu á útboðum í ofangreindum vörum.

Staðan er laus frá:

Samkomulag

Starfshlutfall:

60 -100%

Gerðar eru kröfur um:

- Íslenskt hjúkrunarleyfi, en framhaldsnám sem nýtist í starfi er kostur
- 3 – 5 ára starfsreynsla sem hjúkrunarfræðingur.
- Góð Íslensku- og enskukunnátta.
- Hæfni til að koma fram, frumkvæði, sveigjanleiki og skipulögð vinnubrögð.
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góð tölvukunnátta og þekking á outlook, word og excel.

Starfskjör:

Góð laun í boði.

Nánari upplýsingar:

Kolbeinn í síma 512 2800

Umsóknarfrestur er til:

15. maí 2015

Umsókn sendist til:

kolbeinn@hbv.is

Sveitarfélagið Ölfus auglýsir laus störf



Grunnskólinn í Porlákshöfn



Grunnskólakennari óskast

Grunnskólinn í Porlákshöfn óskar eftir að ráða tónmenntakennara fyrir næsta skólaár. Um er að ræða kennslu í 70 % stöðu.

Einnig er hugsanleg kennsla við deild Tónlistarskóla Árnesinga en deildin er til húsa í skólahúsnæði grunnskólans. Upplýsingar um þá stöðu veitir Róbert Darling skólustjóri í síma 482 1717 eða robert@tonar.is Einnig vantar náms- og starfsráðgjafa í 50% starf. Launakjör samkvæmt samningi KÍ.

Nánari upplýsingar um starfsemi skólans er á heimasíðunni, grunnskolinni@porlakshofn.is Allar nánari upplýsingar veita Halldór Sigurðsson, skólustjóri, halldor@olfus.is og Jón H. Sigurmundsson, aðstoðarskólustjóri, jon@olfus.is Síminn er 480-3850

Umsóknnum skal skilað til Grunnskólans í Porlákshöfn fyrir 20. maí 2015.

Öllum umsóknnum verður svarað þegar gengið hefur verið frá ráðningu.

Skólustjóri



Óskum eftir að ráða rafvirkja til starfa.
Fjölbreytt vinna.
Umsóknir sendist á netfangið
rafstodin@simnet.is.

Rafstöðin ehf, Akranesi

Vantar þig nætur- eða dagvinnu?

Keyrsla.is óskar eftir bílstjórum bæði í sumarafleysingar og framtíðarstörf. Starfið felur í sér að keyra sendi- og lyftubíla á höfuðborgarsvæðinu og í nágrenni ásamt öðrum verkefnum. Keyrsla.is er með fasta þjónustusamninga við fyrirtæki með vörudreifingu. Eins veitir keyrsla.is almenna sendibílaþjónustu. Vinnutími er mismunandi eftir hverjum bíl fyrir sig. Bæði leitum við eftir starfsmanni í næturvinnu og dagvinnu.

Hæfniskröfur:

- Sjálfstæð vinnubrög
- Hafa metnað í starfi
- Heiðarleiki og góð þjónustulund
- Heilsuhreysti
- Stundvís
- Ökuréttindi B fyrir sendibíla gott að hafa líka (C1 – C1E) - Ökuréttindi B - C og C1E fyrir lyftubíla



Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um starfið. Umsóknarfrestur til 18. maí. Lágmarksaldur umsækjenda er 18 ár. Umsækjendur eru beðnir um að senda umsókn sína á starf@keyrsla.is. Frekari upplýsingar veitir Tómas A. í síma 820-3283



Miðstöð meltingarlækninga, Læknastöðinni Glæsibæ, óskar eftir að ráða hjúkrunarfræðing til starfa frá 1. sept 2015 eða eftir nánara samkomulagi í allt að 80 % starfshlutfall.

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netfangið laeknastodin@laeknastodin.is fyrir 20.maí nk.

Nánari upplýsingar veitir
Kristín Ólafsdóttir deildarstjóri á
kristin@laeknastodin.is

Læknastöðin · Álfheimar 74 · 104 Reykjavík
· sími: 5356800 · fax: 5356805

Iðgjaldafulltrúi

Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga óskar eftir að ráða fulltrúa í iðgjaldadeild sjóðsins. Við leitum að öflugum aðila sem er talnaglögur og góður í samskiptum. Viðkomandi þarf að vera opinn fyrir nýjungum og með góða skipulagshæfni.

Helstu verkefni:

- Móttaka og skráning iðgjalda
- Ráðgjöf og samskipti við launagreiðendur og sjóðsfélaga
- Mánaðarleg uppgjör iðgjalda
- Innheimta
- Afstemmingar
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Viðurkenndur bókari eða háskólapróf í viðskiptafræði
- Haldgóð starfsreynsla hjá lífeyrissjóði, í launabókhalda eða bókhaldi
- Skipulögð vinnubrögð, sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að taka saman upplýsingar og greina



Linnetsstigur 1 | 220 Hafnarfjörður | talent@talent.is | Sími 552-1600

Umsjón með starfinu hefur
Lind Einarsdóttir hjá Talent
Ráðningum, lind@talent.is

Umsóknarfrestur er til og með 20. maí 2015.
Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um
starfið á heimasíðu Talent Ráðninga, www.talent.is

BL bílaumboðið leitar að kraftmiklu fólki til starfa

Hjá BL starfa rúmlega 150 starfsmenn auk samstarfs- og umboðsaðila um allt land en félagið er með söluumboð fyrir BMW, Land Rover, Nissan, Hyundai, Subaru, Renault, Dacia og Isuzu.

Starfsmaður í akstursþjónustu

Finnst þér gaman að vera á ferðinni? Við leitum að ábyrgum aðila á besta aldri til að sinna fyrir okkur akstursþjónustu. Um er að ræða akstursþjónustu með viðskiptavini vegna bílaviðgerða og einnig keyrsla með gögn og fleira. Afburða samskiptafærni er skilyrði. Vinnutími er frá kl. 08-18.

Starfsmaður í þjónustuver

Hefur þú áhuga á bílum og bílavarahlutum? Þá gæti þetta verið starf fyrir þig. Við leitum að aðila með mikla þjónustulund og mjög góða tölvufærni í þjónustuverið okkar. Þú þarft ekki að vera bifvélavirki en áhugi á bílum og þekking á grunnhugtökum er skilyrði. Starfið fer mikið fram í gegnum síma og tölvu. Vinnutími frá kl. 8/9-17/18.

Starfsmaður á skrifstofu

Ef þú hefur gaman af góðu skipulagi og ert talnaglögur gæti þetta verið starf fyrir þig. Starfið felst í umsjón með skráningargögnum nýrra bíla, tryggingum þeirra og verkbeiðnum þeim tengdum. Viðkomandi hefur umsjón með samræmingu vinnubragða milli deilda ásamt annarri bókhaldsvinnu og tilfallandi vinnu tengdri tollamálum. Vinnutími er frá kl. 9-18.



Linnetsstigur 1 | 220 Hafnarfjörður | talent@talent.is | Sími 552-1600

Umsjón með starfinu hefur
Lind Einarsdóttir hjá Talent
Ráðningum, lind@talent.is

Umsóknarfrestur er til og með 20. maí nk.
Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um
starfið á heimasíðu Talent Ráðninga, www.talent.is



Gæða- og upplýsinga- öryggisstjóri

Veðurstofa Íslands óskar eftir að ráða gæða- og upplýsingaöryggisstjóra sem ber ábyrgð á gæða- og upplýsingaöryggi hennar. Starfið heyrir undir Skrifstofu forstjóra og mun viðkomandi sitja í framkvæmdaráði stofnunarinnar.

Veðurstofan vinnur að innleiðingu stjórnunarkerfis skv. stöðlunum ISO 9001 og ISO 27001 og hefur meirihluti starfseminnar gengist undir gæðavottum skv. ISO 9001.

Meginhlutverk

- ▶ Ber ábyrgð á mótun gæðastefnu og upplýsingaöryggisstefnu stofnunarinnar og hefur eftirlit með því að þeim sé framfylgt
- ▶ Sér til þess að ferli starfseminnar séu skilgreind sem og lykilmætti þeirra og jafnframt að sjá til þess að stofnunin setji sér markmið og árangur í ljósi þeirra sé mældur
- ▶ Ber ábyrgð á að upplýsingaeygni séu skilgreindar og að öryggi upplýsinga sé tryggt
- ▶ Hefur umsjón með umbótaferlum
- ▶ Ber ábyrgð á vottun samkvæmt alþjóðlegum stöðlum og reglum ásamt því að vera tengiliður gagnvart vottunar- eða eftirlitsaðila

- ▶ Sér um rekstur og uppfærslu gæðahandbókar (rekstrarhandbókar)
- ▶ Hefur umsjón með frekari uppbyggingu stjórnunarkerfisins
- ▶ Heldur uppi markvissri kynningu á gæða- og upplýsingaöryggismálum og stuðlar að aukinni vitund starfsmanna

Menntunar- og hæfniskröfur

- ▶ Háskólapróf sem nýtist í starfi. Framhaldsnám á sviði gæðastjórnunar og/eða upplýsingaöryggismála
- ▶ Yfirgripsmikil þekking á hugmyndafræði og aðferðum gæða- og upplýsingaöryggisstjórnunar, s.s. ISO 9001 og ISO 27001
- ▶ Farsæl reynsla af gæða- og upplýsingaöryggisstjórnun
- ▶ Hæfni til að innleiða breytingar og stjórna þeim
- ▶ Góð hæfni í samstarfi og mannlegum samskiptum
- ▶ Farsæl reynsla af hópstarfi og teymisvinnu
- ▶ Skipulagshæfni og nákvæmni
- ▶ Mjög gott vald á íslensku og góð kunnátta í ensku

Laun taka mið af kjarasamningum ríkisins og viðeigandi stéttarfélag.

Nánari upplýsingar um starfið veita **Ari Eyberg** (ari@intellecta.is) og **Helga Rún Runólfssdóttir** (helga@intellecta.is) í síma **511 1225**.

Umsóknarfrestur til og með 18. maí nk.

Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og henni þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf. Farið verður með allar fyrirsurnir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.

Veðurstofa Íslands er opinber stofnun sem heyrir undir umhverfis- og auðlinda- ráðuneytið. Hjá stofnuninni starfa um 135 manns með fjölbreytta menntun og starfsreynslu sem spannar mörg fræðasvið. Auk þess starfa um 110 manns við athugana- og eftirlitsstörf víðsvegar um landið. Hlutverk stofnunarinnar er öflun, varðveisla og úrvinnsla gagna, sem og miðlun upplýsinga á helstu eðlisþáttum jarðarinnar, þ.e. lofti, vatni, jörð, snjó, jökulum og hafi. Starfsemin fer fram á fjórum sviðum: Eftirlits- og spásviði, Athugana- og tæknisviði, Úrvinnslu- og rannsóknarviði, Fjármála- og rekstrarsviði og Skrifstofu forstjóra. Nánari upplýsingar um stofnunina má finna á heimasíðu hennar www.vedur.is

Gildi Veðurstofunnar eru þekking, áreiðanleiki, framsækni og samvinna. Ráðningar hjá stofnuninni munu taka mið af þessum gildum.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.vedur.is
522 6000



Samstarf er á milli sjö sveitarfélaga í Árnæssýslu á sviði skóla- og velferðarþjónustu. Einn forstöðumaður er yfir svæðinu og er sameiginleg skóla- þjónusta- og velferðarnefnd sem markar þjónustunni stefnu í samvinnu við þá sem málið varðar. Lögð er áhersla á heildarsýn í málefnum einstaklinga og fjölskyldna. Skóla- og velferðarþjónustan skiptist í kennsluráðgjöf, sálfræðiþjónustu, félagslega ráðgjöf barnavernd, málefni eldri borgara og málefni fatlaðs fólks.

Sálfræðingur óskast til starfa

Staða sálfræðings hjá Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls er laus til umsóknar. Starfið er hvort tveggja á sviði skólaþjónustu og félagsþjónustu. Aðsetur þjónustunnar er í Hveragerði.

Starfssvið sálfræðings :

- Ráðgjöf til foreldra barna og starfsfólks leik- og grunnskóla.
- Forvarnarstarf með áherslu á sjálfbærni skólanna við lausn mála sem upp koma.
- Sálfræðilegar athuganir og greiningar á börnum, ráðgjöf og eftirfylgd mála.
- Fræðsla og námskeið fyrir foreldra, nemendur og starfsfólk skóla.
- Ráðgjöf og meðferð fyrir fjölskyldur og börn sem njóta þjónustu barnaverndar.

Sálfræðingur vinnur í þverfaglegu samstarfi við kennsluráðgjafa, félagsráðgjafa, starfsfólk skóla, starfsfólk heilbrigðisþjónustu og aðra sérfræðinga. Sérfræðingar skóla- og velferðarþjónustu starfa í kraftmiklu starfsumhverfi þar sem fagmennska, áreiðanleiki og vönduð vinnubrögð eru höfð að leiðarljósi.

Menntunar- og hæfniskröfur :

- Sálfræðimenntun og réttindi til að starfa sem sálfræðingur
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góðir skipulagshæfileikar
- Færni í samskiptum
- Hæfni í þverfaglegu samstarfi

Umsóknarfrestur er til 30. maí 2015

Umsóknir sendist til Hveragerðisbæjar, Sunnumörk 2, 810 Hveragerði eða á netfangið maria@hveragerdi.is. Með umsóknum skal fylgja greinargóð ferilskrá um fyrri störf umsækjanda og menntun. Einnig fylgi stutt greinargerð um faglega sýn viðkomandi í starfi sálfræðings. Í samræmi við jafnréttisstefnu sveitarfélaganna eru bæði karlar og konur hvött til að sækja um störf. Nánari upplýsingar veita: María Kristjánsdóttir forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls netfang maria@hveragerdi.is og Hrafnhildur Karlsdóttir teymisstjóri og kennsluráðgjafi, netfang hrafnhildur@arnesthing.is



Gjaldkeri

Útibú Íslandsbanka á Akureyri

Umsóknarfrestur er til og með 20. maí

Umsóknir óskast fylltar út á www.islandsbanki.is og sendar ásamt ítarlegri ferilskrá.

Við leitum að gjaldkera í útibú Íslandsbanka á Akureyri. Viðkomandi þarf að vera áhugasamur og hafa metnað og vilja til að veita viðskiptavinum okkar úrvalsþjónustu.

Helstu verkefni:

- Gjaldkerastörf og uppgjör sjóðs
- Að veita framúrskarandi þjónustu

Hæfniskröfur:

- Þjónustulipurð
- Frumkvæði
- Geta unnið undir álagi
- Nákvæmni og talnaskilningur

Nánari upplýsingar:

Ingi Björnsson, útibússtjóri, 440 3802,
ingi.bjornsson@islandsbanki.is

Sigrún Ólafsdóttir, ráðningastjóri, 440 4172,
sigrun.olafs@islandsbanki.is

Við bjóðum góða þjónustu. Hjá Íslandsbanka starfa um 1000 starfsmenn. Við sækjumst eftir starfsfólki sem er jákvætt, faglegt og framsýnt og leitar ávallt bestu lausna fyrir viðskiptavinum bankans. Framtíðarsýn Íslandsbanka er að vera númer eitt í þjónustu.

Hvað segir fólkíð okkar? Sjáðu hvað starfsfólk hefur að segja um vinnustaðinn: islandsbanki.is > Um Íslandsbanka > Vinnustaðurinn





Starfsmaður í mötuneyti Hellisheiðarvirkjunar

Við leitum að duglegum og jákvæðum einstaklingi í mötuneyti Orkuveitu Reykjavíkur í Hellisheiðarvirkjun. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Starfssvið

- Umsjón með matstofu í Hellisheiðarvirkjun
- Undirbúningur og framreiðsla á mat fyrir starfsfólk
- Uppvask, þrif og frágangur
- Önnur verkefni í mötuneyti

Hæfnikröfur

- Kunnátta í matargerð skilyrði
- Reynsla af vinnu í mötuneyti eða sambærilegu starfi mjög æskileg
- Hæfni í samskiptum og mjög góð þjónustulund
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Almenn tölvukunnátta

Nánari upplýsingar veitir Bryndís Ernstsóttir mannauðsráðgjafi í netfanginu starf@or.is.

Þú sækir um á ráðningavef Orkuveitunnar starf.or.is. Umsóknarfrestur er til og með 18. maí 2015.

Við hvetjum karla sérstaklega til að sækja um starfið



Orkuveita Reykjavíkur hlaut jafnréttisviðurkenningu 2002 og 2013

Orkuveita Reykjavíkur er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi, vinnuumhverfi og möguleika til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð.

Nánari upplýsingar um þjónustu okkar má finna á www.or.is



Félagsheimilið Húnaver

Hússtjórn Húnavers og Húnavatnshreppur óska efir húsverði eða umsókn frá aðilum sem vilja taka að sér rekstur félagsheimilisins Húnavers.

Óskað er eftir upplýsingum um bakgrunn og reynslu umsækjenda, sem og hugmyndum um það hvernig umsækjandi hyggst nýta húsið til eflingar ferðaþjónustu, menningar- og félagslífs

Félagsheimilið Húnaver er byggt árið 1957 og er 601 m² að grunnfleti, ásamt 88 m² íbúð. Félagshimilið skiptist í anddyri með miðasölu, forsal, snyrtingar, fatageymslu og fundarherbergi. Þá er eldhús með uppþvottavél, bakaraofni og öðrum helstu eldhústækjum og áhöldum. Samkomusalur er í húsinu. Jafnframt er leyfi fyrir allt að 56 manns í svefn-pokagistingu.

Félagsheimilið Húnaver er staðsett á mótum Svartárdals og Langadals þar sem þjóðvegur 1 liggur upp Vatnsskarð.

Í Húnaveri hefur verið rekin verslun, veitingasalur og svefnpokapláss. Við Húnaver eru mjög góð tjaldstæði með rafmagni, snyrtingum og sturtuaðstöðu. Ásamt þessu fylgir Húnaveri fjárhús/hesthús alls 184 m² og hlaða sem er 127 m².

Umsóknarfrestur er til 30. maí næstkomandi.

Skila skal umsóknum á skrifstofu Húnavatnshrepps, Húnavöllum 541 Blönduós, eða með að senda umsókn í tölvupósti á netfangið ainar@hunavatnshreppur.is.

Nánari upplýsingar:

Einar Krisján Jónsson sveitarstjóri í síma 452 4661 og 842 5800 eða formaður hússtjórnar Pétur Pétursson í síma 452 4349 og 821 4349.

Áskilinn er réttur til að taka hvaða umsókn sem er eða hafna öllum.

Húnavatnshreppur og Hússtjórn Húnavers



Húnavatnshreppur

hunavatnshreppur.is



VERKEFNASTJÓRI

Rekstrarstýring Icelandair leitar að öflugum verkefnastjóra til starfa

Meginhlutverk rekstrarstýringar er að styðja við stjórnendur Icelandair svo þeir nái þeim markmiðum sem fyrirtækið hefur sett sér. Eins leitar rekstrarstýring stöðugt leiða til að bæta rekstur félagsins með bættu þjónustu, sveigjanleika og hagræðingu að leiðarljósi.

STARFSLÝSING:

- Taka þátt í að þróa umbótastarf hjá Icelandair (Lean)
- Leiða vinnu stöðugra umbóta á helstu þjónustuferlum
- Stýra umbótavinnustofum og fylgja á eftir umbótaverkefnum
- Þátttaka í vinnuhópum
- Ný umbótaverkefni og eftirfylgni þeirra

HÆFNISKRÖFUR:

- Háskólapróf í verk-, tækni-, eða viðskiptafræði
- Þekking á aðferðafræði straumlinustjórnunar
- Góðir stjórnunarhæfileikar
- Greiningarhæfni
- Hæfni til að vinna í hóp
- Vönduð og nákvæm vinnubrögð
- Frumkvæði og dugnaður

Við leitum að öflugum einstaklingi í spennandi og krefjandi starf í liflegu starfsumhverfi. Lögð er áhersla á framúrskarandi samskiptahæfileika og viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga á að ná góðum árangri í starfi í alþjóðlegu umhverfi.

Starfsvettvangur er aðallega í höfuðstöðvum Icelandair í Reykjavík en einnig að hluta til á starfsstöðvum félagsins á Keflavíkurlflugvelli.

Nánari upplýsingar veita:

Hlynur Elisson | hlynur@icelandair.is
Kristín Björnsdóttir | starf@icelandair.is

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

+ Umsókn ásamt ferilskrá óskast fyllt út á www.icelandair.is/umsokn eigi síðar en 17. maí 2015.



Sölumaður í verslun

Óskum eftir að ráða sölumann í verslun með vörur fyrir iðnaðarmenn og heimili.

Leitað er að einstaklingi 25 ára eða eldri. Samviskusemi, þjónustulund og metnaður. Reynsla af sölustörfum æskileg.

Grunnlaun: 500 þúsund krónur á mánuði.

Um er að ræða framtíðarstarf!

Umsóknir ásamt ferilsskrá óskast sendar fyrir 14. maí á netfangið: vinna059@gmail.com

Vélstjóri FRAKKLANDI, EURONOR

Euronor óskar eftir að ráða yfirvélstjóra og undirvélstjóra til starfa á skip félagsins. Um framtíðarstarf er að ræða en ennfremur vantar vélstjóra til afleysinga.

Hæfniskröfur

- Skilyrði að geta unnið sjálfstætt
- Réttindi yfirvélstjóra VF I eða VF II
- Réttindi undirvélstjóra VS II
- Góð enskukunnátta
- Snyrtimennska
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Reglusemi skilyrði

Umsóknir berist til Jóhannesar Þorvarðarsonar
joivarda@euronor.org

Euronor er útgerðarfyrtæki sem rekur 2 frystitogara með 2990 HP aðalvél og 4 Ísfisktogara með 2000-2400 HP aðalvél. Útgerðin er staðsett í Boulogne Sur Mer í Norður Frakklandi. Veiðar eru mest stundaðar á ufsa í Norðursjó en einnig eru einhverjar veiðiheimildir af þorski í Barentshafi.



Fjölbreytt störf hjá alþjóðlegu upplýsingatæknifyrirtæki

Hjá AGR starfar öflugur hópur sérfræðinga við hugbúnaðarþróun og vörustjórnunarráðgjöf fyrir alþjóðlegan hóp viðskiptavina. Vegna aukinna verkefna óskum við eftir kraftmiklum sérfræðingum til starfa á skemmtilegum vinnustað við spennandi og krefjandi verkefni.

Copywriter - English

- The job includes writing content for marketing collateral, online marketing and software manuals
- Candidate should be willing to extend his knowledge on supply chain management and ERP systems
- Responsibilities include supporting marketing and development departments to create relative content
- Native proficiency in english is a requirement
- Experience in the field of supply chain management or SEO is an advantage

Kerfisstjóri

- Fjölbreytt starf við samþættingu og rekstur Microsoft lausna
- Reynsla af rekstri og þjónustu á Microsoft umhverfi er æskileg
- Æskileg þekking á MS SQL, Azure, AD, IIS, Exchange, PowerShell og Office
- Hæfni í mannlegum samskiptum, frumkvæði, sjálfstæði og nákvæmni í starfi

SQL sérfræðingur

- Starfið felst í greiningu og lausn verkefna með T-SQL forritun fyrir alþjóðlegan hóp viðskiptavina
- Viðkomandi þarf að hafa reynslu af Microsoft SQL
- Tæknileg aðkoma að innleiðingu viðskiptalausna AGR
- Viðkomandi mun taka þátt í þróun viðskiptalausna AGR með áherslu á gagnagrunnsenda
- Háskólapróf á sviði tölvunarfræði, verkfræði eða önnur sambærileg menntun er skilyrði

Umsækjendur skulu senda upplýsingar um menntun og starfsreynslu á job@agr.is fyrir 18. maí. Nánari upplýsingar veitir Haukur Hannesson, framkvæmdastjóri í síma 512-1000 eða haukur@agr.is. Fullum trúnaði heitið.

AGR er alþjóðlegt hugbúnaðarfyrtæki sem hefur frá stofnun, árið 1997, þróað eigin lausnir til hagræðingar í rekstri aðfangakeðjunnar. Á skrifstofum okkar á Íslandi, Bretlandi og í Danmörku starfa 25 manns sem þjónusta alþjóðlegan hóp viðskiptavina.



www.hafnarfjordur.is

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJÖRÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

Viltu bætast í hópinn Sendu okkur umsókn!

Hafnarfjarðarbær er þriðja stærsta sveitarfélag landsins og þar starfa um 2000 manns. Áhersla er lögð á að hjá bænum starfi fólk sem getur veitt bestu þjónustu sem völ er á af þekkingu, ábyrgð og metnaði.

Grunnskólar:

- Almenn kennsla á miðstigi - Hraunvallaskóla
- Almenn kennsla á yngsta stigi - Hraunvallaskóli
- Sérkennsla - Hraunvallaskóli
- Umsjónarkennari á yngsta stigi - Áslandsskóli
- Umsjónarkennari á miðstigi - Áslandsskóli
- Kennari í ensku - Áslandsskóli
- Kennari í íþróttum - Áslandsskóli
- Kennari í dönsku - Áslandsskóli
- Deildarstjóri á yngsta stigi - Áslandsskóli
- Sérkennari - Hvaleyrarskóli
- Umsjónarkennari á yngsta stigi - Hvaleyrarskóli
- Umsjónarkennari á yngsta stigi - Öldutúnsskóli
- Enskukennari - Víðistaðaskóli
- Tónmenntakennari - Víðistaðaskóli
- Skólaliði - Víðistaðaskóli
- Smíðakennari - Setbergsskóli
- Kennari í sérdeild fyrir börn með einhverfu - Setbergsskóli
- Skólaliði - Setbergsskóli
- Stuðningsfulltrúi - Setbergsskóli
- Textílkennari (afleysing í ár) - Hraunvallaskóli
- Deildarstjóri sérkennslu - Lækjarskóli
- Kennari á yngsta stigi - Lækjarskóli
- Kennari á unglingsstigi - Lækjarskóli

Leikskólar:

- Sérkennslustjóri - Leikskólinn Tjarnarás
- Aðstoðarleikskólalastjóri - Leikskólinn Tjarnarás

Heimili fyrir fatlað fólk:

- Forstöðumaður á heimili fatlaðs fólks
- Sumarflæysingar á heimili fyrir fatlað fólk
- Framtíðarstjóri á heimili fyrir fatlað fólk í Áslandshverfi
- Sumarflæysingar á heimili fyrir fatlað fólk í Áslandi

Annað:

- Forstöðumaður bókasafns Hafnarfjarðar
- Starfsmaður íþróttahúss við Strandgötu
- Daggæslufulltrúi - Skólaskrifstofa.

Sótt er um störf á www.hafnarfjordur.is



Fastus ehf er framsækið þjónustufyrirtæki sem sér fyrirtækjum og stofnunum á heilbrigðissviði og í rekstri tengdum matvælum og iðnaði fyrir tækjum, búnaði og rekstrarvörum. Hjá Fastus ehf starfar fjölbreyttur og fjölhæfur hópur sérfræðinga sem leitast við að finna viðeignandi lausn fyrir sérhvern viðskiptavin félagsins. Nánari upplýsingar á www.fastus.is.

Söluráðgjafi

Fastus ehf óskar eftir söluráðgjafa til starfa á fyrirtækjamarkaði. Í boði er áhugavert framtíðarstarf hjá traustu fyrirtæki sem er vaxandi á sínum markaði. Með öflugri vörubekkingu vinnur starfsmanna-hópurinn samhentar við að veita framúrskarandi þjónustu til að tryggja hag viðskiptavina sinna.

Starfssvið:

- Sala og ráðgjöf til viðskiptavina fyrirtækjasviðs
- Þjálfun hjá helstu birgjum
- Samskipti við birgja og umsjón valinna vörumerkja
- Umsjón með samskiptum við ákveðna viðskiptamenn
- Söluferðir um landið

Hæfniskröfur:

- Rík þjónustulund og samskiptahæfileikar
- Metnaður til að ná árangri
- Tæknimenntun eða menntun sem matreiðslumaður
- Árangur úr góðu sölustarfi
- Góð tölvufærni
- Góð kunnátta í ensku (tala/skrifa)

Upplýsingar veitir:

Katrin S. Óladóttir
katrin@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 18. maí nk.



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK Sími 520 4700
www.hagvangur.is



Allt fyrir hús, heimili og garða

BAUHAUS er ein af stærstu verslunarkeðjum á byggingasviði í Evrópu og rekur fleiri en 220 verslanir í 16 löndum. Hjá BAUHAUS er viðskipta-vinurinn alltaf í öndvegi, stjórnendur eru virkir og hvetja sitt fólk til dáða.

Afleysingar- og helgarstörf

Vegna aukinna umsvifa leitar BAUHAUS að góðu sölufólki í verslun og afgreiðslufólki á kassa

Hjá Bauhaus starfar samhentar hópur drífandi fólks í góðri vinnuaðstöðu þar sem ríkir skemmtilegur starfsandi.

